

**ÚRSKURÐUR  
ÓBYGGÐANEFNDAR**

**Mál nr. 4/2013**

**Vatnsnes**



**19. desember 2014**



---

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....	<b>2</b>
<b>2</b>	<b>MÁLMEÐFERÐ</b> .....	<b>2</b>
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar.....	2
2.2	Norðanvert Vesturland tekið til umfjöllunar.....	2
2.3	Lýstar kröfur og kynning.....	3
2.4	Mál nr. 4/2013, Vatnsnes.....	4
<b>3</b>	<b>KRÖFUGERÐ</b> .....	<b>6</b>
3.1	Kröfur íslenska ríkisins.....	6
3.2	Kröfur Húnaþings Vestra vegna Engjabrekku (Breiðabólstaðarafréttar) á Vatnsnesfjalli.....	6
<b>4</b>	<b>GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....	<b>7</b>
4.1	Inngangur.....	7
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar.....	7
4.3	Vettvangsferð.....	8
4.4	Skýrslutökur.....	8
<b>5</b>	<b>SAGA LANDSVÆÐA</b> .....	<b>9</b>
5.1	Landnám.....	9
5.2	Breiðabólstaðarafrétt (Breiðabólstaðarafrétt, Engjabrekka).....	9
5.2.1	Aðliggjandi og tengd svæði.....	32
5.2.1.1	Engjabrekka.....	32
5.2.1.2	Ásgarður.....	41
5.2.1.3	Ambáttarkot.....	45
5.2.1.4	Þorgrímsstaðir.....	47
5.2.1.5	Ásbjarnarstaðir.....	49
5.2.1.6	Tunga.....	50
5.2.1.7	Egilsstaðir.....	50
5.2.1.8	Tungukot.....	51
5.2.1.9	Hlíð á Vatnsnesi.....	52
5.2.1.10	Breiðabólstaður á Vatnsnesi.....	52
<b>6</b>	<b>NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR</b> .....	<b>56</b>
6.1	Efnisskipan og sameiginleg atriði.....	56
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar.....	56
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum.....	56
6.1.2.1	Yfirlit.....	56
6.1.2.2	Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir.....	57
6.1.2.3	Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis.....	60
6.1.2.4	Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna.....	63
6.2	Landnám.....	67
6.3	Breiðabólstaðarafrétt.....	67
6.3.1	Inngangur.....	67
6.3.2	Sjónarmið aðila.....	67
6.3.3	Niðurstaða.....	68
6.4	Um málskostnað.....	80
<b>7</b>	<b>ÚRSKURÐARORÐ</b> .....	<b>81</b>

---

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Föstudaginn, 19. desember 2014, er tekið fyrir mál nr. 4/2013, Vatnsnes, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson formaður óbyggðanefndar, Allan V. Magnússon varaformaður og Ása Ólafsdóttir.

Aðilar máls eru:

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Andri Árnason hrl.)

Húnaþing vestra vegna Engjabrekku.

(Ólafur Björnsson hrl.)

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

### 2.2 Norðanvert Vesturland tekið til umfjöllunar.

Með bréfi, dagsettu 21. febrúar 2008, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á Norðvesturlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið níunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, tók til Sveitarfélagsins Skagafjörður, Sveitarfélagsins Skagastranda, Skagabyggðar, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps vestan Blöndu, Húnaþings vestra, Borgarbyggðar (fyrir utan fyrrum Kolbeinsstaðahrepp), Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar. Með bréfi til fjármálaráðherra, dags. 28. október 2008, tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hafi verið að breyta fyrirhugaðri röð næstu svæða á þann

---

veg að taka svæði 7 norður (einnig nefnt 7 b) til umfjöllunar á undan svæði 8 og, að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, hafi einnig verið ákveðið að skipta svæði 8 í tvennt. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt Norðvesturland (8 norður). Vestur hluti hins upprunalega svæðis nefndis nú Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (8 vestur).

Landsvæðið Norðvesturland afmarkast svo:

Að vestan ræður Hrútafjarðará sem fylgt er að sýslumörkum Húnavatnssýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu á Arnarvatnsheiði. Sýslumörkum er fylgt austur að sýslumörkum Árnassýslu og er þeim einnig fylgt til austurs í Blöndu. Blöndu er fylgt norður að norðurmörkum fyrrum Bólstaðarhlíðarhrepps og er þeim fylgt austur að norðurmörkum fyrrum Seyluhrepps og þeim fylgt austur í Héraðsvötn. Héraðsvötnum er svo fylgt til ósa. Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Fjármálaráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. júlí 2009 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða.

Fjármálaráðherra var tilkynnt með bréfi, dags. 6. júlí 2009, að sbr. bráðabirgðaákvæði VII í lögum nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, myndi óbyggðanefnd ekki taka til meðferðar ný svæði né fjármálaráðherra lýsa kröfum ríkis um þjóðlendur fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2012. Hafði þetta í för með sér að fyrri ákvörðun óbyggðanefndar, um að veita íslenska ríkinu kröfulýsingarfrest til 31. júlí 2009, var úr gildi fallin.

Þann 23. júní 2011, var fjármálaráðherra tilkynnt um að mál þetta væri aftur tekið til meðferðar og honum veittur frestur til 9. janúar 2012 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Sýslumönnum og fyrirvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Húnaþings vestra, Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Kröfulýsingarfrestur fjármálaráðherra var fyrst framlengdur til 31. mars 2012 og síðar til 30. júní sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

### **2.3 Lýstar kröfur og kynning**

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á Norðvesturlandi bárust 2. júlí 2012. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingarblaðinu 5. júlí 2012, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 7. janúar 2013. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr.

---

58/1998. Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur þar til í febrúar 2013.

Kröfur fjármálaráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki og á Blönduósi, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki og á Blönduósi, frá 15. apríl til og með 15. maí 2013, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 22. maí 2013. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Vakin var athygli á kynningunni í fjölmiðlum. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í einum hluta. Á móti bárust 16 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

#### **2.4 Mál nr. 4/2013, Vatnsnes.**

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fjögur mál, þ.e. mál nr. 1/2013, Skagi; mál nr. 2/2013, Húnavatnshreppur; mál nr. 3/2013, Húnaþing vestra, syðri hluti og mál nr. 4/2013, Vatnsnes.

Mál nr. 4/2013 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 4. mars 2013. Gerð var grein fyrir skiptingu svæðisins í mál og því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Karl Axelsson formaður óbyggðanefndar og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Ása Ólafsdóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl til upplýsinga fyrir lögmenn, ásamt skjalaskrá, og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir tiltekin atriði af sinni hálfu og gera hið fyrsta athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga.

Við aðra fyrirtöku málsins, 21. mars 2013, var lögð fram, af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra og bókun um breytingar á kröfulínum ríkisins, dags. 21.3.2013. Að auki gerðu lögmenn aðila grein fyrir sáttum aðila sem leitt hafi til þess að ekki væri lengur gerðar kröfur inn á jarðir heldur nái kröfur ríkisins um þjóðlendur einungis til

---

afrétta. Efnislegur ágreiningur væri þó uppi varðandi tiltekin landsvæði. Loks var íslenska ríkinu veittur frestur til að skila greinargerð í málinu.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 29. apríl 2013, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til skila á greinargerðum. Að lokum var farið yfir tilhögun fyrirhugaðrar aðalmeðferðar.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 12. júní 2013, voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar.

Við fimmtu fyrirtöku málsins, 9. ágúst 2013, Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Farið var yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar.

Aðalmeðferð fór fram þann 26. september 2013 og skiptist í vettvangsskoðun, skýrslutökur og málflutning. Fundað var í félagsheimilinu á Hvammstanga. Um fyrstnefndu atriðin tvö vísast nánar til kafla 4.3. og 4.4. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Loks var málið endurupptekið 9. desember 2014 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Engar athugasemdir komu fram og ekki var talin þörf á endurflutningi og var málið því tekið til úrskurðar að nýju.

---

### 3 KRÖFUGERÐ

#### 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda, sbr. framlögð kröfukort: „Upphafspunktur er þar sem Seljagil sker Þorgrímsstaðaá (1). Þaðan er haldið í austur, eftir Seljagili á fjall upp (2). Er svo farið suður háfjallið, fram á móts við þröskuld úr Ásgarðsdalsbotninum (3). Þaðan er farið beint í vestur í Kaldaklofabröskuld í Ambáttardal (4). Ambáttardalsá er svo fylgt í norður þar til hún mætir Þorgrímsstaðaá (5). Ræður svo Þorgrímsstaðaá norður að upphafspunkti við Seljagil (1).“

#### 3.2 Kröfur Húnaþings Vestra vegna Engjabrekku (Breiðabólstaðarafréttar) á Vatnsnesfjalli

Þess er krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins til lands innan Engjabrekku á Vatnsnesi verði hafnað og viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan landamerkjanna þess landsvæðis sem íslenska ríkið hefur gert kröfu til að verði úrskurðuð þjóðlenda sbr. kröfulýsingu íslenska ríkisins, dags. 2. júlí 2012, þ.e. innan landamerkjanna fyrrgreindra jarðar, enda séu þau undirorpin óslitnum beinum eignarrétti landeigenda frá fornu fari.

Þá er sérstaklega mótmælt þeim sjónarmiðum er fram koma í greinargerð ríkisins, dagsettri 29. apríl 2013, og þess krafist að kröfu ríkisins um þjóðlendumörk verði hafnað.

Krafist er viðurkenningar á að landamerki þrætusvæðisins séu í samræmi við fyrirliggjandi landamerkjaskrár, hornpunktaskrá og uppdrætti landeigenda sbr. fyrirliggjandi gögn.

Litið er svo á að í kröfugerðinni felist jafnframt krafa um afnotarétt þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, komi til þess að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur hans á þrætusvæðinu fari svo að einhver hluti þeirra verði talinn til þjóðlendu. Í þeim afnotarétti felist öll venjubundin afréttarnot, að fornu og nýju, sem og þeim sem möguleg eru eða verða.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.



---

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1–8 ásamt undirskjölum eða samtals 237 skjöl, auk 19 hliðsjónargagna. Sjá nánar fylgiskjal nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatirði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáiast um einstök álitæfni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Pau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, skjal nr. 2. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

---

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins fimmtudaginn 26. september 2013, í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt var með í för starfsfólk óbyggðanefndar.

Ekið var frá Gauksmýri í Húnaþingi vestra heim að Þorgrímsstöðum. Litið var yfir kröfufsvæðið frá bæjarstæði Þorgrímsstaða en útsýni þaðan var gott yfir svæðið. Farið var yfir staðhætti og kennileiti. Lágskýjað var en vel sást í fjallsbrúnir og inn á fjallið Miðtungu (669 m y.s.). Lítillega sást inn á Ásgarðsdal. Land var gróið. Ummerki bæjarstæðis Engjabrekku voru skýr og sást vel hvar húsastæði og matjurtagarður voru. Einnig sáu óljós merki mannvista í landslagi þar sem talið er að Ásgarður hafi staðið yst á Ásgarðsdal. Að lokum var ekið á Hvammstanga, þar sem vettvangsferð lauk.

### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Agnar J. Levy fyrrverandi sveitarstjóri Þverárhrepps; Ásbjörn Guðmundsson, eigandi Þorgrímsstaða og Skúli Þórðarson, sveitarstjóri Húnaþings vestra.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

---

## 5 SAGA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu nær til, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Þar á eftir verður fjallað um jarðir og önnur landsvæði sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Er þar að mestu fylgt tímaröð.<sup>1</sup>

### 5.1 Landnám

Um landnám á Vatnsnesi hermir svo í *Landnámu* um landnám að norðan, norðaustanverðu og austanverðu:

Haraldr hringr hét maðr ættstórr; han kom skipi sínu í Vestrhóp ok sat hinn fyrsta vetr þar sem heita Hringstaðir. Hann nam Vatsnes útan til Ambáttarár fyrir vestan, allt inn til Þverár ok þar yfir af þveru til Bjargaóss ok allt þann vegar bjarga út til sjóvar ok bjó at Hólum.<sup>2</sup>

Sunnan landnáms Haraldar hrings segir svo í *Landnámu*:

Ormr hét maðr, er nam Ormsdal ok bjó þar.<sup>3</sup>

Í sömu heimild segir svo um landnám suðaustanvert á Vatnsnesi:

Sóti hét maðr, er nam Vestrhóp ok bjó undir Sótafelli.<sup>4</sup>

Um landnám Skinna-Björns, hermir *Landnáma* svo:

[...] hans son var Bjorn, er kallaður var Skinna-Bjorn, því at hann var Hólmgarðsfari; ok er honum leiddust kaupferðir, fór hann til Íslands ok nam Miðfjorð ok Línakradal.<sup>5</sup>

### 5.2 Breiðabólsafrétt (Breiðabólstaðarafrétt, Engjabrekka)

Í ítarlegum máldaga Jóns biskups Eiríkssonar fyrir Breiðabólstað, sem ársettur er 1360, kemur ekkert fram um afrétt á Vatnsnesi. Um landeignir kirkjunnar segir eftirfarandi:

Kyrckia a Breyda Bolstad j Vesturhopi a heima land allt. foss. Grund. Syda. Hurdarbak. Almanning. þorgryms stadi alla. Sygrydarstadi. Er syra Einar Haflidason gaf þa er herra Jon Byskup vygdi kyrckiuna. [...].<sup>6</sup>

---

<sup>1</sup>Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sbr. skjal nr. 6. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins.

<sup>2</sup> *Íslensk fornrit I*, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 215.

<sup>3</sup> *Íslensk fornrit I*, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 216. Í nmgr. útgefanda er gerð eftirfarandi athugasemd við orðið „nam“ í setningunni um landnám Orms: [B]yggði Þ[órðarbók]; sé þessi lesháttur úr M[elabók], sem líklegast er, bendir hann á að Ormur hafi þegið land að Sóta.

<sup>4</sup> *Íslensk fornrit I*, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 214.

<sup>5</sup> *Íslensk fornrit I*, Íslendingabók-Landnámabók, síðari hluti, (1968), bls. 212.

---

Í umboðsbréfi um Breiðabólstað í Vesturhópi, dagsettu þann 21. apríl árið 1430, er ekki minnst á afrétt á Vatnsnesi.<sup>7</sup>

Í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar fyrir Breiðabólskirkju í Vesturhópi, sem tímasettur er árið 1472, er getið um afrétt staðarins, en ekki er þessi afréttur nefndur nokkru nafni. Þar segir meðal annars:

Kirkian aa breidabolstad j vesturopi er helgut med gudi oc hinum heilaga olafui. hun aa allt heimaland. foss. grund. sida. hurdarbak. almenning. þorgrimsstadi alla. sig(ri)dastadi. er sira einar haflidason gaf. [...] Jtem lambseidi af hverium þeim bonda sem Rekur fie sitt j stadarins afrett.<sup>8</sup>

Um kirkjustaðinn Breiðabólstað í Vestarahópshreppi, hermir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 eftirfarandi um afréttarmál:

Afrjett til lambaupprekstrar á og hefur staðurinn þar sem kallað er Ásgarðsdalur og Ambáttardalur. Þángað sækir lambaupprekstur byggð öll kríngum Vatnsnes og Vesturhópsfjall, og geldur toll af til staðarhaldarans, so sem jarðabókin í báðum þessum hreppum útvísar.<sup>9</sup>

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 áttu eftirtaldir jarðir í Vatnsneshreppi, lambaupprekstur á Breiðabólstaðarafrétt fyrir toll er nam lambi af rekstri: Þóreyjargnúpur, Vatnshóll, Vatnshorn, Gauksmýri, Múli, Grafarkot, Vigdísarstaðir, Litli-Ós, Syðri-Vellir, Ytri-Vellir, Syðsti-Hvammur, Kirkjuhvammur, Helguhvammur, Gröf, Ytri-Kárastaðir, Almanningur, Dalkot, Hlíð, Sauðadalsá, Bergstaðir, Stapar, Syðri-Stapar, Ytri-Stapar, Illugastaðir, Geitafell, Gnýstaðir og loks Ánastaðasel.<sup>10</sup>

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vatnsneshrepp frá árinu 1705 áttu tvær jarðir í Vatnsneshreppi tollalausan lambaupprekstur á Breiðabólstaðarafrétt, annars vegar Ásbjarnarstaðir og hins vegar Þorgrímsstaðir, en hin síðarnefnda var í auðn á þeim tíma sem jarðabókin yfir Vatnsneshrepp var tekin saman.<sup>11</sup> Um afréttarmál Ásbjarnarstaða segir eftirfarandi í sömu heimild:

Afrjett á jörðin að sönnu ekki, en þó minnst enginn, að ábúendur hjer hafi goldið toll til Breiðabólstaðar fyrir sauðfjár- nje hestagöngu í staðarins landi, og geta menn so til, að það komi fyrir átroðning þann, sem þessi jörð líður af kvikfje því, sem gengur á staðarins afrjett. Nokkrir segja jörðin hafi selstöðu brúkað í Þorgrímsstaðalandi, ætla það hafi heldur verið fyrir toll eður góðvilja

---

<sup>6</sup> Skjal nr. 2(110).

<sup>7</sup> Skjal nr. 2(111).

<sup>8</sup> Skjal nr. 2(112).

<sup>9</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 195. Fjallað er um Breiðabólstað á bls. 195-197.

<sup>10</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 99-150.

<sup>11</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 145-148.

---

heldur en í skyldunafni, og efast að jörðin eigi nokkurn rjett til þeirrar selstöðu.<sup>12</sup>

Ánastaðasel, sem var eign og selstaða Ánastaða, er sögð eiga lambaupprekstur á Breiðabólstaðarafrétt fyrir toll.<sup>13</sup>

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vestarahópshrepp, er tekin var saman í nóvember árið 1705, áttu eftirtaldar jarðir í Vestarahópshreppi, lambaupprekstur á Breiðabólstaðarafrétt fyrir toll; Tunga, Flatnefsstaðir, Saurbær, Vík, Krossanes, Valdalækur, Súluvellir, Ósar, Hrásakot, Ægisíða, Kista, Sigríðarstaðir, vesturhópshólar, Þorfinnsstaðir, Þernumýri (Kolþernumýri, Mýri), Ytri-Þverá, Syðri-Þverá, Harastaðir, Klömbur, Hvoll, Grund, Böðvarshólar, Hörghóll, Hurðarbak, Bjarghús, Síða, Litla-Borg, Stóra-Borg, Vatnsendi og Gottorp.<sup>14</sup>

Um lambaupprekstur kirkjustaðarins Tjarnar í Vestarahópshreppi, hermir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 eftirfarandi:

Lambaupprekstur er í Breiðabólstaðaafrijet; ekki hafa staðarhaldararnir að Tjörn goldið toll þar af, menn vita ei hvort fyrir ljúfa líðunarsemi Breiðabólstaðamanna eður rjett Tjarnarmanna hafi það tollgjald óátalið hjá leiðst, eður í þriðju grein fyrir átroðning á kirkjujörðunni Túngu.<sup>15</sup>

Um lambaupprekstur kirkjustaðarins Vesturhópshóla í Vestarahópshreppi, hermir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 eftirfarandi:

Lambaupprekstur er á Breiðabólstaðarafrjett fyrir toll ut supra [þ.e. fyrir toll]. Er hann tekinn árlega, nema ljúflegur góðvilji á millum staðarhaldarans hjer og Breiðabólstaðar felli það niður.<sup>16</sup>

Um lambaupprekstur Katadals (Kattardals) á Vatnsnesi í Vestarahópshreppi, hermir *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 eftirfarandi:

Lambaupprekstur á Breiðabólstaðaafrijet, toll þar af vita menn ei hvort ábúendur hafi til Breiðabólstaðahaldara goldið eður frían fengið, fyrir átroðning þann, er þessi jörð líður af afrijetarpeningi.<sup>17</sup>

Þann 28. júlí árið 1749, var eftirfarandi fært inn í kirkjustólsbók Breiðabólstaðarkirkju um afrétt kirkjunnar, í kjölfar biskupsvísitasíu þann sama dag:

Hún [Breiðabólstarkirkja] á allt Heimaland, Foss, Grund, Sijdu, Hurðarbak, Almennijng, Þorgrijmsstade, alla Sigríðarstade, item Lamb Ellde af hverium þeim Bónða, sem rekur fie sitt i Stadarins afriett; [...].<sup>18</sup>

---

<sup>12</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 147.

<sup>13</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 120-121, 123-127.

<sup>14</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 151-217.

<sup>15</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 155.

<sup>16</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 180-181.

<sup>17</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 154.

<sup>18</sup> Skjal nr. 2(105) a-b.

---

Í vísitasíu að Breiðabólstað, þann 4. júní árið 1783, kemur fram að kirkjan eigi fjölda jarða á Vatnsnesi og að kirkjan innheimti lambstoll af þeim bændum er reka fé í afrétt kirkjunnar. Þar segir:

Anno 1783. Þann 4da Junii ad Breidabolstad i Vestarahopi Var Kyrkiann Þar Samastadar med hennar ornamentis og Instrumentis yfirlitinn og uppskrifud og fyrerfanst so asigkomenn sem filger.

[...]

Kyrkiann beheldur óllum hennar EygnarSkiölum, og brefumm, Hun ä Allt Heimaland Foss, Grund, Sijdu, Hurdarbak, Almanning, Þorgrijmsstade, alla Sigrydarstade. Item lambElde af hvöriumm þeim bónda er rekur fie sitt i Stadarens Afrett, med þeim Reka Itókum sem þeir authorizerudu mäldagar henne tilEinka.<sup>19</sup>

Þann 21. maí árið 1794, vísiteraði héraðsprófastur Húnavatnssýslu, séra Jónas Benediktsson, Breiðabólstað. Fram kom að lamba og geldfjárupprekstur væri hafinn að nýju í Breiðabólstaðarafrétt, og er svo á því að skilja að upprekstur í afréttina hafi fallið niður um tíma, en um hvað langan tíma uppreksturinn féll niður kemur ekki fram. Um þetta var eftirfarandi fært inn í kirkjustólsbók Breiðabólstaðarkirkju:

Lamba og geldfi<aru>pprextur er nu afftur upptekin i Breidabolstadar <a>friett, Enn koted Þorgrimsstader, ádur þar i ná<lægð> byggdt, var somu orsakar vegna friviliugt i Eyde sett og afmád.<sup>20</sup>

Í vísitasíu að Breiðabólstað, þann 14. desember árið 1797, kemur fram að kirkjan haldi öllum sínum eignum og réttindum sem henni hafa tilheyrt að fornu og nýju nema rekanum á Sigríðarstaðasandi.<sup>21</sup>

Eftirfarandi færslu um Breiðabólstaðarafrétt, er að finna í kirkjustólsbók Breiðabólstaðarkirkju árið 1805:

Lamba og geldfiár upprekstur á Breidabolstadar Afrett kalladre, hefur Stadarhaldaranum [eyða í skjali] ur [svo] um ár, frá Alldar Jnngáningnum, Líka sem enn nú, mi<s> Notalitill verid, og Jafnvel framar til Ó<gagns> enn Ábata; samt vigilerar hann fyrir ad hvörk<e> ted Kyrkiunn(a)r Rettugheit nie fiær Liggiandi Reka Jtak nordur i Ofeigs fyrdi a Strondum, gáangi undann henni.<sup>22</sup>

Í vísitasíu að kirkjunni að Breiðabólstað, þann 26. október árið 1805, kemur fram að upprekstur á Breiðabólstaðarafrétt hafi verið notalítill, og jafnvel frekar til ómaks en ábata. Þar segir:

Anno 1805 Þann 26ta Octobris visiteradi Prófastur Jonas Benedictsson Kyrkiuna ad Breidabolstad og Vid náqvæma adgiætlu, fyrir fann

---

<sup>19</sup> Skjal nr. 2(76) a-b.

<sup>20</sup> Skjal nr. 2(107) a-b.

<sup>21</sup> Skjal nr. 2(134) a-b.

<sup>22</sup> Skjal nr. 2(108) a-b.

---

[...]

Lamba og geldfiár Upprekstur á Breidabólstadar afrett so kalladri, hefur Stadarhaldaranum Nærstuml. ár frá Alldar Inngáginum, Líka sem enn nú miög Notalitill verid, og Jafnvel frammar til ómaks en ábata, samt vigilerar hann fyrir, ad hvörki téð [strikað yfir: hennar] Rettugheit Kyrkiunnar ne fiærliggiandi Reka Itak Nordur i Ófeigs Fyrde á Ströndum gangi Öldungis, undan henni.<sup>23</sup>

Í vísitasíu að Breiðabólstað, þann 8. júní árið 1817, kom m.a. eftirfarandi fram um Þorgrímsstaði og þá Breiðabólstaðarafrétt:

Kyrkjukotid Þorgrímsstadir er lagdt i Eydi sidan Breidabólstadar afrett á ni upptekin til Lamba uppreksturs. Stadarins Hiáleyga Foss liggur i Eydi Husalaus, sidan sál. Prófastur Sra Biarni og nærsti Efffirmadur hans notudu Kotsins Tun og Eyngiar til slægna so ecki yrdu onitar.<sup>24</sup>

Við prófastsvísitasíu að Breiðabólstað, þann 6. október árið 1819, kemur m.a. fram að kirkjan heimti lambeldi af hverjum þeim bónda er rekur fé í staðarins afrétt. Þar segir:

Breidibólstadur

Árid 1819, Þann 6 Octobr: kom Prófasturinn i Húnavatns Sýsslu Jón Jónsson ad Breidabólstad til ad visitera kyrkiuna; Hún á Heimaland allt, og þar ad auk þessar Jardir: Grund, 24 hndr., Sídu 24 hndr., Hurdarbak 16 hndr., Almenníng 12 hndr., Sigrídarstadi 12 hndr. – item Lambelldi af hverium þeim bónda, sem rekr Fie sitt i Stadarins Afriett; Allan Reka fyrir Alemnníng á Vatnsnesi; Þriá Veididrætti fyrir nordan Faxalæk; Reka á Ströndum i Ófeigsfyrdi, frá Hesthamri i Hróteyarkleif, og frá Hróteyarkleif i Votuhellu.<sup>25</sup>

Þann 30. ágúst árið 1833, var eftirfarandi fært inn í kirkjustólsbók Breiðabólstaðarkirkju um afrétt kirkjunnar, í kjölfar biskupsvísitasíu þann sama dag:

Hún [Breiðabólstaðarkirkja] á <ef>tir b(isku)ps Olafs máldögum og biskupa visitatium, alt <he>imaland, Fossgrund, Sídu, Hurdarbak, Almenníng, <Þ>orgrímsstadi alla, Sigrídarstadi, item Lambelldi af <hv>erjum þeim bónda, sem rekur fje sitt i Sta<darins> afrétt, [...].<sup>26</sup>

Í vísitasíu að Breiðabólstað, þann 30. nóvember árið 1836, kemur eftirfarandi fram:

Breidabólsstadur

Árid 1836 þann 30ta Nov: visiteradi Prófastur i Húnavatns Sysslu Jón Pétursson Kyrkjuna á Breidabólsstad i Vesturhópi. Hún á eptir Biskups Ólafs máldögum og Biskupa Vísitatium allt Heimaland, Fossgrund, Sídu,

---

<sup>23</sup> Skjal nr. 2(77) a-b.

<sup>24</sup> Skjal nr. 2(78) a-b.

<sup>25</sup> Skjal nr. 2(79) a-b.

<sup>26</sup> Skjal nr. 2(109) a-b.

---

Hurðarbak; Almenníng; Þorgrímsstadi; alla Sigríðastadi; ítem Lambeldi af hvöríum þeim bónda sem rekur Fé sitt í Stadarins afrett, ítem tvo hluti í Reka nidri á Sandi, austur að Brandslóni og í Stórgygi; Ásgard gamalt eidiból. Sigríðastada Sands Reka allann úr Sigríðastada vatns ós austur að Brandslóni og í Staurgygid, allann Reka fyrir almenníngi á Vatnsnesi, Þríá veidi drætti fyrir nordann Faxalæk. Reka á Ströndum í Ófeigsfyrdi frá Hesthamri í Hróteyar Kleif og frá Hróteyarkleif í votuhellu.<sup>27</sup>

Í sóknarlýsingu Breiðabólstaðar- og Víðidalstungusókna, frá árinu 1839, svarar séra Jón Þorvarðarson hvaða kirkjujarðir liggi til kirkjunnar og hver ítökin séu, með eftirfarandi hætti:

**43. Kirkjujarðir, ítök.** Til Breiðabólstaðar: Grund, Síða, Hurðarbak, Almenníngur, Þorgrímsstaðir, Sigríðarstaðir. Til Víðidalstungu: Sporður, Kolugil, *Hrafnsstaðir* [svo skrifað, en mun þó líkast til vera átt við Hrappstaði]. Trjáviðarítök eru þar á Vatnsnesi.<sup>28</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Kirkjuhvammi þann 13. maí 1840, fól séra J. Tómasson, séra Ö. Sívertsen alla umsjón með Þorgrímsstaðaafrétti, umönnun og hreinsun. Þessi ráðstöfun var færð til bókar með eftirfarandi hætti:

18. Lesinn fullmakt prestsins sira J. Thomasarsonar hvar með hann felur prestinum Ö. Sívertsen alla umsjón með Þorgrímsstada-afrétt og alla umönnun og hreinsun m.m. dagsett 11<sup>da</sup> apríl þ. á. með þar áteiknadri Promemoriu prestsins sira Ö. Sívertsens þessa a[f]rett ahrærandi 8<sup>da</sup> þ. m.<sup>29</sup>

Á manntalsþingi, höldnu að Kirkjuhvammi þann 18. maí 1842, var upplestin aðvörun Jóhanns Þórðarsonar í Dalkoti til allra þeirra er fé vilja reka á Þorgrímsstaðaafrétt, dagsett deginum áður. Aðvörunin var færð til bókar með eftirfarandi hætti:

9. d<sup>to</sup> advörun Bónða Johans Þórðarsonar á Dalkoti til allra þeirra er fé vilja reka á Þorgrímsstadar afrétt af gjærdags Dato.<sup>30</sup>

Í úttekt að Breiðabólstað, þann 4. júní árið 1846, kemur eftirfarandi fram:

Breiðabólstaðar úttekt.

[...]

Kirkjan

Hún á eptir biskups Olafs Máldaga, og biskups Visitatium allt Heimaland, Foss, Grund, Síðu, Hurðarbak, Almenníng, Þorgrímsstadi, alla Sigríðarstadi, ítem Lambeldi af hvörjum þeim bónda, sem rekur fje sitt í Stadarins Afrétt, ítem 2 hluti í Reka nidri á Sandi austur að Brandslóni, og í Staurgygi, Ásgard, gamalt Eyðiból Sigríðarstada. Sandsreka allan úr Sigríðarstada Vatnsós

---

<sup>27</sup> Skjal nr. 2(80) a-b.

<sup>28</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 61-62.

<sup>29</sup> Skjal nr. 2(103) a-b.

<sup>30</sup> Skjal nr. 2(104 a-b).



---

austurad Brandslóni, og í Staurgýgid (Þessi rekaítök sýnast nú vera töpuð kirkjunni, eptir biskupsbréfi, dagsettu [eyða]). Allann reka fyrir Alemnníngi á Vatnsnesi, Þrjá Veididrætti fyrir nordan Faxalæk, Reka á Ströndum í Ófeigsfyrdi frá Hesthamri í Hróteyjarkelif, og frá Hróteyjarkleif í Votuhellu. Hún á og 17 kúgildi.

Kirkjujardirnar eru nú þannig bygdar:

Grund 24 hndr. med 110 al. Landskuld og 2 kúgildum.

Síða 24 hndr. med 110 al. Landskuld og 2 kúgildum.

Hurdarbak 16 hndr. med 90 al. Landskuld og 2 kúgildum.

Almenníngur 12 hndr. med 60 al. Landskuld og 2 kúgildum.

Sigríðarstadir 16 [leiðrétt úr 12] hndr. med 40 al. Landskuld og 2 kúgildum.

Þorgrímsstadir 16 hndr. med 1 hndr. Landskuld og 2 kúgildum.

Bjarghús hjáleiga med 60 al. Landskuld og 2 kúgildum.

Foss dito [þ.e., hjáleiga] med 40 al. Landskuld og 1 kúgildum.

[...]

Afréttartollarnir eru nú bygdir bóndanum á Þorgrímsstöðum med Jördinni, og eru þeir þar fyrir innifaldir í Landskuldarafgjaldi hans.<sup>31</sup>

Í Jarðatali J. Johnsens frá árinu 1847 kemur fram að jörðin Tjörn á Vatnsnesi eigi engjateig fram í Þorgrímsstaðadal og að jörðin eigi einnig lambaupprekstur í Breiðabólstaðarafrétt:

Tjörn á Vatnsnesi, [...] og eru útheyslægjur að sínu leiti eigi betri, nema öðruhverju eingjateigur sá, er Tjörn á fram í Þorgrímstaðadal, og fást þar ástundum 60 hestar af góðu fóðurhevi. [...] Tjörn á lamba-upprekstur í Breiðabólstaðar afrétt.<sup>32</sup>

Í kafla um Tjörn á Vatnsnesi í brauðamati fyrir kirkjur Íslandi frá árinu 1854, er frír lambaupprekstur í Breiðabólstaðarafrétt, talinn upp á meðal tekna Tjarnar af ískyldum, ítökum og hlunnindum. Þar segir:

Frí lamba-upprekstur í Breiðabólstaðar afrétt.<sup>33</sup>

Í kafla um Breiðabólstað í Vesturhópi í brauðamati fyrir kirkjur Íslandi frá árinu 1854, eru leigutekjur af Breiðabólstaðarafrétt í Vatnsnesfjalli taldar fram á meðal tekna staðarins af ískyldum, ítökum og hlunnindum prestakallinu „eptir máldögum þess og skjölum“. Þar segir:

b) Öðrum leigð:

---

<sup>31</sup> Skjal nr. 2(81) a-b.

<sup>32</sup> Skjal nr. 4(34).

<sup>33</sup> „Brauðamat á Íslandi“. *Skýrslur um landshagi á Íslandi*. (bls. 430-543, 593-851). 2. árg., 2.b., 1861, bls. 744-745.

---

1. Breiðabólstaðar afrétt í Vatnsnessfjalli leigð fyrir 20 pd. hvítrar ullar og 20 pd. tólgar [fyrir] 7 [ríkisdali] 60 [skildinga].<sup>34</sup>

Í sóknarlýsingu Vesturhópshólasóknar, frá árinu 1858, skrifar séra Sigfús Jónsson eftirfarandi í kafla um afréttir í sókninni:

**32. Afréttir.** Í þessari sókn eru engin veruleg afréttarlönd. Þó fá nokkrir bæir upprekstur í Þverárlandi á fjallinu, og einstakir sleppa og í heimalönd sín, en fleiri hafa rekið lömb sín í svokallaða *Breiðabólstaðarafrétt*, sem liggur í Ásbjarnarstaðadal í Tjarnarsókn, og er þar dæmdur upprekstur til forna. En þetta afréttarland er svo lítið og ónógt, að mestur hluti geldfjár gengur í heimalöndum jarða þeirra, er mest eiga land á fjallinu, og ofan í búfjárhagana, sem mjög spillir málnytu manna, einkum síðan fé fjölgaði á seinni árum.

Allir búendur í þessari sókn sækja réttir að Þorgrímsstöðum í Ásbjarnarstaðadal. Er þar lögrétt flestra Vatnsnesinga og Vesturhópsinga. Um nokkur ár var aukarétt haldin á Neðri-Þverá, en nú er hún aftur aflögð. Þorgrímsstaðaréttir hafa venjulega verið haldnar laugardaginn í 22. viku sumars.<sup>35</sup>

Árið 1863 fékk Ólafur Jónsson á Vík greidda 7 ríkisbankadali fyrir að liggja á svokölluðu Svarthólagreni í Ásgarðsdal.<sup>36</sup>

Árið 1864 fékk Sigurður Sigurðsson á Þorgrímsstöðum greiddan 1 ríkisbankadal og 32 skildinga fyrir að vaka á svokölluðu Hrútaskálagreni í Ásgarðsdal. Ólafur Jónsson á Katadal fékk greidda 2 ríkisbankadali og 24 skildinga fyrir að vera 2 sólarhringa á Hrútaskálagreni sama ár.<sup>37</sup>

Skyttan Guðmundur Ólafsson fékk greidda 3 ríkisbankadali árið 1866, fyrir að liggja þrjá sólarhringa á greni í svokallaðri Hrútaskál, sem sögð er vera í Þorgrímsstaðalandi.<sup>38</sup>

Árið 1867 fékk skyttan Ólafur Jónsson á Gnýstöðum greidda 6 ríkisbankadali og 16 skildinga, fyrir að liggja á svokölluðu Svarthólagreni á Þorgrímsstaða-afréttarlandi, hálfan þriðja sólarhring.<sup>39</sup>

Árið 1868 fékk skyttan Guðmundur á Ósum greidda 6 ríkisbankadali og 10 skildinga fyrir að liggja á greni í Þorgrímsstaðaafrétt í tvo og hálfan sólarhring. Sama ár fékk Bjarni Jóhannesson greiddan 1 ríkisdal og 64 skildinga fyrir vöku á greni „í afréttinni“, eins og þar segir, í tvo sólarhringa.<sup>40</sup>

Árið 1869 fékk skyttan Björn Sigfússon greidda 5 ríkisbankadali og 12 skildinga fyrir að vera á greni í Þorgrímsstaðaafrétt í þrjá sólarhringa. Sama ár fékk

---

<sup>34</sup> „Braudamat á Íslandi“. *Skýrslur um landshagi á Íslandi*. (bls. 430-543, 593-851). 2. árg., 2.b., 1861, bls. 747-749.

<sup>35</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Húnavatnssýslu 1839-1873 I*, (1950), bls. 53-54.

<sup>38</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>39</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>40</sup> Skjal nr. 2(114).

---

Bjarni Guðmundsson á Þorgrímsstöðum greidda 4 ríkisbankadali og 84 skilinga fyrir vöku á sama greni í þrjá sólarhringa.<sup>41</sup>

Árið 1870 fékk skyttan Guðmundur á Ósum greidda 6 ríkisdali og 36 skilinga fyrir að vera á greni í Þorgrímsstaðaafrétt um þriggja sólarhringa skeið.<sup>42</sup>

Árið 1871 fékk skyttan Guðmundur á Ósum greidda 4 ríkisbankadali og 36 skilinga skilinga fyrir að vera á greni í Þorgrímsstaðaafrétt um þriggja sólarhringa skeið.<sup>43</sup>

Árið 1872 fékk skyttan Björn Sigfússon á Tjörn greidda 5 ríkisbankadali og 88 skilinga fyrir að vera á greni í Þorgrímsstaðaafrétt í þrjá sólarhringa.<sup>44</sup>

Á meðal útgjaldaliða Þverárhrepps, vegna reikningsársins 1879–1880, er kostnaður vegna refaveiða og þá kostnaður við að hirða fé hreppsins í Vatnsdalsrétt „og að leita afrjettina“.<sup>45</sup>

Árið 1881 fékk Friðrik á Þorgrímsstöðum greiddar 12 krónur og 80 aura fyrir að liggja á greni í Svarthólaurð.<sup>46</sup>

Pann 6. júlí 1887 voru landamerki jarðarinnar Þorgrímsstaða á Vatnsnesi og Breiðabólstaðarafréttar, hvort tveggja eign Breiðabólstaðarkirkju, ákveðin. Þetta var upplesið á manntalsþingi að Stóruborg, 1. júní 1891, og fært inn í í landamerkjabók Húnavatnssýslu. Landamerkjabréfið hljóðar svo:

No. 263.

Landamerki jarðarinnar Þorgrímsstaða á Vatnsnesi og Breiðabólstaðarafréttar, sem hvorttveggja er eign Breiðabólstaðarkirkju.

Fyrir austan Þorgrímsstaðaá ræður að norðanverðu Seljagil á fjall upp, þaðan lína suður há fjallið (eptir því sem vörnum hallar) fram á móts við Þröskuld, úr Ásgarðsdalsbotninum og beint vestur í Kaldaklofaþröskuld, þaðan norður háfjallið fyrir vestan Ambáttardal, norður í Brunahóla, í svo nefndan Landamerkjastein, merktan L.M, og svo sjónhending frá honum austur í Brún þar sem Merkjagil fellur ofan, og eins og það ræður ofan í Þorgrímsstaðaá.

Breiðabólstað 6. júlí 1887.

Gunnlaugur Halldórsson prestur að Breiðabólstað.

Samþykkir landamerkjaskrá þessari erum vjer:

B.G. Blöndal Umboðsmaður þjóðjarðanna: Egilsstaða Bergsstaða, Illugastaða og Ásbjarnastaða.

Eggert Ásmundason eigandi Sauðadalsár.

Jón St. Þorláksson prestur á Tjörn.

---

<sup>41</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>42</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>43</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>44</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>45</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>46</sup> Skjal nr. 2(114).

---

B. Jónsson bóndi á Syðri-Þverá.

E.Ó. Jónsson eigandi að Efri Þverá.

Þ.S. Þorláksson eigandi Neðri Þverár.

Lesið á manntalsþingi að Stóruborg, hinn 1. júní 1891, og innfært í landamerkjabók Húnavatnssýslu, No. 263, fol. 137.

Vottar:

Jóh. Jóhannsson

settur.<sup>47</sup>

Árið 1890 fékk Jón Ólafsson á Þorgrímsstöðum greiddar samtals 11 krónur og 20 aura fyrir að liggja á Svarthólarurðargreni.<sup>48</sup>

Vorið 1891 komu upp deilur vegna grenjavinnslu á vestanverðum Ambáttardal sem snerust um hvort grenið tilheyrði heimalandi Þorgrímsstaða eða afréttinni og hver bæri því að greiða kostnaðinn af vinnslunni. Deilan leystist ekki fyrr en haustið 1898 þegar mörkin milli Þorgrímsstaða og afréttarinnar voru ákveðin. Í mars 1899 ritaði Baldvin Eggertsson í Helguhvammi bréf til Sýslunefndar Húnavatnssýslu þar sem hann gerði grein fyrir deilunni. Bréfið hljóðar svo:

Í athugasemdum við jafnaðarreikning Kirkjuhvammshrepps fyrir árið 1897–98 hefir yfirskoðunarmaður sveitarsjóðareikninganna tekið fram, að hreppsnefndinni beri að færa sönnur fyrir því að skuld sú, er í nefndum reikningi er talin borguð til mín, sje eigi áður borguð, og í öðru lagi, að henni hefi verið skylt að greiða hana.

Í tilefni af þessu vil jeg leifa mjer hjer með að skýra í fám orðum frá því hvernig í þessu máli liggur, og hvernig á því stendur, að skuld þessi hefir eigi verið borguð fyrr en þetta.

Vorið 1891 fannst gren í svokölluðum Nauthólum í vestanverðum Ambáttardal fyrir framan Þorgrímsstaði, af þáverandi ábúanda Þorgr(íms)staða Jóni sál. Ólafssyni. Eptir fyrirmælum í grenjaleitaseðli frá hreppsnefndinni, var Jón útnefndur sem skytta í útparti hreppsins, og lá hann því á þessu greni og vann það að miklu leyti. Þegar hann svo eptir á sendi þáverandi oddvita hreppsnefndarinnar í Kirkjuhvammshreppi Ingimundi Jakobssyni reikning yfir kostnað á greni þessu, þá neitaði hann að borga, að minnsta kosti að svo komnu, meðal annars af þeirri ástæðu að grenið myndi liggja í afrjettinni, og vísaði honum til hreppsnefndarinnar í Þverárhreppi. Þegar til hennar kom, neitaði hún sömuleiðis að borga fyrir gren þetta, og áleit það tilheyra Kirkjuhvammshreppi. Jón fór því á ný til oddvita Ingimundar, en fjeck aðeins sömu svör og áður. Þegar hann hafði þannig árangurslaut leitað til hreppsnefndanna um borgun á skuld þessari um haustið og veturinn 1891–92, kom hann eitt sinn og fann Ingimund, og nefndi þá við

---

<sup>47</sup> Skjal nr. 2(1).

<sup>48</sup> Skjal nr. 2(114).

---

hann skuld þessa. Í heimleiðinni kom Jón til mín með þau orð frá Ingim(undi) að jeg sem gjaldkeri ætti að borga honum optnefnda skuld sem jeg og gjörði, og ávísaði honum uppí það 12 kr. hjá Ólafi föður hans á Gnýstöðum, er var ógreitt útsvar frá haustinu áður. Þegar svo oddviti Ingimundur gjörði jafnaðarreikninginn, neitaði hann að taka nefnda skuld til greina sem borgaða af sveitarsjóði, og bar fyrir að hann hefði meint annað gren, en sem eigi var neitt um að ræða, en aðeins misminni og misskilningur hans.

Jeg hefi síðan optar en einu sinni farið fram á við hreppsnefndina hjer í hreppi að mjer yrðu borgaðar aptur nefndar krónur, en hún hefur færzt undan því, og eigi viljað grei[ða] þessa skuld af sveitarsjóði fyr en afgert væri um merki milli afrjettarinnar og heimalandsins, og það yrði ofaná, að gren þetta væri í heimalandinu, og þannig tilheyrandi Kirkjuhvannshreppi.

Að þetta hefur legið svona þessi ár, kemur til af því, að eigi hefur verið gjörð gangskör að því að merki þessi væru ákveðin, hvorki af hreppsnefndinni eða öðrum, þartil nú síðastl(iðið) ár, að jeg fór fram á það við umráðamann jarðarinnar að merkin væru ákveðin. Og í annan stað hafði núverandi ábúandi Þorgrímsstaða á næstl(iðnu) vori farið fram á það sama.

Eptir landslagi og fl(eiru) er þessi skipting á landi heimalands Þorgrímsstaða og afrjettarinnar lang eðlilegust og rjettust, og er það álit flestra kunnugra manna. Það virðist því eigi ástæða t[il] að ætla að skipting á áðurnefndum löndum hefði orðið á annan veg, eða önnur merki, en hin núverandi umráðamaður þegar hefur ákv[æ]ði þau, þó þau hefðu verið gjörð fyrri.

Jeg hefi nú skýrt frá aðalatriðunum viðvíkjandi þessu máli og vona jeg að hin háttvirta sýslunefnd leifi fyrir sitt leyti, að við það megi standa sem hreppsnefndin hefur gjört í þessu efni.

Skrifleg yfirlýsing frá umráðamanni jarðarinnar Þorgrímsstaða, herra Hálfdáni presti Guðjónssyni er send hjermeð.

Helguhvammi 2. marz 1899.

B. Eggertsson.<sup>49</sup>

Þann 13. febrúar árið 1893, átti meirihluti hreppsnefndar Þverárhrepps fund í Klömbrom, ásamt tveimur hreppsnefndarmönnum úr Kirkjuhvammshreppi. Tilgangur fundarins var sá að undirbúa málið um notkun afrétta, undir væntanlega sýslunefndarfund, að því er snerti Vatnsnesfjall. Í hreppsþókina sjálfa er eftirfarandi ritað:

Kom fundarmönnum saman um að mál þetta þirfti ítarlegri undirbúning, einkum hvað snerti ítölu í lönd þau, er notuð eru til upprekstrar. Hvað það snertir hvort Vatnsneshrepparnir hefðu nægilegt upprekstrarland firir sig, þá var það álit fundarmanna, að þeir mundu hafa nægilegt upprekstrarland firir

---

<sup>49</sup> Skjal nr. 4(59).

---

sauðfénað sinn, en ekkert upprekstrarland fyrir hross sín, og ættu þau því algjörlega að útilokast.

Til þess að undirbúa málið álitu fundarmenn, að nauðsynlegt væri, að haldnir væru almennir bændafundir í báðum hreppunum, til að undirbúa ítölumat, skildu þær þ og afhenda það svo hreppsnefndum sínum, skildu þær þá kjósa sinn manninn hvor til að endurskoða mat þetta í hendur dómkvaddra manna. Ennfremur var þess farið á leit við prestinn í Breiðabólstað [síðuskipti] hvort hann mundi geta fallist á, að upprekstrarland Þorgrímsstaða, sem er kirkjujörð frá Breiðabólstað, væri selt sveitarfélagi Þverárhrepps, og kvaðst hann vera því meðmæltur, ef viðunanlegt verð fengist fyrir það. Einnig áleit fundurinn að æskilegast væri, að Kirkjuhvammshreppur fengi keipt upprekstrarland Túngukots, kirkjujarðar frá Melstað, með það að sveitirnar mættu ekki missa fleiri upprekstrarlönd.

Loks skoraði fundurinn á síslunefndarmenn beggja hreppa, sem báðir voru viðstaddir, að fara þess á leit við síslunefndina, að hún frestaði enn eitt ár að semja Reglugjörð um notkun afrétta o.s.frv.

Fundu slitið

Jón M. Þorláksson, P[étur] E[mil] J[úlíus] Halldórsson,

J. Jakobsson, B. Eggertsson, Þ[orlálkur] S[ímon] Þorláksson,

Þorl[ákur] S[igurgizur] Guðmundsson.

Rétt eptir frumritinu

Vitnar

Jón M. Þorláksson.<sup>50</sup>

Samkvæmt gjörðabók Þverárhrepps 1893–1910, greiddi hreppurinn 6 krónur fyrir smölu a Þorgrímsstaðaafrétti.<sup>51</sup>

Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur eftirfarandi fram um afréttarnot Þverárhrepps í afrétt Breiðabólstaðarkirkju í Vatnsnesfjalli :

FRUMVARP FRÁ 1894

til reglugjörðar um notkun afrétta

í Húnavatnssýslu.

[...]

IX. Þverárhreppur.

Íbúar Þverárhrepps noti heimalönd hreppsins sem upprekstrarlönd, að svo miklu leyti sem þau vinnast til, og einnig afrétt Breiðabólstaðarkirkju í Vatnsnesfjalli, eftir nánari fyrirmælum og niðurröðun hreppsnefndarinnar

---

<sup>50</sup> Skjal nr. 2(117).

<sup>51</sup> Skjal nr. 2(118).

---

hvernig nota skuli. En þær jarðir hreppsins, sem liggja austan Bjarga: Ásbjarnarnes, Gottorp, Vatnsendi, Stóra-Borg, Litla-Borg og Síða skulu eiga upprekstur á Víðidalstunguheiði.

[...]

Á aukaneftardarfundum á Blönduósi 24. febr. 1894.

*B.G. Blöndal. Pjetur Pjetursson.*

*P. S. Þorláksson. Þorvaldur Bjarnason.*

Af þeim ástæðum sem enn skulu undir umræðum málsins á sýslufundi framteknar, er

Ósamþykktur

*Á. Á. Þorkelsson*<sup>52</sup>

Samkvæmt reikningi Þverárhrepps um kostnað við eyðingu refa, árabilið 1898–1899, fékk Gunnar Jóhannsson á Þverá greitt fyrir grenjaleit um tveggja ára skeið í Þorgrímsstaðaafreitt.<sup>53</sup>

Yfirlýsing Hálfðánar Guðjónssonar prests, frá 28. október 1898, um uppskiptingu heimalands og afreittar Þorgrímsstaða hljóðar svo:

Jeg undirritaður umráðamaður jarðarinnar Þorgrímsstaða í Kirkjuhvammshreppi lýsi því hjer með yfir að jeg hefi byggt tjéða jörð með þessum merkjum að austan og sunnan: Jörðinni fylgir allt landið vestan Ambáttarár suður í Kaldaklofaþröskuld. Að öðru leyti eru landamerki jarðarinnar ákveðin með landamerkjabrjefi dags. 7. júlí 1887, þinglesnu á manntalsþingi að Stóruborg 1. júní 1891.

Breiðabólsstað, 28. okt. 1898

Hálfðán Guðjónsson.<sup>54</sup>

Þann 4. febrúar 1899 var gengið frá fullri greiðslu vegna grenjavinnslu í Kirkjuhvammshreppi. Kvittunin útgefin af Baldvini Eggertssyni hljóðar svo:

Að upphæð sú (12 kr. 20 au.) sem tilfærð er í jafnaðarreikningi Kirkjuhv(amms)hrepps fyrir 1897–98 (gjaldlið 7 stafl. f) sje mjer að fullu greidd af hreppsnefndinni, - það viðurkennist hjer með og kvittast fyrir.

Helguhvammi 4. febr. 1899

Baldv. Eggertsson.<sup>55</sup>

---

<sup>52</sup> Skjal nr. 2(130) a-b.

<sup>53</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>54</sup> Skjal nr. 4(57).

<sup>55</sup> Skjal nr. 4(58).

---

Samkvæmt gjörðabók Þverárhrepps 1893–1910, greiddi hreppurinn 8 krónur til séra Hálfðáns Guðjónssonar á Breiðabólstað í júní árið 1899, fyrir tveggja ára grenjaleit á Þorgrímsstaðaafrétt.<sup>56</sup>

Samkvæmt reikningi Þverárhrepps um kostnað við eyðingu refa, árabilið 1899–1900, var keypt skytta til að liggja á Svarthólaurðargreni. Þá var Jóhannesi á Þorgrímsstöðum greitt fyrir grenjaleit í „afréttinni“.<sup>57</sup>

Samkvæmt reikningi Þverárhrepps um kostnað við eyðingu refa, árabilið 1900–1901, þáði Jóhannes Jóhannsson greiðslu fyrir grenjaleit í „afréttinni“.<sup>58</sup>

Samkvæmt reikningi Þverárhrepps um kostnað við eyðingu refa, árabilið 1901–1902, þáði Jóhannes Jóhannsson á Þorgrímsstöðum greiðslu fyrir tvær grenjaleitir í Þorgrímsstaðaafrétt.<sup>59</sup>

Samkvæmt reikningi Þverárhrepps um kostnað við eyðingu refa, árabilið 1902–1903, þáði Jóhannes Jóhannsson á Þorgrímsstöðum greiðslu fyrir grenjaleit „á Afréttinni“ um vorið 1902.

Samkvæmt reikningi Þverárhrepps um kostnað við eyðingu refa, árabilið 1903–1904, þáði Jóhannes Jóhannsson á Þorgrímsstöðum greiðslu vegna kaupa á skyttu sem lá á greni í „Afréttinni“ um tveggja sólarhringa skeið. Þá var einnig greitt fyrir grenjaleit á „Afréttinni“.<sup>60</sup>

Samkvæmt reikningi Þverárhrepps um kostnað við refaveiðar, árabilið 1904–1905, fékk Jóhannes á Þorgrímsstöðum greitt fyrir mann í grenjaleit á Þorgrímsstaðaafrétt.<sup>61</sup>

Samkvæmt reikningi Þverárhrepps um kostnað við refaveiðar, árabilið 1905–1906, fékk Jóhannes á Þorgrímsstöðum greitt fyrir mann í grenjaleit á Þorgrímsstaðaafrétt.<sup>62</sup>

Samkvæmt reikningi Þverárhrepps um kostnað við refaveiðar, árabilið 1906–1907, fékk Jóhannes á Þorgrímsstöðum greitt fyrir mann í grenjaleit á Þorgrímsstaðaafrétt.<sup>63</sup>

Samkvæmt reikningi Þverárhrepps um kostnað við refaveiðar, árabilið 1907–1908, fékk Jóhannes á Þorgrímsstöðum greitt fyrir mann í grenjaleit í „Afréttinni“.<sup>64</sup>

Í fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916, segir eftirfarandi um afréttarmál Þverárhrepps og Kirkjuhvammshrepps:

---

<sup>56</sup> Skjal nr. 2(120).

<sup>57</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>58</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>59</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>60</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>61</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>62</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>63</sup> Skjal nr. 2(114).

<sup>64</sup> Skjal nr. 2(114).



---

Sameiginlegt fyrir allan Þverárhrepp og Kirkjuhvammshrepp, að þeir eiga ekkert upprekstrarland -utan heimalöndin – sem hinir hreppar síslunnar eiga allir. Verður því að hafa allan fjenað í heimalöndum allt sumarið, til stórs бага í slægjum. Er sauðfje á þessu svæði rírara til frálags, einkum í miklum hluta Þverárhrepps, heldur en hitt, sem gengur á afrjettinn.<sup>65</sup>

Í símskeyti Fossanefndar, dags. 3. apríl 1918, til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum kemur fram að nefndin telji vatnsréttindin ótvíræða almenningseign. Símskeytið er svohljóðandi:

Fossanefndin hefir skýrt Stjrinu frá því, að hún hafi komist að þeirri niðurstöðu, að vatnsrjettindi sjeu ótvírætt almenningseign, þó að einstakir menn einn eða fleiri eigi beitirjett þar, og telur nefndin alla þá sölusamninga ólögmeta, sem hreppafjelög, er eiga afrjett í óbyggðum, kynnu að hafa gjört um rjettindi, er þau telja sig eiga til vatns og vatnsafla í afrjettum sínum. Samkvæmt þessu skal yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni (unum) í umdæmi yðar, að landsstjórnin vegna landssjóðsins gjörir tilkall til allra vatnsrjettinda á afrjettum, þar sem tveir eða fleiri eiga eða hafa átt saman sumarbeit og geldfjárbeit.<sup>66</sup>

Í bréfi dagsettu þann 29. desember árið 1919, fór Stjórnarráð Íslands þess á leit við alla sýslumenn á Íslandi, að þeir tækju saman skýrslu hver fyrir sig, um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta.<sup>67</sup>

Í svarbréfi sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 28. apríl 1920, til Stjórnarráðsins vegna fyrirspurnarinnar frá 29. desember 1919 um almenninga og afrétti, kemur fram að sýslumaður hafi aflað umsagna hjá hlutaðeigandi hreppstjórum og telji hann engin landsvæði í umdæmi sínu falla undir þá skilgreiningu nema hina svonefndu Almenninga í Skagaheiði.<sup>68</sup>

Í svari Th. Bjarnasonar, hreppstjóra Kirkjuhvammshrepps, dags. 23. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu, kemur m.a. eftirfarandi fram:

[...] um slík svæði eða afrjettarlönd er alls ekki að ræða hjer í hreppi. Allur hreppurinn er heimalönd, sem tilheira lögbílum.<sup>69</sup>

Í svari Eggerts Levy hreppstjóra Þverárhrepps, dags. 5 mars 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Húnavatnssýslu kemur m.a. eftirfarandi fram um Breiðabólstaðarafrétt:

[...] Það eina afrjettarland sem til var hjer heima í Þverárhreppi var eign landsjóðs, hin svonefnda Breiðabólstaðar afrjett, er nú samkvæmt samkomulagi við Stjórnarráð Íslands undir lögbýli – Engjabrekka.<sup>70</sup>

---

<sup>65</sup> Skjal nr. 2(70).

<sup>66</sup> Skjal nr. 4(1).

<sup>67</sup> Skjal nr. 4(3).

<sup>68</sup> Skjal nr. 4(4).

<sup>69</sup> Skjal nr. 4(5).

<sup>70</sup> Skjal nr. 4(6).

---

Þann 21. apríl árið 1923 keypti Björn Friðriksson jörðina Engjabrekku í Þverárhreppi af Kirkjujarðasjóði fyrir 2.200 krónur með öllum gögnum og gæðum að undanskildum hugsanlegum námum og vatnsaflsréttindum.<sup>71</sup>

Í afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu er eftirfarandi bréfsuppkast fært til bókar þann 26. júní árið 1923:

Nr. 4529

Jeg Björn Friðriksson ábúandi á Engjabrekku í Þverárhreppi í Húnavatnssýslu kunngjörð með brjefi þessu, að jeg útaf kaupum á ábýlisjörð minni sem mjer var afsöluð með brjefi ráðherra Íslands dags í dag samkvæmt heimild í lögum nr. 50. 16. nóvbr. 1897, er orðinn Kirkjujarðasjóði skuldugur um kr. 1980 eitt þúsund níu hundruð [o]g áttatíu krónur.

Skuld þessa ber mjer að ávaxta og endurborga með jöfnum árgreiðslum á 28 árum, eða árlega kr. 118,80 – eitt hundruð og átjan kr. <sup>80</sup>/100.

Afborgun og vexti ber mjer að greiða 6. júní ár hvert, í fyrsta sinn 6. júní 1924.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á framangreindri skuld veðset jeg Kirkjujarðarsjóði með fyrsta veðrjetti eignar- og ábýlisjörð mína Engjabrekku ..... sem er ..... hundr. að m. m., með ..... kúgildum og öllum húsum er henni fylgja, og er mjer skylt að hafa húsin jafnan váttrygð fyrir að minnsta kosti ..... kr. og nær veðrjetturinn einnig til ábyrgðarupphæðarinnar ef húsin skyldu brenna.

Ef jörðin gengur úr sjálfsábúð eða ef afborgun og vextir eða váttryggingargjald eru eigi greidd í tæka tíð þá er skuldin þegar fallin í gjalddaga og má þá ganga að hinn veðsettu eign, eins og segir í 15. gr. laga 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Til staðfestu er mitt undirskrifað nafn [o]g tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Reykjavík 21. apríl 1923.

Þ. Magnús Þorláksson (eftir umboði).

Vitundarvottar: [engir skrifaðir].

Lesið fyrir manntalsþingsrjettu Húnavatnssýslu að Stóruborg 26. Júní 1923 og innf. Í afsals- og veðmálabók sýslunnar lbr. J. Nr. 4529, bls 300.

Vottar: B. Brynjólfsson.<sup>72</sup>

Björn Friðriksson seldi syni sínum, Sigurbirni Björnssyni, Engjabrekku ári síðar.<sup>73</sup> Sjá nánar kaflann um Engjabrekku.

---

<sup>71</sup> Skjal nr. 4(56).

<sup>72</sup> Skjal nr. 4(60).

<sup>73</sup> Skjal nr. 4(55).

---

Þann 13. maí árið 1926, seldi Eggert Levy Engjabrekku, fyrir hönd Sigurbjörns Björnssonar. Kaupandinn var Þverárhreppur. Kaupsamningurinn hljóðar svo:

Nr. 4852

Eggert Levy hreppstjóri á Ósum fyrir hönd Sigurbjörns Björnssonar á Blikastöðum og Ólafur Ingvar Sveinsson hreppsnefndaroddviti á Grund fyrir hönd Þverárhrepps, gjöra með sér svo feldann Kaupsamning:

1. Eggert Levy selur Þverárhreppi, samkv. umboði dags. 30. mars þ.á. jörðina Engjabrekku í Þverárhreppi, sem er samkvæmt síðasta fasteingamati 15 hundruð að dýrleika. Jörðinni fylgja skv. úttektargjörð frá 29. dag mai 1923: Baðstofa, búr, eldhús, göng og fjós, ennfremur samkvæmt úttektargjörð frá í janúar 1918 geymsluhús 6 + 5 al. og svarast (sic?) því úr hesthúsi, sem stendur á jörðunni.

Landamerki jarðarinnar eru: Að norðan ræður Seljagil á fjall upp, þaðan bein lína suður há fjallið, eftir því, sem vötnum hallar, fram á móts við Þröskuld úr Ásgarðsdalsbotnunum og beint vestur í Kaldaklofa þröskuld. Þaðan ræður Ambáttardalsá merkjum út til áramóta svo Þorgrímsstaðaá út til Selja gils.

2. Kaupverðið er Kr. 3000 – þrjú þúsund krónur og greiðist þannig:
  - a. Kaupandi greiðir eða tekur að sér greiðslu á skuld til Kirkjujarðasjóðs, tryggðri með 1. veðrétti í hinni seldu eign, er skuld sú að upphæð Kr. 1856,38 – eitt þúsund [áttahundruð] fimmtíu og sex krónur  $\frac{38}{100}$ , þegar þessa árs greiðsla hefur farið fram.
  - b. Greiðir eftirstöðvar kaupverðsins kr. 1143,62 – eitt þúsund eitthundrað fjórtíu og þrjár krónur  $\frac{62}{100}$  í peningum til seljanda eða umboðsmanns hans fyrir lok nóvember mánaðar næstkomandi.Þegar kaupandi hefir innt af hendi skilyrðin undir a. og b. eða sett þá tryggingu [o]g seljandi eða umboðsmaður hans tekur gilda fyrir að það verði gjört, á kauðandi heimtingu á að fá afsalsbréf fyrir jörðinni.
3. Seljandi greiðir vexti af lánum undir a lið til 1. júní þ.á. svo og afborgun þá, sem þá fellur í gjalddaga. Stoð hefir hann líka af eigninni til þess tíma.
4. Frá 1. júní tekur kaupandi að sér greiðslu afborgana og vaxta af la'ninu undir a lið og seljanda 5% í vexti af eftirstöðvunum skv. b. Lið frá þeim tíma og til greiðsludags. Frá sama tíma nýtur kaupandi alls arðs af eigninni, öðlast öll réttindi, sem henni fylgja og tekur á sig allar þær skydur, sem á eiganda hvíla.
5. Mál er rísa kann út af samningi þessum skal sótt og varið fyrir gestarétti í Þverárhreppi og skulu aðilar mæta með viku fyrirvara.
6. Samningur þessi er í tveimur samhljóða eintökum, og heldur sinn aðili hvoru eintaki.

---

Þ. L. Þorfinnsstöðum 13. maí 1926.

Fyrir hönd seljanda skv. umboði

Eggert Levy.

Fyrir hönd Þverárhrepps

Ól. Ingvar Sveinsson, oddviti.

Vitundarvottar:

Guðm. Guðmundsson

Jóhannes P. Jónsson.

Með því hreppsnefnd Þverárhrepps, hefir gefið út byggingarbréf fyrir því að fullmágt verði a. og b. lið 2. greinar og ákvæðum 4. greinar framangreinds kaupsamnings, þá lýsi ég Þverárhrepp réttann eiganda jarðarinnar Engjabrekku og ber mér að svara til vanheimildar.

Til staðfestu nafn mitt.

Þ.L. Þorfinnsstöðum 13. maí 1926.

Fyrir hönd Sigurbjörns Björnssonar samkvæmt umboði

Eggert Levy.

Vitundarvottar:

Guðm. Guðmundsson, Jóhannes P. Jónsson.<sup>74</sup>

Í desembermánuði árið 1940, birtist grein eftir Þorsteinn Konráðsson um ferð hans í Ásgarðsdalum sumarið 1940. Í greininni koma m.a. fram eftirfarandi upplýsingar og sjónarmið:

Í dalnum [Ásgarðsdal] eru aðeins þrjár bæir: Tunga, Ásbjarnarstaðir og Þorgrímsstaðir inn undir dalbotni að vestan. Þar skamt sunnar, skiftist dalurinn sem

fyr greinir í 2 dali, Ásgarðsdal og Ambáttardal. Liggja þeir báðir hærra enn, þröngir og óbyggilegir. Ásgarður er lítið eitt norðar en þar, sem árnar úr dölunum koma saman. Þótt liðin séu 235 ár síðan Árni Magnússon skrifar sína lýsingu af Ásgarði -og hér kemur orðrétt, - hefi eg engu við að bæta, annað en það, sem að líkum ræður, að rústaleifarnar munu nú, eftir nærfelt hálfu þriðju öld, vera allmjög óljósari en þær voru þá. Ekki getur valdið tvímæli, að hér er um fornbyli að ræða, en hvort á Ásgarði hefir verið grafreitir, verður ekki upplýst nema með uppgreftri.

Nokkur örnefni eru á þessum slóðum, sem sennilega hafa haldist frá því að búið var á Ásgarði, Engjaholt út og upp frá rústunum, Engjahjalli uppi í fjallinu, Ásgarðsdalur, Ásgarðsdalsá og Ásgarðsdalsárfoss.

---

<sup>74</sup> Skjal nr. 4(54).

---

Suður og yfir í Miðtungunni eru girðingaleifar, er bóndinn á Þorgrímsstöðum -hann var með okkur- gat til að væri fornt akurgerði. Þar allmiklu sunnar fanst vorið 1939 rústaleifar af fornri fjárrétt.

Í vestari dalnum -Ambáttardal- vestan árinna, eru rústaleifar af fornbyli, sem Árni nefnir Katastaði, og allmiklu sunnar aðrar rústir, Ambáttarkot, er vel getur verið sama býlið, en bygt á mismunandi tímum, en fornt. Fyrir hvorutveggju rústunum sést glögt, svo að full vissa er, að á báðum stöðunum hefir fólk búið, þótt sannanir vanti um, á hvaða tíma það hefir verið.

Þessi örnefni hafa varðveist, sennilega frá þeim tíma, er bygð var þar: Kathólar, Kathólabreiðar, Ambáttardalur og Ambáttardalsá.

Fleiri fornbyli nefnir Árni Magnússon ekki í dölum þessum, og niénn, sem nú eru uppi á Vatnsnesi, þektu ekki fleiri, enda virðast litlar líkur fyrir, að bygð hafi verið innar í dölunum, bæði eru þeir þröngir, landið mjög hækkandi og þar af leiðandi mikið vetrarríki.<sup>75</sup>

Árið 1950 skrifar Páll Kolka eftirfarandi um jarðir í Þorgrímsstaðadal og svo nálæga dali, eyðijarðir á svæðinu og landshætti á þeim hluta Vatnsness sem hér um ræðir:

Þorgrímsstaðadalur er fagur dalur og grösugur mjög, með flata dalgrund, véltækjar engjar og ógenga hamra innan til á báðar hliðar, vestan í Tungu og austan í Brandafelli. Hann skiptist efst í tvo afdali, Ásgarðsdal að austan og Ambáttardal að vestan. Milli þeirra gengur Miðtunga norður úr Háheiði. Tunguá, sem rennur eftir dalnum, mun áður hafa heitið Ambáttará og hann Ambáttardalur alla leið til sjávar, þótt svo heiti nú aðeins afdalurinn. Landnám Haralds hrings náði að Ambáttará, og þar eru enn hreppamörk, því að þar lýkur Þverárhreppi, en Kirkjuhvammshreppur tekur við. Nokkurar [svo] jarðir eru í dalnum. Austan árinna, um 4 km. frá sjó, er Tunga, en Ásbjarnarstaðir lítið eitt ofar að vestanverðu. Þaðan er miðlungsbæjarleið að Þorgrímsstöðum, en gegnt þeim að austanverðu er eyðibýlið Engjabrekka, byggt fyrst á síðustu öld. Enn eru þrjú eyðikot ofar í dalnum, Ásgarður austan ár, rétt við mynni Ásgarðsdals, og Katastaðir og Ambáttarkot vestan hennar.<sup>76</sup>

Í árbók Ferðafélags Íslands, frá árinu 1958, er Þorgrímsstaðadal lýst svo:

Þorgrímsstaðadalur er stórskornari en Katadalur. Frá Tjörn að telja er dalurinn þráðbeinn 9 km suður eftir, en þar klofnar hann um mjóan, brattan múla, *Miðtungu* (661 m), í tvo þrönga dali. Heitir hinn vestari *Ambáttardalur*, en hinn eystri *Ásgarðsdalur*. Vesturhlíð Ambáttardals er flugbrött og klettótt, norðan í sjálfu Brandafelli. Úr dalbotninum er örskammt suður í Hlíðardal. Norðan og austan í Brandafelli er hamrakvos, sem *Flugskál* heitir, og setur hún býsna mikinn svip á inndalinn.

---

<sup>75</sup> Þorsteinn Konráðsson, „Ferð í Ásgarðsdal sumarið 1940“. *Vísir. Jólblað*. (bls. 29-31). 30. árg., 24.12.1940, bls. 30.

<sup>76</sup> Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 351.

---

Hið neðra er dalurinn grösugur í bezta lagi, og eru þar fjórir bæir. Neðst er *Tunga* austan ár. Hún stendur á sléttlendi nokkru við ána. *Ásbjarnarstaðir* eru nokkru ofar að vestan, 100 m yfir sjó. Þaðan er góð bæjarleið að *Þorgrímsstöðum* (160 m) og Engjabrekku (100 m), nú í eyði. Uppi við Miðtungusporðinn er eyðibýli, Ásgarður. Stendur það aðeins í 160 m hæð, og sést af því, hve hallalí till dalbotninn er.

Um Miðtungu, Tunguá og Tjarnará eru hreppamót, Kirkjuhvammshreppur að vestan, en Þverárhreppur að austan. Af Miðtungu liggja mörkin suður eftir háfjallinu um Þrælsfell í Grenjadalsfell, en þverbeygja þar austur yfir Vesturhóp, og í Víðidalsá. Bílvegur er stirður inn dalinn, en þó mun fært á jeppum til allra byggðra býla þar.<sup>77</sup>

Árið 1983 ritaði Hjördís Gísladóttir á Hofi afar efnismikinn þátt um eyðibýli í Húnaþingi, sem birtur var í ritinu *Húnaþing III*, 6 árum síðar.<sup>78</sup> Þar segir:

Gegnt Þorgrímsstöðum, ofarlega á Þorgrímsstaðadal, er *Engjabrekka*, sem nú [árið 1983] er í eigu hreppsins og nýtt er til sumarbeitar.<sup>79</sup>

Árið 1987 ritaði Agnar J. Levý efnismikinn þátt um afrétt Þverhreppinga í Vatnsnesfjalli, sem birtur var í ritinu *Húnaþing III*, 2 árum síðar.<sup>80</sup> Þar segir:

Í NORÐANVERÐU miðju Vatnsnesfjalli hefur legið afréttur frá ómunatíð. Áður var hann nefndar [svo] Breiðabólsstaðarafréttur í eign Breiðabólsstaðarkirkju og er hans getið í máldögum Pétur biskups frá 1394.

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1705 hafa allar jarðir kringum Vatnsnesfjall átt rétt á því að reka lömb í þessa afrétt, fyrir gjald eða toll, nema þær er lágu næst afréttinni. Þær munu hafa fengið ívilnanir á gjaldinu sökum átroðnings afréttarfjárins. Ekki hef ég haft tök á því að kynna mér hvernig þessi afrétt er til komin eða hvernig Breiðabólsstaðarkirkja hefur eignast hana, né hvenær og ekki heldur hver hafi verið upphafleg stærð hennar. Líklegt má telja að hún hafi verið allmiklu stærri í upphafi eða fyrr á öldum en nú er hún fremur lítil. Í sóknarlýsingu 1858 er hún sögð svo lítil og ónóg að mestur hluti geldfjár verði að ganga í heimahögum. Á skrá yfir kirkjueignir staðarins gerðri af Ólafi Rögnvaldssyni á Breiðabólsstað snemma á 15. öld (d. 1459) er getið um afréttina og að kirkjan hafi þá lambselði af hverjum bónda er noti hana, svo að þá þegar á kirkjan afréttina.

Ljóst er samkvæmt heimildum að Þorgrímsstaðir voru taldir í afréttinni og hafa byggst út úr henni líklega upp úr selbúðum frá Breiðabólsstaðar- eða Vesturhópshólakirkju, þó að erfitt sé um slíkt að fullyrða. En Selvegur heitir slóð er liggur beint upp með Dagmálagili gegnt Þorgrímsstöðum, þar upp og

---

<sup>77</sup> Jón Eyþórsson, *Árbók Ferðafélags Íslands* 1958. Vestur Húnavatnssýsla. Reykjavík, 1958, bls. 71.

<sup>78</sup> Hjördís Gísladóttir, Hofi, „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“. *Húnaþing III*, (1989), bls. 273-342.

<sup>79</sup> Hjördís Gísladóttir, Hofi, „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“. *Húnaþing III*, (1989), bls. 330.

<sup>80</sup> Agnar J. Levý, Hrísakoti, „Afrétt Þverhreppinga í Vatnsnesfjalli. –*Engjabrekka eða Breiðabólsstaðarafrétt*–“. *Húnaþing III*, (1989), bls. 209-225.

---

yfir Tunguna austur fyrir ofan Egilsstaði. Þá þar fram Katadalsbrúnir að vestan og ofan í Katadalsbotn, en þar upp úr taka við Heiðargötur ofan að Þverá í Vesturhópi.

Í Jarðabókinni [þ.e. þeirra Árna og Páls] er þess getið að jörðin hafi lengi verið í auðn, eða eins og elstu menn mundu, þar til að einn Breiðabólsstaðarklerkur lét á þessu afgamla eyðibóli byggð reisa fyrir 88 árum, eins og að orði er komist, sem hefur þá verið 1617. Jörðin hafði frí afréttarnot enda í eigu kirkjunnar og land óskipt úr afréttinni. Býlið hefur líka vafalaust orðið fyrir ágangi fjár úr afréttinni og segir svo í fyrrnefndri sóknarlýsingu, að skrykkjótt hafi gengið með afréttartollana síðan bærinn byggðist á landinu. Það er svo ekki fyrir en Hálfván Guðjónsson prestur á Breiðabólsstað gefur út yfirlýsingu með bréfi 28. október 1898 að Þorgrímsstöðum er byggt út allt land vestan Ambáttarár suður í Kaldaklofaþröskuld og eftir þáverandi merkjum að vestan og norðan ofan í Þorgrímsstaðaá. Það sem olli því að ráðist var í skiptingu á þessum tíma, var deila milli Þverárhrepps og Kirkjuhvammshrepps út af greiðslu á 12.20 krónum fyrir grenjavinnslu á greni í svokölluðum Nauthólum í vestanverðum Ambáttardal vorið 1891.

Báðar hreppsnefndirnar töldu það tilheyrja hinni svo að greiðsla fékkst ekki. Önnar [svo] taldi afréttina með Þorgrímsstöðum vera eign Breiðabólsstaðar í Þverárhreppi en hin grenið vera í Þorgrímsstaðalandi sem væri í Kirkjuhvammshreppi. Þetta var ekki útkljáð fyrir en með áðurnefndu bréfi og lenti grenið þá að vísu vestanvið en málið var leyst og 4. febrúar 1899 gefur Baldvin [Eggertsson] í Helguhvammi út kvittun fyrir fullri greiðslu. Eftir að þessum útskiptum lauk hafa landamerki verið óbreytt og verður þeim lýst síðar. Afréttin nefnist nú Engjabrekka eftir býli er reist var þar snemma á þessari öld [árið 1917] eða þá bara afréttin í daglegu tali.

Þann 30. júlí 1914 kaupir Jóhannes Jóhannsson Þorgrímsstaði af Kirkjujarðasjóði ríkisins á 1.845 krónum og hefur jörðin haldist í ætt hans síðan.

Eins og áður segir þá var þetta land um margar aldir í eigu Breiðabólsstaðarkirkju en síðar Kirkjujarðasjóðs ríkisins. Árið 1917 reisir Björn Friðriksson (f. 1878) þar nýbýli er hann nefndi Engjabrekku. Er það í grösugri engjahlíð beint á móti Þorgrímsstöðum og fékk hann til þess leyfi Jóns Helgasonar biskups. Býlinu fylgdi allt fjallendi afréttarinnar og virðist sem að hann hafi þá eða stuttu síðar keypt allt landið.

Björn hætti búskap 1923. Sama ár tók býlið á leigu Annas Sveinsson, Strandamaður að ætt, og bjó þar í nokkur ár eða þar til hann andaðist 1935.

Kona hans Helga Jakobsdóttir, og börn þeirra bjuggu þar svo í eitt ár, en fluttu burt 1936. Síðan þá er jörðin í eyði og eru nú öll bæjarhús algerlega fallin og horfin, en grænn nokkuð stór blettur og smá tóftarbrot þar sem býlið stóð.

---

Í maí 1926 keypti Þverárhreppur jörðina af Sigurbirni Björnssyni á 3.000 krónur þannig að greitt að 1.144 krónur voru í peningum en 1.856 krónur með yfirtöku láns við Kirkjujarðasjóð sem sýnir að Björn hefur keypt jörðina af sjóðnum.

Engjabrekka hefur síðan verið í eigu Þverárhrepps og notuð sem afréttarland hreppsins, aðallega fyrir sauðfé. Undanfarin síðustu ár hefur lítið verið rekið af fé þangað og sum ár ekkert.

### *LANDAMERKI*

Núverandi [1987] landamerki afréttarinnar eru þessi: Að norðan ræður Seljagil á fjall upp, þaðan bein lína suður háfjallið, eftir því sem vötnum hallar fram á móts við þröskuld úr Ásgarðsdalsbotninum. Síðan beint vestur í Kaldaklofaþröskuld í Ambáttardal, norður Ambáttardalsá út til ármóta og svo ræður Þorgrímsstaðaá út til Seljagils.<sup>81</sup>

Um hlunnindi og veiðiskap í afréttarlandi Þverárhrepps, Engjabrekku, sem og rekstur í afréttina, og tilraunir manna til þess að kaupa afréttina, skrifaði Agnar J. Levý m.a. eftirfarandi árið 1987:

Hlunnindi afréttarinnar eru einkum gott graslendi sem nýst hefur aðallega sauðfé en jafnframt eitthvað hrossum. Eins og hér á undan segir þá voru áður fyrr rekin hingað lömb til sumarþeir frá flestum bæjum við fjallið. Eftir að fráfarur hættu og landið komst í eigu hreppsins þá ráku einstaka bændur úr Vesturhópi eða Ásabæjum fullorðið lambfé vestur eftir án gjaldtöku, en það skilyrði jafnan sett að féð yrði rekið í miðja afrétt og maður látinn í göngur að hausti ef þörf væri á. Nú í sumar voru til dæmis fluttar þangað lambær frá Urðarbaki. Auk þess gengur fé manna, það sem í fjallinu er og vill þangað, frjálst um afréttina.

Lítið hefur verið um að hross væru rekin þangað enda valda þau meiri ágangi norður í Þorgrímsstaðadal þar sem landið er ógirt. Raunar gerir sauðfé það líka, sérstaklega í kuldum. Hefur hrossarekstur því verið ákaflega takmarkaður. Um 1940 voru rekin þangað hross úr Vesturhópi. Þau munu fljótlega hafa runnið norður í Þorgrímsstaðadal í heimalönd bænda þar er undu lítt ágangi stóðsins. Var í fyrstu reynt að stugga við því aftur fram í afrétt en það kom jafnskjótt til baka. Endaði það með því að Dalabændur ráku það aftur ofan í Vesturhóp. Fer tvennum sögum af þeim rekstri. Önnur segir að það hafi verið rekið úr dalnum austur yfir fjall að Grund til oddvitans, sem neitaði að taka við því, og hafi þeir þá sleppt því í Breiðabólstaðarengið án leyfis. Hin sagan telur að stóðinu hafi verið beint á götur út fyrir nes og svo bæ frá bæ til síns heima. Þykir mér af þessu langlíklegast að hvoru tveggja hafi gerst, annar hluti verið rekinn yfir fjall en hinn farið út fyrir. Að minnsta

---

<sup>81</sup> Agnar J. Levý, Hrísakoti, „Afrétt Þverhreppinga í Vatnsnesfjalli. –Engjabrekka eða Breiðabólstaðarafrétt“. *Húnaþing III*, (1989), bls. 209-211.



---

kosti orsakaði þessi hagabeit talsverða ólgu meðal manna sem vel má ímynda sér enda oftast þurft minna til.

Síðan þá hefur stóðrekstur ekki verið leyfður í Engjabrekkuland þó að sótt hafi verið eftir því af einstaka manni. Öðru hverju hafa verið uppi raddir sem hvatt hafa til þess að girða afréttina af á merkjum, svo að nýta mætti landið að fullu, en það hefur aldrei fengið neinn hlómgrunn enda um óhemju dýrt og viðhaldsfrekt verkefni að ræða sem er fjarri lagi að svari kostnaði. Svo er að sjá í seinni tíð, sem tvisvar hafi formlega verið falast eftir kaupum á Engjabrekku. Árið 1967 býður Árni á Vatnsenda 100.000 krónur á borðið í hana. Var því synjað af hreppsnefnd með 3 atkvæðum, einn sat hjá en einn taldi sveitarfund eiga að fjalla um málið, svo að eitthvert hugarlangur með sölu hefur verið í nefndinni. Árið 1973 spyr Heimir á Urðarbaki um kaup án þess að nefna verð. Segir hreppsnefnd þá enga ákvörðun hafa verið tekna um slíkt. Í dag [árið 1987] eru engar söluhugmyndir uppi hjá hreppsnefnd.<sup>82</sup>

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi.<sup>83</sup>

Í svari Agnars J. Levý oddvita Þverárhrepps, dags. 8. nóvember 1989, við fyrirspurn Félagsmálaráðuneytisins um afrétti sveitarfélaga kemur fram að Þverárhreppur eigi Engjabrekkuafrétt í Vatnsnesfjalli og er afréttin sögð „norðarlega í Vatnsnesfjalli upp af Þorgrímsstaðadal.“ Ekki höfðu aðrir not af Engjabrekku. Aldrei hafði komið upp neitt ágreiningsmál um til hvaða sveitarfélags afréttin taldist og landið talið ótvíræð eign hreppsins.<sup>84</sup>

Í bráðabirgða afréttaskrá sem Skipulag ríkisins sendi félagsmálaráðuneytinu í nóvember 1989 er Engjabrekkuafrétt talin upp meðal afrétta í Vestur-Húnavatnssýslu. Þverárhreppur er sagður eiga upprekstrarrétt í afréttina og afréttin einnig sögð teljast stjórnsýslulega til Þverárhrepps.<sup>85</sup>

Á haustmánuðum árið 2007, auglýsti Sveitarstjórn Húnaþings vestra ákvörðun sína um fyrirkomulag rjúpnaveiða á „jörðum og afréttum í eigu sveitarfélagsins“ eins og segir í frétt Bændablaðsins þann 6. nóvember sama ár. Þar er Engjabrekka á meðal þeirra svæða sem sveitarfélagið telur sér til eigna. Í fréttinni segir m.a.:

Fyrirkomulagið í Húnaþingi vestra er eftirfarandi. Svæðin eru: Lækjarkot, Gafl (í sameign Húnaþings vestra og Hrappsstaða), Hrappsstaðir og Syðra-Kolugil. Víðidalstunguheiði ásamt Króki, Stóru-Hlíð, Stóra-Hvarfi og Öxnatungu. Engjabrekka, Kirkjuhvammur og Ytri-Vellir á Vatnsnesi. Arnarvatnsheiði og Tvídægri.<sup>86</sup>

---

<sup>82</sup> Agnar J. Levý, Hrisakoti, „Afrétt Þverhreppinga í Vatnsnesfjalli. –Engjabrekka eða Breiðabólstaðarafrétt“. *Húnaþing III*, (1989), bls. 220.

<sup>83</sup> Skjal nr. 4(7).

<sup>84</sup> Skjal nr. 4(9).

<sup>85</sup> Skjal nr. 4(11).

<sup>86</sup> „Húnaþing vestra selur veiðileyfi á rjúpu“. *Bændablaðið*. 13. árg., 19. tbl. (6.11.2007), bls. 11.

---

## 5.2.1 Aðliggjandi og tengd svæði

### 5.2.1.1 Engjabrekka

Samkvæmt manntali í Hólasókn, þann 31. desember 1913, býr Björn Friðriksson og fjölskylda hans, á öðru af tveimur býlum Ásbjarnarness.<sup>87</sup>

Samkvæmt manntali í Tjarnarsókn, þann 31. desember 1914, býr Björn Friðriksson og fjölskylda hans, á öðru af tveimur býlum Tjarnar.<sup>88</sup>

Samkvæmt manntali í Tjarnarsókn, þann 31. desember 1915, býr Björn Friðriksson og fjölskylda hans, á öðru af tveimur býlum Tjarnar.<sup>89</sup>

Samkvæmt manntali í Tjarnarsókn, þann 31. desember 1916, býr Björn Friðriksson og fjölskylda hans, á öðru af tveimur býlum Tjarnar.<sup>90</sup>

Í fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916, segir eftirfarandi um Engjabrekku í Þverárhreppi:

#### Engjabrekka í Þverárhreppi

Eigandi prestlaunasjóður, ábúandi Björn Friðriksson.

Jörð þessi er nýbýli. Bygt í eiðilandi á síðustu árum. Er því túnlaust.

Engjar eru sæmilega góðar mýraslægjur og heldur stutt í meiri hluta þeirra.

Má heyja í meðalári fulla 200 hesta.

Beitiland er gott, sæmilega rúmt, en heldur vetrarhart, því jörðin

liggur í dal til fjalla. Helsti ókostur er hve úrfella og þokusamt er þar á sumrin.

Hús, sem landeigandi á eru:

Baðstofa, búr, eldhús, geymslukofi og fjós. Húsin öll heldur lítil, bygð úr torfi og sæmilega vel gerð. Metin kr. 320,00.

Leiguliði á hús yfir 80 kindur, 4 hross. Mat kr. 80,00.

Jörðin með húsum metin kr. 1200,00.

Fr. Bjarnason, Ingþór Björnsson, Böðvar Þorvaldsson.

Ath. Ofanrituð jarðarvirðing er eptirrit af meðfylgjandi frumriti, er

Undirmatsnefndin hefir gleymt að innfæra í bókina og sem hefir

Borist yfirmatsnefndinni.<sup>91</sup>

Þann 27. febrúar árið 1917 skrifaði Eggert Levy Stjórnarráði Íslands, eftirfarandi bréf:

---

<sup>87</sup> Skjal nr. 2(124).

<sup>88</sup> Skjal nr. 2(125).

<sup>89</sup> Skjal nr. 2(126).

<sup>90</sup> Skjal nr. 2(127).

<sup>91</sup> Skjal nr. 2(70).

---

Eins og hinu háa Stjornarradi mun kunnugt er undir umsjón minni sem hreppstjóri land sem kallad er Þorgrímsstada afrjett. Land þetta liggur í svonefndum Þorgrímsstadadal á móti bænum Þorgrímsstöðum og þar fram til fjallanna. Land þetta hefi jeg leigt til leitar f[y]r[ir] Kr. 10,00 árlega. Væri byggt í þessu landi gæti það með tímanum þegar tun væri komid í rækt ordid ágætis byli því slægjur eru nogar og beitoland ágætt.

Nu hefir hefir mjer bodist madur til þess ad taka land til abudar ef Landssjodur leggur fram lán ad nokkru leyti til uppbyggingar bæjarhusa þar sem þar þarf ad byggja og sem jeg alít ad Landssjodur ætti ad veita lan til eru bæjahusin, Badstofa, bur og eldhús, geymsluhús og svo fjós. Önnur peningshus alít jeg rjettst ad ábuandi eigi sjálfur. Framantaldar byggingar, sem jeg alít ad Landsjodur ætti ad ad leygja [svo] fje til byggingar á munu kosta nu minnst um 2000 Kr. og er þd tillaga min ad Landsjódur láni þridjung þeirrar upphædar gegn því ad abuandi greidi af því árlega 5% í afgjaldasjod kirkjujarða. Öll husin verdi eign Landsjods eður Kirkjujardasjods og abuendur haldi þeim vid a sinn kostnad. Yrði þá einhver abuandi skifti, ad taka jörðina út og fráfarandi ad svara fullu álagi a öll[um] tímum eins og tidkanlegt er.

Umsækjandi sá, sem jeg hefi getid um hefir tjád sig fúsan ad ganga ad þessum skilmálum og get jeg ekki annat sjeð en ad þetta sjeu mjög gód kjör fyrir Landssjod.

Aftur a móti hefi jeg lofad honum ad hann skuli sina til [svo] ekki þurfa ad borga hærra í láns landskuld en kr 10,00 en ad sjalfsogdu mundi su landskuld hækka mikid vid næstu ábuandaskifti þegar tun væri komid þar í rækt. Ef hid háa Stjornarrád gengur ad þessum tillögum minum sem jeg vænti fastlega þá mun jeg í vissan tíma gefa ut byggingarbrjef fyrir jörðunni þar sem allt ofanskrád sje fram tekid. Ad sidustu vil jeg mælast til þess ad ef seinna er ordid svo alidid ad hid háa Stjornarrád afgreidi mal þetta til mín med næsta posti. Eg vil ennfremur geta þess ad framantekid lan kæmi ad sjalfsögdu ekki til utborgunar fyr en byggingarnar væru komnar upp og buid ad meta þær af tilkvöddum álitismönnum.

Eggert Levy.<sup>92</sup>

Þann 14. apríl árið 1917 skrifaði Eggert Levy Stjórnaráði Íslands, eftirfarandi bréf:

Þverárhreppur, Ósum, 14. april 1917

Þar sem nú verður væntanlega byggt nybyli í eydilandi því er kirkjujörðunum í Þverárhreppi tilheyrir og nefnt hefir verið Þorgrímsstada afrjett leyfi jeg mjer ad leggja til ad byli þetta verdi nefnt: „Engjabrekka“ vænti jeg þess ad hid háa Stjornarrad samþykki þetta nafn og gefi mjer tilkynningu um það, sem fyrst mun jeg svo annast um ad bylid med þessu nafni verdi tekid upp í

---

<sup>92</sup> Skjal nr. 5(9).

---

bodleid Þverárhrepps og uppi skýrslu jardamatsnefndarinnar [svo] VesturHúnavatnssýslu. Hvað mati [á] byli þessu viðvikur skal jeg leyfa mjer ad leggja undir urskurd Stjórnarráðsins hvort jeg a ad fa utnefnda sjerstaka matsmenn til ad meta það til hundrada eða hvort duga skal latid mat jarðamatsnefndarinnar i landi þessu. Jeg skal geta þess ad jeg tilkynnti jardamats nefndinni land þetta sidastlidid vor og gat þess ad eftir það hefði verid borgad arlega kr 10,00 en vitaskuld verður matid ad hækka vid það, ef landsjodur leggur fram fje til byggingar a landinu, sem jeg vænti fastlega ad verdi. Þar sem skattgjald jardar framvegis mun adallega midad vid mat jardamatsnefnda virdist mjer fyrirhafnarminnst ad mjer verdi falid ad tilkynna jardamatsnefndinni hjer þessa breytingu sem a verdur med landid og fela nefndarmönnum ad meta landid eftir því, en annars vænti jeg urskurdar hins háa Stjórnarráðs um þetta atridi vid fyrstu hentugleika. Ad lokum skal jeg geta þess ad jarðamatsnefndin hefir lyst því yfir ad hun muni nu i vor leggja fram mat sitt á jörðum í Þverárhreppi þyrfti jeg því ad fa urskurd þess mats med næsta posti.

Eggert Levy.<sup>93</sup>

Með bréfi dagsettu þann 7. maí árið 1919 tilkynnti sýslumannsembættið á Blönduósi Stjórnarráðinu að fasteignamatsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefði gleymt að virða jörðina Engjabrekku í Þverárhreppi. Bréfið hljóðar svo:

Blönduósi, 7/5 1919.

Jafnframt því að tjá stjórnarráðinu að jeg þ. 5. þ. m. hefi sent því yfir- og undirfasteignamat Austur- og Vestur Húnavatnssýslu ásamt fylgiskjölum, skal jeg virðingarfyllt leyfa mjer að geta þess, að fasteignamatsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu, hafði þá er matið frá henni barst hingað, gleymt að virða jörðina Engjabrekku í Þverárhreppi og virti hún því jörðina fyrst seinna. Virðingargjörð nefndrar jarðar er innfærð aptast í undirmatsbókina og sendist virðingargjörðin hjermeð, en hana hafði gleymst að senda með matsplöggunum.

Bogi Brynjólfsson.<sup>94</sup>

Í bréfi til Stjórnaráðs Íslands, dagsettu þann 16. mars árið 1919, óskaði Björn Friðriksson eftir því að kaupa ábýlisjörð sína, Engjabrekku. Inntak bréfsins er stutt og hljóðar einfaldlega á þessa leið:

Hjermed leyfi jeg mjer ad leitast kaups á ábýlisjörð minni kirkjujörðunni Engjabrekku.

Virðingarfyllt

Engjabrekku 16. mars 1919

Björn Friðriksson.<sup>95</sup>

---

<sup>93</sup> Skjal nr. 5(8).

<sup>94</sup> Skjal nr. 2(122).

---

Þann 17. september árið 1919, útnefndi Bogi Brynjólfsson, sýslumaður Húnavetninga, tvo virðingarmenn til þess að meta kirkjujörðina Engjabrekku í Þverárhreppi. Útnefningin fór fram við aukarétt sýslunnar.<sup>96</sup>

Eggerti Levy hreppsstjóri Þverárhrepps lagði fram skýrslu, dagsetta þann 10. nóvember árið 1919, vegna fyrirhugaðrar skoðunargjörðar á kirkjujörðinni Engjabrekku í sama hreppi. Þar kemur m.a. fram að jörðin Engjabrekka sé afréttarland og einnig er landamerkja hennar getið. Skýrsla Eggerts er svohljóðandi:

Eptir rit

Þar sem nú á samkv. fyrirmælum sýslumannsins í Húnavatnssýslu, í sambandi við samþykkt sýslunefndarinnar í Vestur Húnavatnssýslu og gildandi lög að fari fram virðing á kirkjujörðinni Engjabrekku skal jeg leyfa mjer að láta í tje eftirfarandi upplýsingar:

Jörðin ~~er~~ var áður afréttarland, hefir því ekki verið metin til hundraðs, en var metin til verðs við síðasta jarðamat. Hús þau sem jörðinni fylgja eru

Baðstofa 8 x 6 alnir

Búr 6 x 4 alnir

Eldhús 5 x 4 alnir

Fjós 5 ½ x 4 alnir

Göng 13 x 2 alnir

Geymsluhús 5 x 5 alnir

Til bygginga þessara lagði ríkissjóður á sínum tíma kr. 1000.

Húsin voru metin í janúar 1918 af virðinga mönnum Þverárhrepps á kr. 2098.

Tún er ekkert enn sem komið er.

Af engjum hefir fengist, þessi ár sem búið hefir verið það að meðaltali 150 hestar.

Meðaltals áhöfn þessi ár hefir verið 1 nautgripur 75 kindur [o]g 6 hross.

Landamerki eru þinglesin [o]g ágreininslaus og eru: Að norðan Seljagil, frá upptökum þess, svo sem vötnum hallar suður fjallið fram fyrir Ásgarðsdal, þar vestur í Kaldaklofalækur. Að vestan ræður Kaldaklofalækur [o]g Ambáttardalsá ist til Seljagils.

Kvaðir liggja ekki á jörðunni aðrar en þær að Tjörn á samkvæmt gömlum máldögum „frýjan lambaupprekstur í Breiðabólsafrétt“ nú Engjabrekkuland.

Ítök í land annara jarða eru engin.

Þverárhreppi

Ósum 10. nóv. 1919.

---

<sup>95</sup> Skjal nr. 2(92) a-b.

<sup>96</sup> Skjal nr. 2(93).

---

Eggert Levy

[...].<sup>97</sup>

Staðfesting virðingargerðar virðingarmanna, á kirkjujörðinni Engjabrekku í Þverárhreppi, var staðfest í aukarétti Húnavatnssýslu þann 10. júní árið 1920.<sup>98</sup>

Eggert Levy, hreppstjóri í Þverárhreppi, lagði til við Stjórnarráð Íslands, í bréfi dagsettu þann 10. október árið 1920, að það myndi fallast á að selja kirkjujörðina Engjabrekku til ábúandans þar fyrir matsverð, sem hljóðaði uppá 1.600 krónur. Bréf Eggerts er svohljóðandi:

Eftirrit

Þverárhreppur

Ósum 10. okt. 1920

Um leið og jeg hjermeð sendi hinu háa Stjórnarráði hjálögð skjöl, viðvíkjandi kaupum á kirkjujörðunni Engjabrekku, sem beðist hefir verið kaups á, leyfi jeg mjer að leggja til að hún verði seld ábúandanum fyrir matsverð kr. 1600.

Eggert Levy

[...].<sup>99</sup>

Þann 21. október árið 1920 ritaði Eggert Levy sýslumanninum í Vestur-Húnavatnssýslu eftirfarandi bréf:

#### Til Stjórnarráðs Íslands

Med brjefi dags 11. f.m. hafid þjer herra sýslumaður beiðst skýrslu minnar um ýms atriði viðvíkjandi kirkjueignum hjer í hreppi, er verið hafa undir umsjón hreppstjóra og eru óseldar eða nú komnar undir umsjón hreppstjóra.

Þær kirkjueignir, er verið hafa umsjón hreppstjóra hjer í hreppi [o]g enn eru óseldar eru [...]

2. Engjabrekka. Byggingarbrjef útgefid 20/9 1917.

Landskuld Kr 60.

Frá Breiðabólstadarprestakalli undir umsjón hreppstjóra 1908, þá eyði land en byggt upp 1917 með samþ[ykki] StjÍsl og med styrk frá Ríkissjóði.

Annad en ofannefndar jardir er ekki eftir neitt af þeim kirkjueignum, sem hafa verid undir umsjón hreppstjóra – en þar sem spurt er um þær kirkjueignir sem nú komi undir hreppsstjóra, þá er mjer ekki kunnugt um ad þvi sje til ad dreifa. Kirkjueignir hjer í hreppi, adrar en ofantaldar eru ekki adrar en Prestsetrid Tjörn og Prestsetrid Breidabólstad[u]r med hjáleigunum Fossi og Bjarghúsum.

---

<sup>97</sup> Skjal nr. 2(90) a-b.

<sup>98</sup> Skjal nr. 2(91) a-b.

<sup>99</sup> Skjal nr. 2(94) a-b.

---

[...]

Þverárhreppur, Ósum 21. okt. 1920.

Eggert Levy.<sup>100</sup>

Manntal í Húnaþingi árið 1920 hermir að 7 manns hafi búið að Engjabrekku það árið.<sup>101</sup>

Varðveitt er matsgjörð tveggja matsgerðarmanna um kirkjujörðina Engjabrekku í Þverárhreppi, dagsett þann 14. júní árið 1921. Matsgjörðin er staðfest af báðum matsgerðarmönnum með eiginhandarundirskriftum þeirra. Eggert Levy, hreppstjóri Þverárhrepps, vottaði þann 18. júní sama ár, að matsgerðin væri í samræmi við eldri matsgjörð. Matsgjörðin er svohljóðandi:

Við undirritaðir, sem útnefndir vorum til að meta til verðs kirkjujörðina Engjabrekku í Þverárhreppi, höfum verið þar staddir og litið á jörðina.

Engjabrekka liggur í dal, sem gengur suður í Vatnsnesfjall að norðan. Jörðin liggur illa við samgöngum og kaupstaðarleið er löng og erfið. Þar eru þokur tíðar og óþur[r]kar [o]g stórviðrasamt og vetrarríki mikið.

Tún er ekkert á jörðinni og túnefni slæmt, blautt, grítt bratt og grunnur jarðvegur. Engjar eru sæmilega góðar og hægt í mikið af þeim, en í sumt er all erfitt að sækja. Sumarland er gott fyrir allan búpening og vetrararbeit dágóð meðan til nær. Sauðfjársmalanir eru mjög erfiðar haust og vor. Mótak hefur ekki fundist á jörðinni.

Hæfilega áhöfn á jörðina eins og hún er nú, telur ábúandinn 120 kindur og 6-10 hross.

Um áhöfn, sem verið hefur á jörðinni, heifeng og húsakinni vísast til meðfylgjandi skýrslu frá hreppstjóra.

Jörðina með húseign kirkjujarðasjóðs á henni, sem ~~virt hefur verið~~ á er kr. 1000,00, metum við á kr. 1600,00.

Ofanritað er í öllum aðalatriðum samhljóða virðingargjörð sem við staðfestum fyrir rjetti síðastliðið vor, en sú virðingargjörð brann í Borgarnesi með öðrum pósti og hefur hreppstjóri Þverárh. óskað eftir að við skrifuðum hana upp svo nákvæmt sem við gætum eftir minni, þar eð eftirrit var ekki til.

Stóruborg 14. júní 1921.

Guðm. Guðmundsson, Guðm. M. Eiríksson

[...].<sup>102</sup>

Í bréfi dagsettu þann 18. júní árið 1921, gerði Eggert Levy hreppstjóri Þverárhrepps Stjórnarráði Íslands grein fyrir því að frumrit skjala vegna kaupa á

---

<sup>100</sup> Skjal nr. 5(7).

<sup>101</sup> ÞÍ. Manntalsvefur Þjóðskjalasafn Íslands. Leitarforsendur: „Engjabrekka“ og „Húnavatnssýsla“. Sjá manntal.is

<sup>102</sup> Skjal nr. 2(89) a-b.

---

kirkjújörðinni Engjabrekku, hafi „brunnið í Borgarnesi“. Hann sendir því á sama tíma eftirrit þessara skjala til Stjórnarráðs Íslands.<sup>103</sup>

Varðveitt er greinargerð í skjalasafni Stjórnarráðs Íslands um Engjabrekku á Vatnsnesi, vegna kirkjujarðasölu í Húnavatnssýslu. Greinargerðin er dagsett þann 1. desember árið 1921, og hljóðar hún svo:

Stjórnarráðið. Dóms- og kirkjumáladeild.

Engjabrekka

Þverárhreppur

V. Húnavatnssýslu

Jörðin er bygð úr afrjettarlandi árið 1917 í svonefndum Þorgrímsstaðadal sem gengur suður í Vatnsnesfjall.

Ríkissjóður lagði fram 1000 kr. haustið 1917 til þess að reisa bæjarhús með því skilyrði að húsin yrðu vel gerð og metin á kr. 2000.00 að minnsta kosti. Eptirgjaldið 60 kr. árl. Tún ekkert nje túnstæði. Engjar sæmilega góðar, mýrarslægjur, hey skv. f.e.m. 200 hestar, hr.stj.skýrslu 150 h. Sumarland gott og sömul. vetrarþétt meðan til nær, en vetrarríki mikið. Úrfellssamt á sumrum og þokur tíðar og stórviðrasamt.

Áhöfn hefir verið: 1 nautgr. 75 kindur og 6 hross. Hæfil. áhöfn talin: 120 fjár og 8–10 hross. Húsin metin í jan. 1918 af virðingarm. hreppsins á kr. 2098.00. Hinir dómkvöddu menn hafa metið jörðina á kr. 1600.00 með húsum (jörð 600 kr. eign ríkissjóðs í húsum 1000 kr.) F.e.m. Hús jarðeiganda kr. 320, leiguliða kr. 80. Jörð með húsum 1200.

Meðmæli sýslunefndar með sölunni vantar, en eru þó víst til eptir frásögu hreppstj. Jörðina án húsa tel jeg hæfilega metna á kr. 1000.00. Hvað húsunum viðvíkur þá var það áskilið að húsin væru að minsta 2000 kr. virði enda yrðu þau eign ríkissjóðs jarðarinnar. Rjettast mundi því að húsin yrðu seld eptir mati er fram hefði farið um leið og mat á jörðinni, en nú er það ekki fyrir hendi og mundi því þurfa að fara fram ný virðing ef ekki væri látið sitja við gömlu virðinguna eða við þá upph. sem áskilið var að húsin yrðu að metast kr. 2000.00. En ef til vill mundu það þykja fullharðir kostir og sanngirni mæla með því að ábúandinn fengi að leysa húsin út með ríkissjóðs tillaginu kr. 1000.00, því að líkindum hefir það verið sett að skilyrði að húsin væru að minnsta kosti 2000 kr. virði til þess að trygging væri fyrir því að ríkissjóður þyrfti aldrei að tapa á þessum framlögum. Legg til að jörðin með húsum verði gefin föl fyrir kr. 2200.00.

1/12 '21.

Sig.

---

<sup>103</sup> Skjal nr. 2(87) a-b.



---

Samþ. að ábúandi fái loforð fyrir Engjabrekku frá fardögum 1922 að telja fyrir 2200 kr.

1/12 '21.

Ghb.<sup>104</sup>

Þann 21. apríl árið 1923 keypti Björn Friðriksson jörðina Engjabrekku í Þverárhreppi af Kirkjujarðasjóði fyrir 2.200 krónur með öllum gögnum og gæðum að undanskildum hugsanlegum námum og vatnsaflsréttindum. Upphaf afsalsbréfs hljóðar svo:

Ráðherra Íslands í dóms- og kirkjumálum

Kunngjörir: Að með því að Björn Friðriksson ábúandi á kirkjujörðinni Engjabrekku í Þverárhreppi í Húnavatnssýslu hefur leitað kaupa á nefndri ábýlisjörð sinni, [...] þá sel jeg og afsala [...], fyrir landsjóðsins hönd nefndum Birni Friðrikssyni greinda ábýlisjörð hans Engjabrekku, sem er ...<sup>105</sup> hndr. að n. v. með húsum og öllum gögnum og gæðum án nokkurs álags, þó eru þar undanskildar námur sem eru í jörðu eða síðar kunna að finnast þar, sem og vatnsafl alt og notkunar aðstaða þess í landi jarðarinnar.

Kaupverðið er 2.200 – tvö þúsund og tvö hundruð krónur [...].<sup>106</sup>

Afsalið var lesið fyrir manntalsþingsrétti Húnavatnssýslu að Stóruborg 24. júní 1924.

Björn Friðriksson seldi syni sínum, Sigurbirni Björnssyni, jörðina ári síðar eins og sjá má af afsali, dags. 5. janúar 1924:

Jeg Björn Friðriksson bóndi á Engjabrekku í Þverárhreppi í Húnavatnssýslu gjöri með þessu brjefi mínu kunnugt að jeg sel og afsala til sonar míns Sigurbjörns Björnssonar á Blikastöðum í Mosfellssveit, eignarrjett yfir eignarjörð minni Engjabrekku í Þverárhreppi í Húnavatnssýslu að dýrleika samkvæmt fasteignabók 15 hndr. eins og jeg hef eignast hana samkvæmt afsalsbrjefi dagsettu 21. apríl 1923, fyrir umsamið kaupverð kr. 2.200 – tvö þúsund og tvö hundruð krónur.<sup>107</sup>

Undir afsalið kvitta Björn Friðriksson og Eggert Levy samkvæmt umboði kaupanda. Afsal þetta var einnig lesið fyrir manntalsþingi að Stóruborg þann 24. júní árið 1924.

Björn Friðriksson, ábúandi á kirkjujörðinni Engjabrekku í Þverárhreppi, Húnavatnssýslu, kunngjörir kaup sín á ábýlisjörð sinni, og er með því skuldugur Kirkjujarðasjóði um 1.980 krónur. Skuld þessi skal greiðast með jöfnun árgreiðslum á 28 árum, sem samsvarar árlega 118 krónum og 80 aurum. Fyrsta greiðsla skal innt af

---

<sup>104</sup> Skjal nr. 2(86) a-b.

<sup>105</sup> Eyða í handriti.

<sup>106</sup> Skjöl nr. 4(56), 2(88) og 2(95) a-b.

<sup>107</sup> Skjal nr. 4(55).

---

hendi þann 6. júní árið 1924. Skjalið er dagsett þann 21. apríl árið 1923, en er óvottað.<sup>108</sup>

Samkvæmt manntali í Tjarnarsókn, þann 31. desember 1924, býr Annas Sveinsson og fjölskylda hans, að Engjabrekku.<sup>109</sup>

Eftirfarandi samningur er frá 13. maí 1926:

Jörðinni fylgja skv. úttektargjörð frá 29. dag maí 1923: Baðstofa, búr, eldhús, göng og fjós, ennfremur samkvæmt úttektargjörð frá 1. janúar 1918 geymsluhús 6+5 al og sverast (sic?). Því úr hesthúsi, sem stendur á jörðinni.

Landamerki jarðarinnar eru: Að norðan ræður Seljagil á fjall upp, þaðan bein lína suður háfjallið, eftir því, sem vötnum hallar, fram á móts við Þröskuld úr Ásgarðsdalsbotninum og beint vestur í Kaldaklofa Þröskuld. Þaðan ræður Ambáttardalsá merkjum út til ármóta svo Þorgrímsstaða út til Seljagils.<sup>110</sup>

Samkvæmt Fasteignabók 1932 er jörðin Engjabrekka í eigu Þverárhrepps, og metin á 2.100 krónur.<sup>111</sup>

Samkvæmt manntali í Tjarnarsókn frá árinu 1935, býr ekkja Annasar Sveinssonar, Helga Jakobsdóttir, að Engjabrekku, ásamt átta börnum sínum. Enginn býr að Engjabrekku ári síðar.<sup>112</sup>

Samkvæmt yfirliti yfir fjallskilakostnað frá árinu 1935, greiðir fjölskyldan að Engjabrekku 2 krónur og 40 aura í fjallskil það árið.<sup>113</sup>

Samkvæmt skýrslu hreppstjórans Eggerts Levy, um ábúendur jarðeigna í Þverárhreppi í Vestur Húnavatnssýslu, fardagaárid 1935–1936, sem dagsett er þann 15. Janúar árið 1936, er landvirði Engjabrekku talið vera 17 hundruð en virði húsa talið til 4 hundraða.<sup>114</sup>

Samkvæmt samantekt um ræktað land og jarðargróða, og búnaðarástandið í Þverárhreppi í Vestur Húnavatnssýslu frá árinu 1936, er einskis manns getið sem ábúanda á Engjabrekku, heldur aðeins fært inn nafn hreppsins í reit fyrir mannanöfn.<sup>115</sup>

Varðveitt er iðgjaldskvittun frá Brunabótafélagi Íslands, vegna Engjabrekku, vegna váttryggingartímabilsins 15. október 1936 til 15. október 1937. Kvittunin er dagsett þann 15. október 1936.<sup>116</sup>

---

<sup>108</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>109</sup> Skjal nr. 2(128).

<sup>110</sup> Skjal nr. 2(2).

<sup>111</sup> Skjal nr. 4(37).

<sup>112</sup> Skjal nr. 2(129).

<sup>113</sup> Skjal nr. 5(6) a-b.

<sup>114</sup> Skjal nr. 5(10) a-b.

<sup>115</sup> Skjal nr. 5(11) a-b.

<sup>116</sup> Skjal nr. 5(4) a-b.

---

Varðveittur er reikningur fyrir fermingu barns, Þórdísar Annasdóttur frá Engjabrekku, en hún mun hafa fermst vorið 1936. Reikningurinn er dagsettur þann 31. desember árið 1936.<sup>117</sup>

Í Fasteignabók 1942 er jörðin Engjabrekka sögð vera afrétt í eigu Þverárhrepps.<sup>118</sup>

Í Fasteignabók 1957 er jörðin Engjabrekka sögð vera afrétt í eigu Þverárhrepps, og metin á 1.600 krónur.<sup>119</sup>

Árið 1978 skrifar Pétur Aðalsteinsson eftirfarandi um Engjabrekku í ritið *Húnaþing II*:

### ENGJABREKKA

Eyðibýli framarlega í Þorgrímsstaðadal að austan. Þarna er víðlendi og fjárhagar að sumarlagi góðir, og því hefur Þverárhreppur fyrir löngu keypt land jarðarinnar og er það nú notað sem upprekstrarland.

Síðustu ábúendur hjónin Annas Sveinsson [1884-1935] og k. H. Helga Jakobsdóttir [1883-1959].<sup>120</sup>

Árið 1980 birtist viðtal við Sigurbjörn Björnsson, fyrrum eiganda Engjabrekku, í Þjóðviljanum. Þá starfaði Sigurbjörn sem trjáræktarbóndi á Hreggstöðum í Mosfellsdal. Í viðtalinu kemur fram að foreldrar hans reistu nýbýlið Engjabrekku á árunum 1915–1916. Þar segir:

Ég er Vestur-Húnavetningur, fæddur þar og uppalinn og dvaldi aðallega í Vestur-Hópinu og á Vatnsnesinu. Foreldrar mínir voru fátækir og

það var erfitt að fá jarðnaði í þá daga. Þeir, sem minna máttu sín

efnalega, urðu því tíðum að láta sér lynda að vera í vinnumennsku, kannski stundum húsmennsku, og svo var með þá. En þrátt fyrir fátæktarbasl kom þó

að því, að þau réðust í að stofna nýbýli, sem þau nefndu Engjabrekku. Það var lengst frammi í Þorgrímsstaðadal á Vatnsnesi. Það gerðist 1915-1916 rétt fyrir harðindaárin 1917-1919. Það býli er nú komið í eyði, eins og ýmis önnur á þessum slóðum þótt lífvænlegri væru en Engjabrekka.<sup>121</sup>

#### 5.2.1.2 Ásgarður

Þann 21. nóvember árið 1485 er Ásgarðs getið í merkjalýsingu á milli Tungu og Ásbjarnarstaða. Skjalið hermir að þá eigi Tjarnarkirkja land fram að Seljagili á móti Ásgarði. Þar segir:

---

<sup>117</sup> Skjal nr. 5(5)a-b.

<sup>118</sup> Skjal nr. 4(36).

<sup>119</sup> *Fasteignabók I*. Reykjavík, 1956-57, bls. 144.

<sup>120</sup> Pétur Aðalsteinsson, „Þverárhreppur“. *Húnaþing II*, (407-447). Akureyri, 1978, bls. 411.

<sup>121</sup> „Verst að þrekið er búið þegar fótfestu er loks náð“. *Þjóðviljinn. Sunnudagsblaðið*. Blað II, 2.-3. ágúst 1980. (bls. 8-9). 45. árg., 174.-5. tbl., bls. 8.

---

Það giorum uid filipus filipusson og sigurdur jonsson. godum monnum uituriigt med þessu ockru opnu brefi ad uid uornm uistfaster aa tiarnarstad aa uatznesi. hia sira Egli jonssyni. og j nauero uid hann. hieilt hann og hafdi tugtugu uetur eda leinngr ataululaust. suo ad uid uissum eigi annat sannara uegna kirkiunnar og stadarins jordena tungu er liggr j Tiarnar kirkiu sokn. raed þessari landeign. hid efra og hid nedra og þar j milli. framm ad seliagile. j motz uid aasgard. Bio jon steffansson tolf uetur eda leinngr j fýr nefndri jord tungu. uissum uid og saum hann bædi slaa og yrkia, og allt gagn af hafa sem leigulida bar j greinndu takmarki. uar og aa su er fiellur j milli tungu og asbiarnarstada halldin laugmerki þar sem hun rann riett ad fornu fari. og uetnæmer fiskar geingu j . suo leinngi sem uid uissum til. og hier epter uilium uid sueria ef þurfa þiker.

Og til sanninnda hier um settumuid fýrr nefnder menn ockur jnnscigli firir þetta bref er giort uar j kirkiuhuammi j midfirði manudagiu næsta firir clemens messu um ueturinn. aarum epter gudz burd þusund flogur hundrut aattatiger og fim aar.<sup>122</sup>

Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590, er eyðijörðin Ásgarður sögð vera eign kirkjunnar að Breiðabólstað.<sup>123</sup>

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1705 yfir Húnavatnssýslu, nánar tiltekið yfir Vestarahópshrepp, er kafli um Ásgarð. Þar segir:

**Asgardur.** Fornt eyðiból, veit það engi maður hvað langt er síðan þessi bólstaður eyðilagst hefur, en þó sjest þar ennú til girðinga nokkuð lítið og svo til bæjarstæðis. Liggur þetta eyðiból í því Breiðabólstaðarkirkju afrjettarlandi, sem fram yfir allra lifandi manna minni og tilspurn hafa Breiðabólstaðar haldarar átölulaust og ómótmælt haft og haldið Breiðabólstaðarkirkju afrjettarland og tolla eftir tekið, og so helst það enn í dag. Munnmæli eru, að hjer skuli til forna hafa kirkjustaður verið. Engin vita menn rök til þess nema þaug ein, að hjer skuli hafa nokkur mannabein fundist, og eru menn þó ekki í vissu þar um, hvort satt sje eður munnmæli ein.

Tún alt er í hrjóstur komið og mosamó, er því ómögulegt aftur að byggja, fyrir því að vetrarríki vildi fordjarfa yrkingu manna, þó staðarhaldarinn að Breiðabólstað vildi leggja hjer kostnað til að brjóta jörð til taðna uppá óvissa von. Þar með er og túnstæði lítið og brotið af á þeirri, er úr dalnum fellur.<sup>124</sup>

Í sömu heimild, segir enn fremur eftirfarandi um Ásgarð, í kafla um eyðibólið Ásbjarnarnes, í sömu sveit:

---

<sup>122</sup> Skjal nr. 2(96).

<sup>123</sup> Skjal nr. 2(102) a-b.

<sup>124</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, VIII. Húnavatnssýsla, bls. 151-152.

---

Priðja Ásgarður. Þar er túnstæði alt í hrjósturmó og hrís komið, og því örvænt að byggjast kunni. Þar með efast menn, hvort vatnsból sje hjer bjarglegt eður ekkert.<sup>125</sup>

Í vísitasíum að Breiðabólstað árin 1716, 1749 og 1833, kemur fram, að hið gamla eyðiból Ásgarður sé í eigu kirkjunnar að Breiðabólstað.<sup>126</sup>

Í úttekt að Breiðabólstað, dagsettri þann 4. júní árið 1846, er Ásgarður talinn upp á meðal eigna Breiðabólstaðarkirkju.<sup>127</sup>

Minnst er á Ásgarðsdalsbotn í landamerkjum jarðarinnar Þorgrímsstaða á Vatnsnesi og Breiðabólstaðarafréttar (hvort tveggja eign Breiðabólstaðarkirkju) í landamerkjabréfi dagsettu þann 6. júlí árið.<sup>128</sup>

Í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* frá árinu 1895, eru birtar niðurstöður úr rannsókn Brynjúlfs Jónssonar á sögustöðum í vesturhluta Húnavatnssýslu, sumarið 1894. Í umfjöllun Brynjúlfs um Ambáttará, segir eftirfarandi um Ásgarð, og sagnir um kirkju þar:

Inn úr sjálfum botni Þorgrímsstaðadals gengur Ásgarðsdalur. Þar var áður bær, er hjet í Ásgarði. Þar var kirkja, og áttu bæirnir í Hlíðardalnum kirkjusókn þangað og fleiri bær sunnan fjalls. En eitt sinn villtist kirkjufólk á heimleið þaðan í kafaldsbyl, og hröpuðu 18 menn ofan af fjallinu þar sem síðan heitir Bani innanvert við Hlíðardalinn. Lagðist þá niður kirkjan í Ásgarði og síðan bærinn.<sup>129</sup>

Ekki er þess getið í *Prestatali og prófasta á Íslandi*, að á Ásgarði hafi verið bænhús eða kirkja til forna.<sup>130</sup>

Ásgarðs er aðeins getið einu sinni í hinu *Íslenska fornbréfasafni*, eftir því sem best verður séð, nánar tiltekið í merkjalýsingu á milli Tungu og Ásbjarnarstaða, þann 21. nóvember árið 1485.<sup>131</sup> Sjá nánar fremst í þessum kafla um Ásgarð.

Minnst er á Ásgarðsdalsbotna í landamerkjabréfi Engjabrekku í Þverárhreppi, dagsettu þann 13. maí árið 1926.<sup>132</sup>

Í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* frá árinu 1932, er birt skrá Þorsteins Konráðssonar yfir eyði-býli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi. Þar skrifar Þorsteinn eftirfarandi um Ásgarð, í kafla helguðum eyðiplássum í Vestrahópshreppi hinum forna (Þverárhreppi):

---

<sup>125</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, VIII. Húnavatnssýsla, bls. 215.

<sup>126</sup> Skjal nr. 2(82) a-b, 2(83) a-b og 2(85) a-b.

<sup>127</sup> Skjal nr. 2(81) a-b.

<sup>128</sup> Skjal nr. 2(1).

<sup>129</sup> Brynjúlfur Jónsson, „Rannsókn sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. (bls. 1-10). 10. árg., 1895, bls. 2.

<sup>130</sup> Sveinn Níelsson, *Prestatal og prófasta á Íslandi* II, 2. útg., Reykjavík, 1950, bls. 215-239.

<sup>131</sup> Skjal nr. 2(96).

<sup>132</sup> Skjal nr. 2(2).

---

Ásgarður liggur í Þorgrímsstaðadal í Vatnsnesfjalli. Þjóðsögn er til um, að Ásgarður hafi verið prestsetur og all-margir bæir -sóknin- í dalnum, allir komnir í auðn; nöfn á þeim þekkjast ekki.<sup>133</sup>

Árið 1950 skrifar Páll Kolka eftirfarandi um jarðir í Þorgrímsstaðadal og svo nálæga dali, eyðijarðir á svæðinu og landshætti og getur hér um Ásgarð:

Þorgrímsstaðadalur er fagur dalur og grösugur mjög, með flata dalgrund, véltækjar engjar og ógenga hamra innan til á báðar hliðar, vestan í Tungu og austan í Brandafelli. Hann skiptist efst í tvo afdali, Ásgarðsdal að austan og Ambáttardal að vestan. Milli þeirra gengur Miðtunga norður úr Háheiði. Tunguá, sem rennur eftir dalnum, mun áður hafa heitið Ambáttará og hann Ambáttardalur alla leið til sjávar, þótt svo heiti nú aðeins afdalurinn. Landnám Haralds hrings náði að Ambáttará, og þar eru enn hreppamörk, því að þar lýkur Þverárhreppi, en Kirkjuhvammshreppur tekur við. Nokkurar [svo] jarðir eru í dalnum. Austan árinna, um 4 km. frá sjó, er Tunga, en Ásbjarnarstaðir lítið eitt ofar að vestanverðu. Þaðan er miðlungsbæjarleið að Þorgrímsstöðum, en gegnt þeim að austanverðu er eyðibýlið Engjabrekka, byggt fyrst á síðustu öld. Enn eru þrjú eyðikot ofar í dalnum, Ásgarður austan ár, rétt við mynni Ásgarðsdals, og Katastaðir og Ambáttarkot vestan hennar.<sup>134</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1958, segir eftirfarandi í kafla um Tjörn á Vatnsnesi, hvar fjallað er um Þorgrímsstaðadal:

Hið neðra er dalurinn grösugur í bezta lagi, og eru þar fjórir bæir. Neðst er *Tunga* austan ár. Hún stendur á sléttlendi nokkru við ána. *Ásbjarnarstaðir* eru nokkru ofar að vestan, 100 m yfir sjó. Þaðan er góð bæjarleið að *Þorgrímsstöðum* (160 m) og Engjabrekku (100 m), nú í eyði. Uppi við Miðtungusporðinn er eyðibýli, Ásgarður. Stendur það aðeins í 160 m hæð, og sést af því, hve hallalítill dalbotninn er.<sup>135</sup>

Í kafla um Þverárhrepp, í Húnaþingi II, frá árinu 1978, segir eftirfarandi, m.a. um Ásgarð, í kafla um forn eyðibýli og hjáleigur:

Í Þorgrímsstaðadal var Engjabrekka, byggð fyrst á 19. öld. Ofar í dalnum var Ásgarður, austan ár við mynni Ásgarðsdals, og Katastaðir og Ambáttarkot vestan árinna. Í landi Tjarnar voru hjáleigurnar Kollur, Byrgi og Geitatóftir.

Margar hjáleigur munu vera hér ótaldar, en ég læt staðar numið. Má nærri geta að mörg þessi býli hafa ekki veitt búendum nein ríkismannakjör, og mun sanni nær, að þar var í flestum tilfellum aðeins um fátækt og örbyrgð að ræða.<sup>136</sup>

---

<sup>133</sup> Þorsteinn Konráðsson, „Skrá yfir eyði-býli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. (bls. 60-71). 44. árg., 1932, bls. 62.

<sup>134</sup> Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 351.

<sup>135</sup> Jón Eypórsson, *Árbók Ferðafélags Íslands* 1958. Vestur Húnavatnssýsla. Reykjavík, 1958, bls. 71.

<sup>136</sup> Pétur Aðalsteinsson, „Þverárhreppur“. *Húnaþing II*, (407-447). Akureyri, 1978, bls. 411.

---

Í kafla um Þverárhrepp, í Húnaþingi III, frá árinu 1989, segir eftirfarandi um Ásgarð:

Rétt norðan við veginn, austan í Björgunum fyrir utan og ofan Vatnsenda var Ásgarður. Þar upp af er smáskarð í Björgunum og er ekki ósennilegt að nafnið hafi upphaflega verið dregið af því, það er Ásskarð.<sup>137</sup>

Í Húnaþingi III, er einnig ljósmynd af bæjarstæði Ásgarðs. Í myndatexta segir:

*Bæjarstæði Ásgarðs. Þar sem örin vísar á sá Jóna Annasdóttir, þegar hún var barn í Engjabrekku, koma fram úr barðinu bein nokkur.*<sup>138</sup>

Landamerkjabréf fyrir Ásgarði hefur ekki fundist.

### 5.2.1.3 Ambáttarkot

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vatnsneshrepp í Húnavatnssýslu frá árinu 1705, kemur ýmislegt fram um Ambáttarkot. Jörðin er kölluð „misgreiníngarland“ millum Þingeyraklausturs(haldara) og Breiðabólstaðar. Byggð mun hafa legið þar niðri um langan aldur, svo komist á fót um skeið, en síðan fallið á ný niður. Í jarðabókinni sjálfri segir eftirfarandi um Ambáttarkot:

Ambáttarkot er nú í auðn og hefur so verið í 8 eður 10 ár. Þar hafði í manna minni aldrei byggð verið yfir 100 ár og mikið lengur að menn ætla, fyr en Lauritz Gottrup, sem nú [1705] er lögmaður, ljet reisa þar byggð á vorum dögum, innan 20 ára, og eignaði Þingeyraklaustri þetta land, sem þó stendur á millum Þorgrímsstaða, efalausrar Breiðabólstaðar jarðar á aðra síðu, en á aðra síðu efalausrar Breiðabólstaðar afrjettar. Hefur staðarhaldarinn, Sr. Ólafur að Breiðabólstað, hjer við lítt unað og enginn dómur á gengið. Byggð sú, er lögmaðurinn setti í þessu ódæmdu misgreiníngarlandi, varaði fáein ár og lagðist aftur í auðn, því enginn bauðst til ábýlisins so menn viti. (Menn ætla býlið hafi varað tvö heldur en þrjú ár). [...].

Það eru munnmæli (en öngva grein vita menn til þess) að þetta land hafi áður kallað verið Katastader, en býlið, það er Lauritz lögmaður ljet reisa, var ekki sett á þeim fornu gerðum, sem líkindi sjást til að áður hafi byggð verið, heldur þar skamt frá í öðrum stað, nær manna byggðum. Þar sem forna bólstaðiss líkindi eru, hefur mýri og vötn, sem úr brattlendi falla, eyðilagt túnstæðið, og var því nokkru betur ástatt þar sem lögmaðurinn ljet býlið setja, en lítið varð af túnrækt.

Tún má ekkert telja.

Engjar eru ekki aðrar en þær, sem ábúandi kunni að velja sjer úr högum, og mátti hann víða um kjósa. Eru og þær slægjur allgóðar og því nær töðugæft hey.

---

<sup>137</sup> Hjördís Gísladóttir, Hofi, „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“. *Húnaþing III*, (273-342). Akureyri, 1989, bls. 323.

<sup>138</sup> Hjördís Gísladóttir, Hofi, „Þáttur um eyðibýli í Húnaþingi“. *Húnaþing III*, (273-342). Akureyri, 1989, bls. 324.

---

Hagar nægir og góðir um sumar, en engin önnur hlunnindi en fyrr eru talin.

Ekki örvænta menn að hjer mætti aftur byggja, hvort heldur sem klaustrið á Þíngeyrum eður staðurinn beneficium Breiðabólstaður hefur rjett til að láta þetta land yrkja.

Ekki vita menn hvað fóðrast kunni, en það vita menn, að sá er ábjó slátraði hjer kvikfé sínu til fæðiss sjer, og olli því vetrarríki og harðindi.

Hjer er stærsta óþverravon og það helst til meina, so heyskapur getur naumlega að gagni komið.<sup>139</sup>

Þess má geta að hvergi er minnst á þetta fornbylí, Katastaði í Húnaþingi, í hinu *Íslenzka fornbréfasafni*, eftir því sem best verður séð.

Í jarðmatinu 1804 segir að kirkjujarðirnar Þorgrímsstaðir og Ambáttarkot, báðar tilheyrandi Breiðabólstaðarkirkju, liggi í eyði. Báðar jarðirnar eru sagðar staðsettar í Breiðabólstaðarafrétt og nýttar sem beitiland.<sup>140</sup>

Í Jarðatali J. Johnsens frá árinu 1847 kemur fram, að hin forna eyðijörð Ambáttarkot, hafi verið höfð til beitar. Þar segir:

Þorgrímstaðir [...] A.M einn telur jörðu þessa 10 h. að dýrleika: hann nefnir og eyðijörð forna í Þorgrímstaða landi rétt við almenníng þann, sem Breiðabólstaðar kirkja í Vesturhópi á, Ambáttarkot, og var hún 1802 höfð til beitar.<sup>141</sup>

Árið 1929 færði Ólafur Lárússon eftirfarandi í letur um nöfn hjáleigna og kota, og minnst þar m.a. á Ambáttarkot:

Að hjáleigunöfnin, og þó einkum kot-nöfnin, séu ung, styðst og við fleiri líkur. Af öllum bæjanöfnum, sem nú eru kunn [þ.e. árið 1929], endar nálega tíunda hvert nafn á kot. Samt er ekki einn einasti bær með slíku nafni nefndur í fornritunum. Þeir fara fyrst að koma við sögur á 14. öld, og þó mjög fáir fyrst í stað. [...].

Varla nokkurt af þessum nöfnum er mjög fornlegt. Hið fornlegasta er Ambáttarkot á Vatnsnesi. Það virðist benda alla leið aftur til sögualdar. En Árni Magnússon getur þess, að býli þetta hafi eigi verið byggt fyr en seint á 17. öld, í landi eyðijarðar, er heitið hafi Katastaðir. Nafn þetta er því ungt, þó það sýnist vera fornlegt.<sup>142</sup>

Í *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* frá árinu 1932, er birt skrá Þorsteins Konráðssonar yfir eyði-býli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi. Þar er Ambáttarkot talið upp á meðal eyðiplássu í Vatnsneshreppi hinum forna (Kirkjuhvammshreppi).<sup>143</sup>

---

<sup>139</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII*. Húnavatnssýsla, bls. 149-150.

<sup>140</sup> Skjal nr. 2(68).

<sup>141</sup> Skjal nr. 4(34).

<sup>142</sup> Ólafur Lárússon, „Úr byggðarsögu Íslands“. *Vaka. Tímarit handa Íslendingum*. (bls. 319-369). 3. árg., 3 tbl., 1929, bls. 364; sjá einnig: Ólafur Lárússon, *Byggð og saga*. Reykjavík, 1944, bls. 53-54.

<sup>143</sup> Þorsteinn Konráðsson, „Skrá yfir eyði-býli, -hjáleigur og -sel í Húnaþingi. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*. (bls. 60-71). 44. árg., 1932, bls. 61-62.



---

Árið 1944, ritaði Ólafur Lárusson eftirfarandi um Ambáttarkot:

Hið fornlegasta [nafn/örnefni] er Ambáttarkot á Vatnsnesi. Það virðist benda alla leið aftur til sögualdar. En Árni Magnússon og Páll Vídalín geta þess, að býli þetta hafi eigi verið byggt fyrr en sent á 17. Öld, í landi eyðijarðar, er heitið hafi Katastaðir. Nafn þetta [Ambáttarkot] er því ungt, þó það sýnist vera fornlegt.<sup>144</sup>

Hjá Páli Kolka kemur fram sú meining árið 1950, að Ambáttarkot hafi staðið vestan Tunguár í Þorgrímsstaðadal, ekki fjarri Ásgarði, sem stóð austan Tunguár.<sup>145</sup>

Árið 1977 efaðist fræðimaðurinn Peter G. Foote að telja mætti Ambáttarkot sem ósvikið og fornt bæjarnafn og tekur undir meiningu Ólafs Lárussonar, að örnefnið Ambáttarkot, sé ekki eldra en frá sautjándu öld.<sup>146</sup>

Árið 1995 skrifaði Steingrímur Steinþórsson eftirfarandi um Ambáttarkot í kafla um Þorgrímsstaði:

*Ambáttarkot* hét hjáleiga í Ambáttardal sem byggð var á fyrri öldum, síðast líklega skömmu fyrir 1700, en þá lét Lárus Gottrup reisa þar býli og eignaði Þingeyraklaustri, þótt jörðin lægi á milli landa Breiðabólstaðar. Talið er að sú byggð hafi aðeins staðið í tvö eða þrjú ár, enda fékkst víst enginn til ábúðar eftir það. Þá eru til munnmæli um *Katastaði* og telja sumir að um sama land sé að ræða og Ambáttarkot, en að bærinn hafi staðið annars staðar.<sup>147</sup>

#### 5.2.1.4 Þorgrímsstaðir

Í máldaga Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1318, kemur fram að kirkjan á Breiðabólstað í Vesturhópi eigi alla Þorgrímsstaði.<sup>148</sup>

Í elsta hluta Sigurðarregisturs, frá árinu 1525, eru Þorgrímsstaðir taldir upp á meðal jarðeigna kirkjunnar á Breiðabólstað.<sup>149</sup>

Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590, er eyðijörðin Þorgrímsstaðir sögð vera eign kirkjunnar að Breiðabólstað.<sup>150</sup>

Í vísitasíum að Breiðabólstað árin 1679, 1693, 1700, 1716, 1749, 1790 og 1833, kemur fram, að Þorgrímsstaðir séu í eigu kirkjunnar að Breiðabólstað.<sup>151</sup>

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vatnsneshrepp frá árinu 1705 áttu tvær jarðir í Vatnsneshreppi tollalausan lambaupprekstur á Breiðabólstaðaafrétt, annars vegar Ásbjarnarstaðir og hins vegar Þorgrímsstaðir, en

---

<sup>144</sup> Ólafur Lárusson, *Byggð og saga*. Reykjavík, 1944, bls. 54.

<sup>145</sup> Páll V. G. Kolka, *Föðurtún*, (1950), bls. 351.

<sup>146</sup> Peter G. Foote, „Prælahald á Íslandi“. *Saga. Tímarit Sögufélags*. (bls. 41-74). 15. árg. (1977), bls. 46. Sjá einnig athugasemdir í neðanmálgrein á sömu blaðsíðu.

<sup>147</sup> Steingrímur Steinþórsson, *Saga Hvammstanga og hins forna Kirkjuhvammshrepps I*, [Hvammstangi], 1995, bls. 81-82.

<sup>148</sup> Skjal nr. 2(73).

<sup>149</sup> Skjal nr. 2(74).

<sup>150</sup> Skjal nr. 2(102) a-b.

<sup>151</sup> Skjöl nr. 2(131), 2(132), 2(133), 2(82) a-b, 2(83) a-b, 2(84) a-b og 2(85) a-b.

---

hin síðarnefnda var í auðn á þeim tíma sem jarðabókin yfir Vatnsneshrepp var tekin saman.<sup>152</sup> Sjá nánar umfjöllun í afréttarkafla.

Í jarðamatinu 1804 segir að kirkjujarðirnar Þorgrímsstaðir og Ambáttarkot, báðar tilheyrandi Breiðabólstaðarkirkju, liggi í eyði. Báðar jarðirnar eru sagðar staðsettar í Breiðabólstaðarafrétt og voru nýttar sem beitiland.<sup>153</sup>

Í Jarðatali J. Johnsens frá árinu 1847 er eftirfarandi athugasemd gerð vegna Þorgrímsstaða:

Þorgrímstaðir [...] A.M einn telur jörðu þessa 10 h. að dýrleika: hann nefnir og eyðijörð forna í Þorgrímstaða landi rétt við almenníng þann, sem Breiðabólstaðar kirkja í Vesturhópi á, Ambáttarkot, og var hún 1802 höfð til beitar.<sup>154</sup>

Í jarðamatinu 1849, kemur ekkert fram í kaflanum um Þorgrímsstaði, sem varpar nokkru ljósi tengsl jarðarinnar við Breiðabólstaðarafrétt. Í kafla um Breiðabólstað og afrétt tilheyrandi þeirri jörðu hins vegar, er að finna nokkuð um þau tengsl. Þar segir:

Jörðinni fylgir afrjettarland, en af þessu afrjettarlandi er byggð jörðin Þorgrímsstaðir innan Kirkjuhvamms hrepps, og mezt einungis afrjettarlandið hjer með heimajörðinni, er sú afrjett lítil en kostagóð, kallast landið Breiðabólstaðar afrjett, og er Ásagarðsdalur austurpartur þess, allt út að Seljagili, en vesturparturinn er Ambáttardalur allur austanvert í dalnum, en vestanvert í sama dal út að Brandaskarðsá. Afrjettin metin [...] 100 rbd.<sup>155</sup>

Í kafla um Breiðabólstað í Vesturhópi í brauðamati fyrir kirkjur Íslandi frá árinu 1854, eru Þorgrímsstaðir taldir upp á meðal kirkjujarða staðarins, og taldir vera 16 hundruð að dýrleika.<sup>156</sup>

Þann 6. júlí 1887 voru landamerki jarðarinnar Þorgrímsstaða á Vatnsnesi og Breiðabólstaðarafréttar, hvort tveggja eign Breiðabólstaðarkirkju, ákveðin. Þetta var upplesið á manntalsþingi að Stóruborg, 1. júní 1891, og fært inn í landamerkjabók Húnavatnssýslu.<sup>157</sup> Þetta landamerkjabréf má sjá og lesa í afréttarkaflanum.

Í fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916, segir eftirfarandi um upprekstrarland og landamerki Þorgrímsstaða:

Jörðin á ekkert upprekstrarland, en hefur nægilegt land. [...] Landamerki: Ambáttardalur ræður merkjum að austan og fram að Gunnaskarðslæk, svo Gunnaskarðslækur að sunnan á háfjall, því næst ræður háfjallið á móts við

---

<sup>152</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII. Húnavatnssýsla*, bls. 145-148.

<sup>153</sup> Skjal nr. 2(68).

<sup>154</sup> Skjal nr. 4(34).

<sup>155</sup> Skjal nr. 2(69).

<sup>156</sup> „Braúðamat á Íslandi“. *Skýrslur um landshagi á Íslandi*. (bls. 430-543, 593-851). 2. árg., 2.b., 1861, bls. 747-749.

<sup>157</sup> Skjal nr. 2(1).

---

Merkjagilslæk, úr því ræður sá lækur merkjum að norðan austur í Ambáttardalsá.<sup>158</sup>

Árið 1995 skrifaði Steingrímur Steinþórsson eftirfarandi um Þorgrímsstaði:

Þessi jörð er gömul kirkjujörð, var alla tíð eign Breiðabólstaðarkirkju og komst hún ekki í einkaeign fyrr en seint á síðustu öld [þ.e. á 19. öld]. Byggð virðist lengi hafa verið slitrótt á jörðinni. Í jarðabókinni segir að séra Ólafur Erlendsson á Breiðabólstað hafi látið byggja „...á þessu afgangla eyðibóli“ skömmu fyrir 1620 og þá hefði hún legið í auðn fram yfir allra minni. Jörðin var í eyði 1703 og 1705. Ekki er að sjá að búið hafi verið á henni alla 18. öld og fyrst 1845 eru heimildir um byggð þar. [...] Jörðin hefur verið í byggð alla þessa öld [þ.e. þá tuttugustu] og er svo enn.<sup>159</sup>

Samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands voru Þorgrímsstaðir ekki í byggð árið 1703. Hins vegar var búið á Þorgrímsstöðum manntalsárin 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1880, 1890, 1901, 1910 og 1920.<sup>160</sup>

### 5.2.1.5 Ásbjarnarstaðir

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns Vatnsneshrepp* frá árinu 1705 áttu tvær jarðir í Vatnsneshreppi tollalausan lambaupprekstur á Breiðabólstaðarafirétt, annars vegar Ásbjarnarstaðir og hins vegar Þorgrímsstaðir.<sup>161</sup>

Landamerkjabréf fyrir Ásbjarnarstöðum var útbúið 19. maí 1885 og þinglesið 11 dögum síðar:

Að sunnan milli Ásbjarnastaða og Þorgrímsstaða ræður svonefnt Merkjagil, og frá því bein lína austur til ár, eins frá Merkgili tilvesturs upp á háfjallið, ræður það þá að vestan sem vötn að falla norður um Sjónarhól og til merkjalínu Gnýstaða, þaðan að norðan austur til Gildru, sem einkennd er með vörðu, og frá henni beina línu í grjótvörðu, er stendur á háholtinu nálægt ánni fyrir norðan Svartabakka og Tungubæ og úr þessari vörðu sömu stefnu niður að ánni, ræður hún þá merkjum að austan sem hún fellur, þó heyrir undir Tungu engjapartur, sem nefnist Sandeyri, og liggur fyrir vestan ána, suður af Guddu-eyri, og suður og vestur undan Tjarnarhólma.<sup>162</sup>

B. G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni St. Þorlákssyni presti að Tjörn.

Í fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916, segir að Ásbjarnarstaðir eigi ekkert upprekstrarland. Landamerkjum jarðarinnar er lýst svo á sama tíma:

---

<sup>158</sup> Skjal nr. 2(70).

<sup>159</sup> Steingrímur Steinþórsson, *Saga Hvammstanga og hins forna Kirkjuhvammshrepps I*, [Hvammstangi], 1995, bls. 81.

<sup>160</sup> ÞÍ. Manntalsvefur Þjóðskjalasafn Íslands. Leitarforsendur: „Þorgrímsstaðir“ og „Húnavatnssýsla“. Sjá manntal.is

<sup>161</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII*. Húnavatnssýsla, bls. 145-148.

<sup>162</sup> Skjal nr. 2(3).

---

Landamerki: Að sunnan ræður svonefnd Merkjagil og frá því beina línu austur til ár, eins beint frá merkjagili til vesturs, upp á háfjallið, ræður það þá að vestan sem vötn að draga norður um Sjónarhól og til merkjalínu Gnísstaða, þaðan að norðan, austur til Gildru, sem einkend er með vörðu og frá henni beina línu í grjótvörðu, er stendur á háholtinu nalægt ánni fyrir neðan Svartabakka og Tungubæ og úr þeirri vörðu sömu stefnu niður að ánni. Ræður hún þá merkjum að austan sem hún fellur, þó heirir undir Tungu engjastikki, sem nefnist Sandeyri og liggur fyrir vestan ána, suður af Guddeiri og suður og vestur af Tjarnarhólma.<sup>163</sup>

### 5.2.1.6 Tunga

Þann 21. nóvember árið 1485 er Ásgarðs getið í merkjalýsingu á milli Tungu og Ásbjarnarstaða. Sjá umfjöllun um Ásgarð.

Landamerkjabréf fyrir Tungu var útbúið 25. apríl 1889 og þinglesið 30. maí 1890:

Að norðan eru merki úr Stórhól við Tungufoss beina sjónhending í Hraunhól á norðan-verðu Tungufjalli, þaðan eru merki á fjall upp til suðurs, og þá eptir því sem vötn að draga allt til móts við Seljagil, að sunnan ræður Seljagil merkjum ofan í á, ræður svo áin merkjum út til Stórhóls. Ennfremur til heyrir Tungu engjablettur, svo kölluð Sandeyri, er liggur suður og vestur af Tjarnarhólma, vestan megin árinna, að öðru leyti takmarkast hún af gömlum árfarveg eða sýki.

Innan ofanskrafaðra merkja til heyrir prestssetrinu Tjörn, engjateigur svonefndur Tjarnarhólmi, sem að austan er afmarkaður með fornum árfarveg eða sýki, sem nú er kallað Hólmasýki, en að vestan ræður áin.<sup>164</sup>

Undir bréfið skrifuðu J. S. Þorláksson prestur, Gunnl. Halldórsson prestur að Breiðabólstað, G. Jónsson ábúandi á Tungu og B. G. Blöndal umboðsmaður yfir þjóðjörðunum Egilsstöðum og Ásbjarnarstöðum.

Í fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916, segir eftirfarandi um Tungu í Þverárhreppi:

Jörðin hefur nokkurn vegin nægilegt land, enda heimild til uppreksturs í afrjett, sem liggur við land jarðarinnar. [...] Landamerki: að sunnan ræður Seljagil, frá Tunguá uppá hátungu, svo ræður hátungan, svo ræður hátungan norður í Hraunhol, úr Hraunhól í Stórhól, úr Stórhól sömu stefnu í Tunguá; ræður hún svo merkjum að Seljagili.<sup>165</sup>

### 5.2.1.7 Egilsstaðir

Landamerkjabréf fyrir þjóðjörðinni Egilsstöðum var útbúið 19. maí 1885 og þinglesið átta dögum síðar:

---

<sup>163</sup> Skjal nr. 2(70).

<sup>164</sup> Skjal nr. 2(4).

<sup>165</sup> Skjal nr. 2(70).

---

Að norðan ræður merkjum milli Egilsstaða og Tjarnar svo nefndur Hraunhóll, og frá honum beina línu í grjótvörðu, er stendur austan Katadalsár norðan við Illaskurð. Að austan við Egilsstaðaland ræður Katadalsá merkjum frá fyrnefndri vörðu til fremstu upptaka frá háfjallinu sem vötn að draga, og að sunnan og vestan hæst- fjöll sem vötn að falla, norður um Kvíngindisfell til fyrnefnds Hraunhóls.<sup>166</sup>

B. G. Blöndal umboðsmaður Þingeyraklaustursjarða skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni St. Þorlákssyni presti að Tjörn.

Í fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916, er landamerkjum Egilsstaða lýst svo:

Landamerki: Að norðan ræður merkjum svonefndur Hraunhóll og frá honum bein lína í grjótvörðu, er stendur austan við Katadalsá norðan við Illaskurð. Að austan ræður Katadalsá til fremstu upptaka frá háfjallinu, sem vötn að draga, að sunnan og vestan hæst fjöll, sem vötn að draga til austurs, ræður svo Kvíngindisfell til firnefnds Hraunhóls.<sup>167</sup>

#### 5.2.1.8 Tungukot

Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Vatnshrepp á frá árinu 1705, var Tungukot öðru nafni kallað Melsafrétt. Jarðabókin hermir enn frekar að Tungukot sé forn selstaða og afrétt frá Melstað. Einnig kemur þar fram að þar hafi fyrst verið reist býli „í manna minni innan 50 ára“ og að áður hafi þar engin byggð verið „og girðingar eru þar öngvar“.<sup>168</sup> Eigi vitnisburður jarðbókarinnar við rök að styðjast, hefur Tungukot byggst upp í fyrsta lagi um miðja 17. öld.

Í fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916, kemur eftirfarandi fram um landamerki Tungukots:

Landamerki jarðarinnar telur ábúandi þessi: Að vestan ræður Dalkotsá fram í Einstíglslæk, þá ræður sá lækur merkjum móts við Ánastaði alt til upptaka hans og síðan sem beinust lína þaðan suður og upp í Sandfellsöxl, svo eptir háfjallinu, svo langt sem vötn draga að Mjóadal. Að austan ræður Brunin og Háheiðin, svo langt norður sem vötnum hallar að Klafalæk. Úr því ræður sá lækur þar til hann fellur í Guddalsá, móts við Hlíðarland og síðan ræður Guddalsá þar til hún fellur í Dalkotsá.<sup>169</sup>

Árið 1995 skrifaði Steingrímur Steinþórsson eftirfarandi um Tungukot:

Í jarðabók Árna og Páls segir að Tungukot sé forn selstaða frá Melstað, enda nefndist jörðin einnig Melsafrétt og var í eigi Melstaðar. Hún er talin 10 hundruð. Hún stendur í Hlíðardal, á tungunni milli Mjóadalsár (Tungukotsár) og Gulldalsár, og segir í jarðabókinni að þar hafi fyrst verið reist býli um

---

<sup>166</sup> Skjal nr. 2(5).

<sup>167</sup> Skjal nr. 2(70).

<sup>168</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 131-132.

<sup>169</sup> Skjal nr. 2(70).

---

miðja 17. öld. Hún var í byggð 1703, en fór í eyði það sama ár og var svo 1705. Hún var einnig í eyði öll manntöl eftir það til 1816. Eftir það virðist hún hafa verið í samfelldri byggð 1965, en síðan hefur enginn búið í Tungukoti.<sup>170</sup>

### 5.2.1.9 Hlíð á Vatnsnesi

Landamerkjabréf fyrir Hlíð var útbúið 29. maí 1886 og þinglesið 14. júlí 1887:

- 1.) Að norðan, móts við Sauðadalsá eru landamerki: frá steini þeim, er stendur á mel við Hamarsárgilið, sunnanvert við Ytrikrókalág, sem auðkenndur er með stafnum L, beint að Þorsteinsvörðu, þaðan sama stefna beint á stein norðvestan á Hlíðarfjallinu, og enn sama stefna yfir nefnt fjall austur á Þröskuld, suður af Ambáttardal.
- 2.) Að vestan, móts við Almenning og Dalkot ræður merkjum ofanefnd Hamarsá frá því gengt fyrstnefndum steini, og fram til þess að Guðdalsá rennur saman við hana frá austri.
- 3.) Síðan er Guðdalsá merki millum Hlíðar og Tungukots neðan frá Hamarsá,- sem þar og er af sumum nefnd Dalkotsá-, upp þangað sem Klofalækur fellur í hana frá norðri, er hann svo merki, eins og hann rennur norðan Klofann frá upptökum, svo eru merki sem lægst liggur norður á, og yfir, Þröskuldurinn, þangað sem fyrstnefnd merki enda.<sup>171</sup>

Sveinn Jónsson eigandi Hlíðar skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Eggerti Ámundasyni eiganda Sauðadalsár og Þorvaldi Bjarnasyni presti að Mel umboðsmanni Dalkots og Tungukots.

Í fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916, er landamerkjum Hlíðar á Vatnsnesi lýst svo:

Landamerki jarðarinnar eru: Að norðan úr steini við ána (Hamarsá) merktur L. í Þorsteinsvörðu, úr henni í stein á brúninni norðast á Hlíðarfjalli merktur L., þá áfram austur sunnan við Grunnaskarð, austur í Klofa, svo eins og Klofalækur ræður í Guddalsá, svo ræður Guddalsá, þar til hún rennur í Hamarsá (Dalkotsá), svo úr því Hamarsá að first nefndum steini.<sup>172</sup>

### 5.2.1.10 Breiðabólstaður á Vatnsnesi

Í máldaga Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi, frá árinu 1318, kemur fram að kirkjan á Breiðabólstað í Vesturhópi eigi heimaland allt og alla Þorgrímsstaði.<sup>173</sup>

Í ítarlegum máldaga Jóns biskups Eiríkssonar fyrir Breiðabólstað, sem ársettur er 1360, kemur ekkert fram um afrétt á Vatnsnesi.<sup>174</sup>

---

<sup>170</sup>Steingrímur Steinþórsson, *Saga Hvammstanga og hins forna Kirkjuhvammshrepps I*, [Hvammstangi], 1995, bls. 71.

<sup>171</sup> Skjal nr. 2(6).

<sup>172</sup> Skjal nr. 2(70).

<sup>173</sup> Skjal nr. 2(73).

---

Í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar fyrir Breiðabólskirkju í Vesturhópi, sem er frá árinu 1472, er getið um afrétt staðarins, en ekki er þessi afréttur nefndur nokkru nafni.<sup>175</sup>

Í elsta hluta Sigurðarregisturs, frá árinu 1525, eru Þorgrímsstaðir taldir upp á meðal jarðeigna kirkjunnar á Breiðabólstað.<sup>176</sup>

Í kirknareikningi fyrir Breiðabólstað í Vesturhópi, frá árinu 1569, kemur ekkert fram um afrétt eða afréttarmálefni kirkjunnar þar.<sup>177</sup>

Um kirkjustaðinn Breiðabólstað í Vestarahópshreppi, hermir jarðabók Árna og Páls árið 1705, að staðurinn eigi og hafi afrétt. Þar segir:

Afrjett til lambaupprekstrar á og hefur staðurinn þar sem kallað er Ásgarðsdalur og Ambáttardalur. Þangað sækir lambaupprekstur byggð öll kríngum Vatnsnes og Vesturhópsfjall, og geldur toll af til staðarhaldarans, so sem jarðabókin í báðum þessum hreppum útvisar.<sup>178</sup>

Þann 28. júlí árið 1749 kirkjustólsbók Breiðabólstaðarkirkju hermir þann 28. júlí árið 1749, að kirkjan heimti lambselði af hverjum þeim bónda sem reki fé sitt á „staðarins afrétt“.<sup>179</sup>

Þann 10. júní árið 1770, vísiteraði héraðsprófastur Húnavatnssýslu, séra Þorsteinn Pétursson, Breiðabólstað. Kom þá fram að nokkrar lögfestur fyrir Breiðabólstaðarafrétt muni hafa fylgt gömlum skræðum kirkjunnar. Ekkert kemur nánar fram um efni og inntak þessara lögfestna, ártöl þeirra eða annað sem að gagni gæti komið, annað en það, að um þetta leyti hafi verið varðveittar lögfestur fyrir Breiðabólstaðarafrétt með skjölum Breiðabólstaðar.<sup>180</sup>

Þann 21. maí árið 1794, vísiteraði héraðsprófastur Húnavatnssýslu, séra Jónas Benediktsson, Breiðabólstað. Fram kom að lamba og geldfjárupprekstur væri hafinn að nýju í Breiðabólstaðarafrétt.<sup>181</sup>

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að staðarhaldarinn á Breiðabólstað hafi um 4 ríkisdala tekjur árlega af afrétti sem tilheyri jörðinni.<sup>182</sup>

Í Jarðatali J. Johnsens frá árinu 1847 kemur eftirfarandi fram um afréttartolla Breiðabólstaðarkirkju:

Breiðabólsstaður í Vesturhópi; [...] Afréttartollar, sem kirkjan áður fékk, verða nú eigi taldir til inntektar, síðan kirkjujörðin Þorgrímstaðir var byggð upp aptur í afréttar-landi staðarins.<sup>183</sup>

---

<sup>174</sup> Skjal nr. 2(110).

<sup>175</sup> Skjal nr. 2(112).

<sup>176</sup> Skjal nr. 2(74).

<sup>177</sup> Skjal nr. 2(113).

<sup>178</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VIII. Húnavatnssýsla, bls. 195. Fjallað er um Breiðabólsstað á bls. 195-197.

<sup>179</sup> Skjal nr. 2(105) a-b.

<sup>180</sup> Skjal nr. 2(106) a-b.

<sup>181</sup> Skjal nr. 2(107) a-b.

<sup>182</sup> Skjal nr. 2(68).

---

Í sömu heimild (Jarðatali J. Johnsens frá árinu 1847) segir ennfremur eftirfarandi um afréttartekjur prestsins á Breiðabólstað:

Breiðabólstaður í Vesturhópi [...] og segir þar [þ.e. í jarðamatinu 1802], að presturinn fái árlega 4 rd. eptir afrétt, er staðnum fylgi.<sup>184</sup>

Um Breiðabólstað og afrétt tilheyrandi þeirri jörð, henni segir svo í jarðamatinu 1849:

Jörðinni fylgir afrjettarland, en af þessu afrjettarlandi er byggð jörðin Þorgrímsstaðir innan Kirkjuhvamms hrepps, og mezt einungis afrjettarlandið hjer með heimajörðinni, er sú afrjett lítil en kostagóð, kallast landið Breiðabólstaðar afrjett, og er Ásagarðsdalur austurpartur þess, allt út að Seljagili, en vesturparturinn er Ambáttardalur allur austanvert í dalnum, en vestanvert í sama dal út að Brandaskarðsá. Afrjettin metin [...] 100 rbd.<sup>185</sup>

Í kafla um Breiðabólstað í Vesturhópi í brauðamati fyrir kirkjur Íslandi frá árinu 1854, eru leigutekjur af Breiðabólstaðarafirétt í Vatnsnesfjalli taldar fram á meðal tekna staðarins af ískyldum, ítökum og hlunnindum prestakallinu „eptir máldögum þess og skjölum“.<sup>186</sup>

Landamerkjaskrá fyrir Breiðabólstaðarkirkjujörðinni Breiðabólstað, ásamt hjáleigum hennar Fossi og Bjarghúsum, var útbúið 30. maí 1892 og þinglesið degi síðar:

Að sunnan ræður merkjum Grundará upp eptir Heydal, vestur á fjall, eins og vötn að draga og ofan í Reiðarlæk, þaðan (frá ármótunum) ræður Reiðarlækur suður eptir að syðra Mómelahorni, þaðan bein lína austur í Óspakshelli vesta í Bjarghúsabjörgum, að austan ræður merkjum norður eptir brún þessara bjarga og, er þeim sleppir, þá bein lína úr hæstum björgum norðaustur á mel þann á Síðutagli er Nýpukotsvegurinn liggur um, og þaðan hæst taglið út í Faxalækjarós. Að norðan ræður merkjum Vesturhópsvatn, og upp frá því neðri Kýrlág, en er henni sleppir, þá bein lína frá vörðu, er stendur efst í áginni upp í vörðu, er stendur sunnaní Lágabergi, úr þessari vörðu aftur bein lína í efri Kýrlág og upp úr henni bein lína í Sótafellskúlu norðanverða, frá kúlunni ræður há fellið vestur í Þröskuld milli Heydals og Ormsdals, og úr vestanverðum Þröskuldinum bein lína í vörðu vestanvert á Þræfellshala. Að vestan ræður Þræfellshali og hæst fjall.<sup>187</sup>

G. J. Halldórsson prestur á Breiðabólstað skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af P. J. Halldórssyni eiganda og ábúanda að Klömbrum og Bjarna Bjarnasyni eiganda og ábúanda [ekki kemur fram að hverju].

---

<sup>183</sup> Skjal nr. 4(34).

<sup>184</sup> Skjal nr. 4(34).

<sup>185</sup> Skjal nr. 2(69).

<sup>186</sup> „Braúðamat á Íslandi“. *Skýrslur um landshagi á Íslandi*. (bls. 430-543, 593-851). 2. árg., 2.b., 1861, bls. 747-749.

<sup>187</sup> Skjal nr. 2(7).



---

Landaskipti fóru fram 13. desember 1938:

Samkvæmt beiðni Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins með brjefi dags. 21. júlí þ.á. fóru þriðjudaginn 13. desember fram skipti, á Breiðabólstaðatorfunni. Þar sem löndum (er skipt) Bjarghúsa og Foss var skipt úr heildareigninni. Fyrir hönd umboðsmanns Breiðabólstaðatorfunnar var mættur Guðmundur Árnason bóndi, Syðri-Þverá og fyrir hönd ábúanda Bjarghúsa og Foss. Ól. Ingvar Sveinsson, bóndi, Grund. Sem oddamaður skipaður af sýslumanni var mættur Jakob Líndal hreppstjóri, Lækjarmóti. Við skiptin voru einnig staddir séra Stanley Melax, ábúandi Foss og Bjarghúsa. Landaskipti fóru þannig fram: A. Milli Breiðabólstaðar og Bjarghúsa: Sem landamerki milli Breiðabólstaða og Bjarghúsa ræður Reiðarlækur frá Vesturhópsvatni suður að jarðfallsskurði, frá jarðfallsskurði austur að áveituskurði, þaðan ræður áveituskurður fram á móts við Kjálkamel, síðan fylgja merkin vesturbrún melanna fram í vaðið á Rauðalæk við norðurenda mómelanna. Jafnframt og framangreind landamerki eru ákvæði sem fullnaðarskipti, á löndum jarðanna varð samkomulag um, að halda skyldu gagnkvæm ítök milli jarðanna þannig, að Bjarghús hefðir rjett til uppreksturs yfir sumarið í fjallendi Breiðabólstaðar og að Breiðabólstaður hefði rjett til veiði fyrir landi Bjarghúsa í Vesturhópslandi. B. Milli Breiðabólstaðar og Foss. Sem landamerki, norðan fjallendisins milli Breiðabólstaðar og Foss, ræður bein lína úr Hvítalettslæk norðan við hvítalett niður í vörðu syðst mómelunum, rjett norðan við Grundarána, þaðan með sömu stefnu ofan í Grafarlæk og eftir honum suður í Grundará. Sameiginlegt beitiland fyrir báðar jarðirnar er fjallendi Breiðabólstaðar.<sup>188</sup>

G. Ármannsson, Jakob H. Líndal og Ól. Ingvar Sveinsson skrifuðu undir samninginn

---

<sup>188</sup> Skjal nr. 2(8).

---

## 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrirbyggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu þess.<sup>189</sup> Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

#### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinnar staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Sú útgáfa *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem fylgdi með úrskurðum á svæði 7B hafði með sama hætti verið uppfærð með hluta af kafla úr úrskurðum á svæði 7A, sem innihélt almenn atriði. *Almennu niðurstöðurnar* hafa enn á ný verið uppfærðar, nú með almennum köflum úr úrskurðum á svæði 7B, og fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Formála hinna *Almennu niðurstöðna* hefur að sama skapi verið breytt með tilliti til þeirra uppfærslna sem gerðar hafa verið.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um landsvæði það sem til úrlausnar er í þessu máli, samanber kafla 6.3 hér á eftir, er í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og vísar til þeirra.

#### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

##### 6.1.2.1 Yfirlit

Nú liggja fyrir samtals 60 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

---

<sup>189</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskráum frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum upplýttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

Um er að ræða eftirfarandi níu dóma Hæstaréttar: Dómur frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð); dómur frá 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (vesturhluti Hofsafréttar og Lambatungur); dómur frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga og hluti Mela); dómur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur); dómur frá 19. september 2013 í máli nr. 656/2012 (Möðruvallaafréttur); dómur frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða); dómur frá 26. september 2013, í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár); dómur frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar); dómur frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin) og loks dómur frá 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur).

Allir framangreindir dómur fjalla um efnisleg atriði og í átta þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í tveimur af dómunum var niðurstöðu nefndarinnar hins vegar hnekkt. Í öðrum þeirra var dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann dóm er varðar landsvæði sunnan Ölfusafréttar. Í máli því sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu var aftur á móti hnekkt þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri eignarland og dæmt að um þjóðlendu væri að ræða. Þá var mörkum umræddra jarða gagnvart þjóðlendu breytt nokkuð, nánar tiltekið á þann veg að landsvæði sem óbyggðanefnd hafði talið innan marka jarðanna var dæmt þjóðlenda.

Í næstu þremur köflum er gerð nánari grein fyrir tilteknum atriðum í umræddum dómum og því hvort þeir gefi tilefni til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar. Nánar tiltekið verður í fyrsta lagi fjallað um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil þeirra við aðrar heimildir, í öðru lagi um áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi ágreiningssvæða og í þriðja lagi um réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna.

#### **6.1.2.2 Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir**

Af forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar um mörk framangreindra jarða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu má ráða að það sé einkum tvennt sem ráði því að niðurstaða réttarins um afmörkun jarðanna er frábrugðin niðurstöðu óbyggðanefndar. Fyrri atriðið er að í tilvikum Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða er afmörkun jarðanna til fjalla að nokkru leyti miðuð við almenna staðhætti sem einkenna fjalllendið á svæðinu en ekki ákveðin náttúruleg kennileiti eða örnefni sem unnt er að staðsetja með nákvæmum hætti. Nánar tiltekið er fjallað um „eyðigrót og sanda“ í landamerkjabréfi Sörlastaða og „fjallið“ og „öræfi“ í landamerkjabréfi Hjaltadals. Taldi óbyggðanefnd að þrátt fyrir að landamerkjabréf jarðanna væru óljós

---

um afmörkun þeirra til suðurs fengi sú afmörkun jarðanna sem krefjendur beins eignarréttar héldu fram, stoð í landamerkjabréfum þeirra og öðrum heimildum um þær. Hæstiréttur leit aftur á móti svo á að kröfur eigenda jarðanna um merki þeirra ættu sér ekki stoð í landamerkjabréfum þeirra að þessu leyti.

Síðara atriðið sem veldur mismunandi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðar samspil landamerkjabréfs og yngri heimildar um jörðina Mjóadal. Nánar tiltekið taldi Hæstiréttur að um merki Mjóadals til suðurs og vesturs yrði ekki byggt á landamerkjaskjali frá 1897 svo sem gert hafði verið í úrskurði óbyggðanefndar, þar sem leggja yrði til grundvallar að með því að eigandi jarðarinnar hefði látið útbúa og þinglýsa skrá yfir afréttarlönd árið 1904, sem tók m.a. til lands Mjóadals, hefði hann í raun felld landamerkjaskjalið úr gildi að því leyti sem ekki gætti samræmis milli umræddra skjala. Óbyggðanefnd hafði aftur á móti lagt landamerkjabréfið til grundvallar um afmörkun Mjóadals og taldi að lýsing þess á vesturmerkjum Mjóadals samræmdu öðrum heimildum um merkin, þ.m.t. afréttarskránni. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum Mjóadals lýst þannig að frá „hágrjóti“ liggi merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Í afréttarskránni er vesturmerkjunum lýst þannig að þeim ráði bein stefna vestan við öll drög er liggi að tilteknum ám að botni Syðri-Bótarár. Taldi óbyggðanefnd að samræmi væri milli þessara tveggja merkjalýsinga en Hæstiréttur ekki.

Í þessu samhengi skal þess ennfremur getið að þrátt fyrir að niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar um mörk jarðarinnar Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu væri hin sama má sjá af forsendum fyrir niðurstöðu dómsins að Hæstiréttur metur heimildir um tiltekinn hluta ágreiningssvæðisins með öðrum hætti en óbyggðanefnd gerði. Var þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur handan við fjallgarðana sem liggja austan Mývatns og suður að línu sem liggur frá Veggjafelli í Bræðraklif í Hafragjá og þaðan beina stefnu til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Umrætt svæði er innan lýstra merkja Reykjahlíðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en mat Hæstaréttar og óbyggðanefndar á tilteknum eldri heimildum um viðkomandi hluta ágreiningssvæðisins var ólíkt. Einkum voru það þrjú efnisatriði í þeim sem rétturinn taldi mæla gegn því að umræddur hluti ágreiningssvæðisins væri háður beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi var þar um að ræða heimildir um að Möðrudal tilheyrðu tiltekin afnotaréttindi á svæðinu án þess að tiltekið væri að um væri að ræða ítak í landi annarra jarða. Í öðru lagi taldi rétturinn það sem fram kom í heimildunum um tilkall eigenda Reykjahlíðar til ómerkinga á svæðinu mæla gegn því að það væri háð beinum eignarrétti. Í þriðja lagi taldi rétturinn að umfjöllun í úrskurði frá 1506 um átölulaus afnot til rökstuðnings eignarrétti, m.a. með vísan til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, mælti gegn því að svæðið væri háð beinum eignarrétti.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar voru með úrskurðum á svæði 1 og fylgja í viðauka með úrskurði þessum er m.a. fjallað um sönnunargildi

---

landamerkjabréfa. Fram kemur að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði Með vísan til tilgangs landamerkjálaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hins vegar sé þó ljóst að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Í köflum 6.1.1 í úrskurðum óbyggðanefndar á svæði 5 er frekari umfjöllun um gildi landamerkjabréfa jarða og hefur sá kafli verið felldur inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þar er fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar sem þá höfðu nýlega fallið og varða mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða. Fram kemur það mat að í tilteknum dómum hafi enn verið hnykk á þýðingu þess að landsvæði teldist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu sé óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, samanber umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé. Lýst er þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hafi verið lagt til grundvallar og samrýmist vel almennri afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa. Eftir sem áður sé ljóst að dómstólar geri nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, samanber einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu.

Afstaða óbyggðanefndar hefur samkvæmt framansögðu frá upphafi verið sú að þrátt fyrir meginregluna um að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar sé háð beinum eignarrétti sé ljóst að meta þurfi sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Dómarnir sem að framan er getið um mörk jarðanna Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka, Sörlastaða, Mjóadals og Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu fá að mati óbyggðanefndar fyllilega samræmst umræddri meginreglu, enda er hún háð tilteknum undantekningum. Mismunandi niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðandi mörk Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða gagnvart þjóðlendu skýrist af mismunandi túlkun á landamerkjabréfunum að því leyti sem merkjalýsingar þeirra eru óljósar. Þá skýrist mismunandi afstaða nefndarinnar og réttarins til tiltekinna hluta þeirra landsvæða sem eru innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mjóadals og Reykjahlíðar af ólíkum ályktunum af öðrum heimildum um viðkomandi landsvæði. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar í þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um kunna að kalla á breytt sönnunarmat óbyggðanefndar ef upp koma tilvik sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg en kalla að mati nefndarinnar ekki, fremur er dómarnir sem raktir eru í köflum 6.1.1 í úrskurðum á svæði 5, á að nefndin herði almennt kröfur um sönnun þess að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar teljist eignarland.

---

### 6.1.2.3 Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 snéri ágreiningurinn að því hvort tiltekið landsvæði sunnan Ölfusafréttar væri þjóðlenda eða eignarland. Umræddu ágreiningssvæði hafði verið skipt út úr landi tiltekinna jarða sunnan afréttarins og selt til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999. Íslenska ríkið var meðal seljenda. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að rétturinn túlkar landamerkjabréf umræddra jarða á þann veg að ágreiningssvæðið sé samkvæmt þeim innan merkja jarðanna. Rétturinn taldi hins vegar að eldri heimildir mæltu gegn því að land jarðanna hafi náð svo langt til norðurs áður en landamerkjabréf þeirra voru gerð á ofanverðri 19. öld.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við sösluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum [...], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005.

---

Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Hellisheiði sunnan Ölfusafrettar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirbyggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við samningsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess yrði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hefðu tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs“ fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við sölua“. Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við sölua. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalinu samkvæmt fyrrnefndu afsali „til ríkissjóðs“ og að „framkvæma landskipti milli samningsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells“. Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinnna eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessu dómsmáli. Þá lögju fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram kæmi að umrætt

---

ágreiningssvæði lægi utan þjóðgarðsins og væri í eigu lögbýlisins. Var um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu [...] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaus en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að litið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Á svæði 8 norður sem hér er til umfjöllunar reynir á slíkt mat í úrlausn um ágreiningssvæði vegna Auðkúluheiðar, Grímstunguheiðar, Staðarhreppsfréttar og Húksheiðar. Aðrir



---

fyrirliggjandi dómar hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.<sup>190</sup>

#### **6.1.2.4 Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna**

Í tveimur af þeim dómum Hæstaréttar sem hafa fallið frá því óbyggðanefnd kvað upp úrskurði á svæði 7B reyndi á hvaða þýðingu eldri dómsúrlausnir hefðu við úrlausn um eignarréttarlega stöðu viðkomandi ágreiningssvæðis.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfírréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfírréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfírréttar deildu Munkaþverárklaustur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leytinu til staðfestur af Landsyfírreitti, segir meðal annars:

Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á að tilheyra Munkaþverár klaustri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfírréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirliggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklausturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfírréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrirnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklaustri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfírréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð

---

<sup>190</sup> Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

---

héraðsréttarins, sem Landsyfírréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afréttarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyrði Munkaþverárklaustri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfírréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirbyggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklausur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekings sammings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppana í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppana sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluáðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áður nefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nyttu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppana til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekk yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess bæri þó að líta að dómurinn fæli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og

---

ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hlyti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hefðu ekki þegar tekið afstöðu til, hefðu á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lögju ekki fyrir nein gögn sem sýndu fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996, að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómur Landsyfírréttar kunnir að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum sömu skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómur þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfírrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðaeftandrar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómur Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómþings Árnassýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms

---

Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómsþings Árnassýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómsþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignardómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómsnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra“. Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvalla. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. Á svæði 8A er eitt tilvik þar sem reynir á sambærileg álitaefni og uppi voru í varðandi Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 5/2008, þ.e. ágreiningur um eignarréttarlega stöðu Auðkúluheiðar sem er til úrlausnar í máli nr. 2/2013. Aðrir fyrirbyggjandi dómur Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.

---

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>191</sup> Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður að telja víst að land það sem hér er um deilt hafi verið numið. Við aðalmeðferð málsins þann 26.9.2013 féll lögmaður íslenska ríkisins frá þeirri málsástæðu að land á Vatnsnesi hefði ekki verið numið og tók fram að heimildir bentu til þess að Vatnsnes hefði a.m.k. að einhverju leyti verið numið.

## 6.3 Breiðabólstaðarafrétt

### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins, en svæðið hefur ýmist verið nefnt Breiðabólstaðarafrétt eða Engjabrekka (jafnframt koma fyrir heitin Þorgrímsstaðaafrétt og Ásgarður í umfjöllun um svæðið). Sveitarfélagið Húnaþing vestra gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur á Vatnsnesi. Vatnsnes liggur norður út í Húnaflóa með Húnafljóri að austan og Miðfjörð að vestan. Kvíslast Vatnsnesfjall um nesið frá Línakradal að sunnan norður undir Nestá nyrst á nesinu. Frá Tjarnarbrú fyrir miðju nesinu norðvestan til liggur víður dalur suður inn á hálendið. Klofnar dalurinn um tagl er nefnist Tunga og nefnist vestari dalurinn Þorgrímsstaðadalur og austari dalurinn Katadalur. Hefur Þorgrímsstaðadalur meginleguna norður-suður og liggur ágreiningssvæði það sem hér um ræðir á austurhluta dalsins sunnan Seljagils og austan Tunguár sem rennur út dalinn. Syðst á ágreiningssvæðinu liggur Miðtunga (669 m y.s.) sem teygir sig til norðurs og klýfur Þorgrímsstaðadal og myndar tvo þrönga dali, Ambáttardal að vestan og Ásgarðsdal að austan. Um Ambáttardal rennur Ambáttará og Ásgarðsdalsá um Ásgarðsdal og renna þær út í Þorgrímsstaðadalsá við norðurenda Miðtungu. Landsvæðið er gróðri vaxið og gott beitarland fyrir sauðfé. Frá ármótum Ambáttardalsár, Ásgarðsár og Þorgrímsstaðadalsá til norðurs að ósum Tunguár eru um 9,4 km, mælt í beinni loftlínu.

### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu ríkisins er á því byggt að af heimildum megi ráða að landsvæðið hafi frá fornu fari verið samnýtt sem afréttarsvæði sem hafi verið háð ítaksréttindum frá

---

<sup>191</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

kirkjustaðnum Breiðabólstað. Landfræðileg lega og staðhættir svæðisins bjóði varla upp á aðra túlkun en þá.

Á því er byggt að tímabundin nýting svæðisins til búskapar sem nýbýlis breyti því ekki að um þjóðlendu sé að ræða enda verði ekki séð að til býlisins hafi verið stofnað með lögformlegum hætti, svo sem á grundvelli Nýbýlilskipunar frá 1776 eða laga um nýbýli frá 1897. Þá sé skilyrðum hefðar á svæðinu ekki fullnægt þar sem búið hafi verið á býlinu Engjabrekku á árunum 1917–1926. Ennfremur leiði hefðbundin og takmörkuð afnot Þverárhrepps, og síðar sveitarfélagsins Húnaþings vestra, ekki til þess að til eignarréttar hafi stofnast á svæðinu.

Af hálfu Húnaþings vestra, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að landsvæðið sé innan marka upphaflegs landnáms í Húnaþingi og að farið hafi verið með það sem eignarland frá ómunatíð. Byggt er á skráðum eignarheimildum fyrir þessari eign og þinglesnum og skráðum landamerkjabréfum sem voru árituð um samþykki eigenda aðliggjandi jarða.

Þá er byggt á því að hinir fornu hreppar hafi keypt svæðið af eigendum þess, m.a. íslenska ríkinu, sem með athöfnum sínum hafi staðfest beinan eignarrétt að landinu. Sveitarfélagið hafi farið með öll hefðbundin afnot, svo sem beit, veiði og aðra nýtingu á svæðinu, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og öll nýting verið háð leyfi sveitarfélagsins. Er vísað um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum sé beinum eignarrétti háð, jafnvel þótt það hafi verið lagt til afrettar. Þá er einnig stuðst við það að fullur hefðartími sé liðinn frá því að hrepparnir keyptu jörðina af íslenska ríkinu.

Byggt er á því að sveitarfélagið hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti sem það verði ekki svipt án bóta. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki á milli borgaranna. Einnig er byggt á meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og því að ríkið verði að velja vægasta úrræði sem völ sé á við úrlausn máls.

### **6.3.3 Niðurstaða**

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Breiðabólstaðarafréttar er rakin í kafla 5.2 hér að framan. Þar eru raktar ýmsar heimildir um eignarhald og/eða afnot á ágreiningssvæðinu, allt frá því á 14. öld og fram til 20. aldar. Í kaflanum eru raktar heimildir um forn eyðibýli, Ásgarð og Ambáttarkot, innan ágreiningssvæðisins, auk þess sem rakin er saga nýbýlisins Engjabrekku sem byggt var innan þess á fyrri hluta 20. aldar. Þá eru raktar ýmsar heimildir þar sem vísað er til ágreiningssvæðisins sem hluta Þorgrímsstaða eða Þorgrímsstaðaafréttar, en Þorgrímsstaðir eru aðliggjandi ágreiningssvæðinu að vestanverðu. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir er ýmist

---

fjallað um Breiðabólstaðarafrétt, Engjabrekku, Ásgarð eða Þorgrímsstaðaafrétt, en í öllum tilvikum er um tilvísun að ræða til hins sama umdeilda svæðis í máli þessu.

Af þeim heimildum sem getið er um í kafla 5.2 og ná allt aftur til 14. aldar er ljóst að Breiðabólstaður hefur verið sjálfstæð kirkjutorð og að Þorgrímsstaðir ásamt umræddri afrétt hafi heyrt undir kirkjuna á Breiðabólstað. Frá sama tíma gefur að finna heimildir um eyðibýlið Ásgarð sem landfræðilega virðist hafa verið staðsett innan þessa sama ágreiningssvæðis. Máldagi Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi frá árinu 1318 er elst þeirra heimilda sem geta um jörðina Breiðabólstað. Þar kemur fram að kirkjan á Breiðabólstað eigi heimaland allt og alla Þorgrímsstaði, en þar er ekki getið um afrétt. Í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar fyrir Breiðabólskirkju frá 1472 er Þorgrímsstaða getið og þar er jafnframt fyrst getið um afrétt staðarins, án þess þó að hún sé nefnd nokkru nafni eða staðsetningar hennar getið. Staðsetningar afréttarinnar er fyrst getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1705. Jörðin Breiðabólstaður liggur utan við ágreiningssvæði í máli þessu, aðskilin frá því af öðrum jörðum.

Í kafla um Breiðabólstað og afrétt tilheyrandi þeirri jörð er í jarðmatinu frá 1849 fjallað um „Breiðabólstaðar afrétt“ og þar er merkjum afréttarinnar lýst að hluta. Um er að ræða fyrstu lýsinguna á landamerkjum afréttarinnar en þar er jörðin Þorgrímsstaðir sögð byggð af þessu afréttarlandi og merkjum Þorgrímsstaða og afréttarinnar lýst án aðgreiningar. Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Þorgrímsstaði og Breiðabólstaðarafrétt 6. júlí 1887 og því þinglýst 1. júní 1891. Í landamerkjabréfinu var merkjum landsvæðanna lýst sameiginlega og án þess að afréttin væri sérstaklega aðgreind frá heimajörðinni. Þá er merkjum afréttarinnar einnig lýst að hluta í yfirlýsingu Hálfðans Guðjónssonar prests á Breiðabólstað, frá 28. október 1898, en með yfirlýsingunni var mælt fyrir um að jörðinni Þorgrímsstöðum og Breiðabólstaðarafrétt skyldi skipt upp.

Þá var nýbýlið Engjabrekka byggt innan Breiðabólstaðarafréttar á fyrri hluta 20. aldar. Í skýrslu sem var lögð fram vegna fyrirhugaðrar skoðunargjörðar á jörð Engjabrekku árið 1919 er landamerkjum hennar lýst og er þar að finna fyrstu sérstöku lýsinguna á því landsvæði sem deilt er um í máli þessu. Í skýrslunni kemur einnig fram að landamerkin hafi verið þinglesin og séu ágreiningslaus. Árið 1923 seldi Kirkjujarðasjóður Birni Friðrikssyni „jörðina“ Engjabrekku og árið 1924 seldi Björn syni sínum, Sigurbirni Björnssyni, „eignarjörðina“ Engjabrekku. Árið 1926 seldi svo Sigurbjörn Björnsson „jörðina“ Engjabrekku til Þverárhrepps og í afsalssamningnum, sem er dagsettur 13. maí 1926, er merkjum jarðarinnar lýst með sama hætti og í fyrrnefndri skýrslu.

Málsaðilar byggja báðir afmörkun kröfusvæðisins á merkjalýsingu þeirri sem fram kemur í afsalssamningi vegna jarðarinnar Engjabrekku, dags. 13. maí 1926, auk þess sem byggt er á þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða.

---

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Breiðabólstaðarafréttar er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Er þar aðallega um að ræða framangreindan afsalssamning vegna jarðarinnar Engjabrekku frá 1926. Jafnframt er við afmörkunina óhjákvæmilegt að hafa hliðsjón af jarðmatinu frá 1849, landamerkjabréfi fyrir Þorgrímsstaði og Breiðabólstaðarafrétt frá 1887 og yfirlýsingu Hálfðáns Guðjónssonar prests á Breiðabólstað, frá 1898 eins og við á. Ennfremur verður við þessa athugun höfð hliðsjón af landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Til allra átta eru óumdeild eignarlönd, jörðin Tunga að norðanverðu og Ásbjarnarstaðir á stuttum kafla á norðvesturhorninu. Jörðin Egilsstaðir liggur að austanverðu og til suðurs er jörðin Tungukot. Þá er jörðin Hlíð til suðvesturs og Þorgrímsstaðir til vesturs. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Breiðabólstaðarafréttar, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norðurmerkjum Breiðabólstaðarafréttar er lýst svo í landamerkjalyfingunni frá 1926: „Að norðan ræður Seljagil á fjall upp.“ Í jarðmatinu frá 1849 er norðurmerkjum landsvæðisins lýst með sama hætti, en þar segir að „landið [kallist] Breiðabólstaðar afrjett, og er Ásgarðsdalur austurpartur þess, allt út að Seljagili, ... “. Í landamerkjabréfinu fyrir jörðina Þorgrímsstaði og Breiðabólstaðarafrétt frá 1887 er norðurmerkjum lýst svo að þar „[ráði] Seljagil á fjall upp“.

Norðan og norðvestan megin við Breiðabólstaðarafrétt liggja jarðirnar Tunga og Ásbjarnarstaðir. Í landamerkjabréfi fyrir Tungu, sem er dagsett 25. apríl 1889 og þinglesið 30. maí 1890, er suðurmerkjum gagnvart Breiðabólstaðarafrétt lýst svo: „að sunnan ræður Seljagil merkjum ofan í á ... “. Þá segir um landamerki Tungu að sunnan í fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916 að Seljagil ráði að sunnan „frá Tunguá uppá hátungu ... “. Þá á afréttin einnig landamerki á stuttum kafla að Ásbjarnarstöðum til norðvesturs en í landamerkjabréfi fyrir Ásbjarnarstaði frá 19. maí 1885 er merkjum gagnvart Breiðabólstaðarafrétt ekki getið sérstaklega. Þá er þess að geta að Ásgarðs er getið í merkjalýsingu á milli Tungu og Ásbjarnarstaða frá 1485. Í skjalinu segir að þá eigi Tjarnarkirkja land fram að Seljagili á móti Ásgarði.

Aðilar að máli þessu miða kröfur sínar við það að norðurmörk afréttarinnar liggi um línu sem dregin er frá Seljagili til austurs frá Þorgrímsstaðaá á fjall upp. Heimildir benda til þess að mörk Breiðabólstaðarafréttar til norðurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð aðila.

Austurmerkjum Breiðabólstaðarafréttar er lýst svo í landamerkjalyfingunni frá 1926: „[Að norðan] bein lína suður háfjallið, eftir því sem vötnum hallar, fram á móts við Þröskuld úr Ásgarðsdalsbotninum.“ Í jarðmatinu frá 1849 er austurmerkjum Breiðabólstaðarafréttar ekki sérstaklega lýst en tekið fram að Ásgarðsdalur sé austurpartur hennar. Í landamerkjabréfinu frá 1887 er austurmerkjum landsvæðisins lýst með sama hætti og í landamerkjalyfingunni, en þar segir að frá Seljagili ráði „lína suður há



---

fjallið (eptir því sem vötnum hallar) fram á móts við Þröskuld, úr Ásgarðsdalsbotninum“.

Austan megin við Breiðabólstaðarafrétt liggur jörðin Egilsstaðir. Í landamerkjabréfi fyrir Egilsstaði, sem er dagsett 19. maí 1885 og þinglesið átta dögum síðar, er vesturmörkum jarðarinnar lýst svo: „... að sunnan og vestan hæst fjöll sem vötn að falla, norður um Kvígindisfell til fyrnefnds Hraunhóls.“ Landamerkjabréfið var undirritað af umboðsmanni Þingeyraklaustursjarða og var það undirritað um samþykki vegna jarðarinnar Tjarnar. Í fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916, er landamerkjum Egilsstaða lýst með svipuðum hætti, eða: „að sunnan og vestan [ráða] hæst fjöll, sem vötn að draga til austurs, ræður svo Kvígindisfell til firnefnds Hraunhóls.“ Að mati óbyggðanefndar benda lýsingar þessar til þess að mörk Egilsstaða til vesturs hafi legið frá Háheiði og suður eftir háfjallinu, þ.e. Vatnsnesfjalli og síðan áfram suður eftir fjallinu Kvígindi þegar norðar dregur, allt þar til komið er að svonefndum Hraunhól sem ræður merkjum milli Egilsstaða og Tjarnar.

Aðilar að máli þessu miða kröfur sínar um austurmörk Breiðabólstaðarafréttar við línu sem dregin er frá Seljagili til suðurs eftir háfjallinu, fram til móts við Þröskuld úr Ásgarðsdalsbotninum. Heimildir benda til þess að mörk Breiðabólstaðarafréttar til austurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð beggja aðila.

Suðurmerkjum Breiðabólstaðarafréttar er lýst svo í landamerkjalyásingunni frá 1926: „[Frá Þröskuldi úr Ásgarðsdalsbotninum] og beint vestur í Kaldaklofa Þröskuld.“ Í jarðamatinu frá 1849 er suðurmerkjum afréttarinnar ekki lýst. Í landamerkjabréfinu frá 1887 er suðurmerkjum landsvæðisins lýst með sama hætti og í landamerkjalyásingunni, þ.e. „[Frá Þröskuldi úr Ásgarðsdalsbotninum] og beint vestur í Kaldaklofaþröskuld“. Samkvæmt örnefnasjá Landmælinga Íslands er Kaldiklofi staðsettur beint norður af Klofa og liggur Slétti-Klofi þar á milli.

Sunnan megin við Breiðabólstaðarafrétt liggur jörðin Tungukot. Sérstakt landamerkjabréf hefur ekki fundist fyrir Tungukot en landamerkjum jarðarinnar er lýst í lögfestu séra Jóns Guðmundssonar á Melstað fyrir Tungukotslandi frá 1811 og fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916. Í lögfestunni eru landamerki Tungukots að norðan tilgreind svo „... að norðan ræður á móts við Hlíð Guðdal allan útfyrir Guðdalsöxl og í Kaldaklofalæk, sem liggur að norðan verðu í Guðdalsá ...“. Af lýsingunni má ráða að merki Tungukots gagnvart Breiðabólstaðarafrétt liggji um Guðdal í vestur allt að Kaldaklofalæk sem samkvæmt lýsingunni fellur að norðan ofan í Guðdalsá. Í fasteignamatinu frá 1906 segir um norðurmerki jarðarinnar gagnvart ágreiningssvæðinu: „... eptir háfellinu, svo langt sem vötn draga að Mjóadal. Að austan ræður Brúnin og Háheiðin, svo langt norður sem vötnum hallar að Klofalæk.“ Af lýsingunni má ráða að merki Tungukots ráðist af fjallsbrún Vatnsnesfjalls að austan eins og hún liggur norður að Háheiði og svo ráði Háheiðin „svo langt sem

---

vötnum hallar að Klofalæk“. Ekki er að finna nákvæma skýringu á því í merkjalýsingunni hvar Klofalækur rennur en samkvæmt fyrrnefndri lögfestu og örnefnasjá Landmælinga Íslands rennur hann í suður um Klofa þar til hann lendir í á þeirri er rennur um Guðdal. Þá ber einnig að líta til gagna um mörk jarðanna Tungukots og Hlíðar í þeim tilgangi að afmarka nánar merki Breiðabólstaðarafréttar til suðurs, en jörðin Hlíð liggur við suðvesturhorn Breiðabólstaðarafréttar.

Landamerkjum Hlíðar og Tungukots er lýst í landamerkjabréfi Hlíðar, sem er dagsett 29. maí 1886 og þinglesið 14. júlí 1887, sem og í fasteignamatinu frá 1916, og gefa þær lýsingar frekari vísbendingar um norðurmerki Tungukots gagnvart Breiðabólstaðarafrétt að því leyti sem á skortir. Í landamerkjabréfinu er mörkum jarðanna lýst svo að Guðdalsá sé merki milli þeirra „þangað sem Klofalækur fellur í hana frá norðri, er hann svo merki, eins og hann rennur norðan Klofann frá upptökum ...“. Landamerkjabréfið var undirritað af eiganda Hlíðar og undirritað um samþykki vegna eiganda Sauðadalsár, Dalkots og Tungukots. Í fasteignamatinu frá 1916 er svo austurmerkjum Hlíðar gagnvart Tungukoti lýst svo „... eins og Klofalækur ræður [um Klofa] í Guddalsá ...“. Samkvæmt lýsingunum rennur Klofalækur norðan Klofa og niður að Guðdalsá og er hann jafnframt merki milli Hlíðar og Tungukots. Þessar lýsingar eru í samræmi við fyrrgreinda lýsingu í landamerkjabréfi Tungukots um að merki jarðarinnar ráðist af fjallsbrún Vatnsnesfjalls eins og hún liggur norður að Háheiði og „svo langt sem vötum hallar að Klofalæk“, þ.e. með lýsingunni eru norðurmerki jarðarinnar dregin frá Háheiði í austri og til vesturs að Klofalæk.

Aðilar að máli þessu miða kröfur sínar um suðurmörk Breiðabólstaðarafréttar við línu sem dregin er frá þröskuldi úr Ásgarðsdalsbotninum vestur í Kaldaklofaþröskuld. Þær heimildir sem raktar eru hér að framan um legu og landamerki Tungukots og Hlíðar benda til þess að mörk Breiðabólstaðarafréttar til suðurs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð aðila.

Vesturmerkjum Breiðabólstaðarafréttar er lýst svo í landamerkjalyýsingunni frá 1926: „[Frá Kaldaklofa Þröskuldi] ræður Ambáttardalsá merkjum út til ármóta svo Þorgrímsstaðaá út til Seljagils.“ Samkvæmt lýsingunni ræður áin merkjum milli Breiðabólstaðarafréttar og jarðanna Hlíðar og Þorgrímsstaða að sunnan frá Kaldaklofaþröskuldi og í norður allt upp að Seljagili.

Sem fyrr greinir liggur jörðin Hlíð suðvestan við Breiðabólstaðarafrétt. Í landamerkjabréfi Hlíðar frá 1886 er landamerkjum gagnvart Breiðabólstaðarafrétt lýst svo að þau liggja að norðan yfir Hlíðarfjall og „austur á Þröskuld, suður af Ambáttardal.“ Þá er landamerkjum Hlíðar lýst í fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916, en þar segir um merki jarðarinnar gagnvart Breiðabólstaðarafrétt: „... þá áfram austur sunnan við Grunnaskarð, austur í Klofa.“ Hér virðist sem verið sé að lýsa merkjum sem ná frá punkti sem er staðsettur norðan megin á Hlíðarfjallinu sunnan við Grunnaskarð og þaðan austur í Klofa (Kaldaklofaþröskuld sem er punktur

---

nr. 4 í merkjalýsingu beggja aðila málsins). Er sú lýsing í samræmi við fyrrgreind merki Breiðabólstaðarafréttar gagnvart Tungukoti.

Vestan við Breiðabólstaðarafrétt liggja Þorgrímsstaðir. Í jarðamatinu frá 1849 sem og í landamerkjabréfinu fyrir jörðina Þorgrímsstaði og Breiðabólstaðarafrétt frá 1887 er merkjum lýst fyrir Þorgrímsstaði og Breiðabólstaðarafrétt sameiginlega og Þorgrímsstaðir sagðir innan afréttarinnar. Af þeim sökum er ekki að finna lýsingar á vesturmerkjum afréttarinnar í þeim heimildum. Merkjum afréttarinnar er lýst að hluta í yfirlýsingu Hálfðáns Guðjónssonar prests á Breiðabólstað frá 1898, en með yfirlýsingunni var mælt fyrir um að heimalandi Þorgrímsstaða og afréttinni skyldi skipt upp og Þorgrímsstöðum skyldi fylgja allt land vestan Ambáttarár suður í Kaldaklofaþróskuld. Að öðru leyti skyldu landamerki jarðarinnar vera í samræmi við landamerkjabréf það sem gert var 1887 en samkvæmt því voru norðurmörk Þorgrímsstaða og afréttarinnar við Seljagil. Sérstakt landamerkjabréf fyrir Þorgrímsstaði hefur ekki fundist. Í fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916 er merkjum Þorgrímsstaða lýst þannig að Ambáttardalur ráði merkjum að austan og „fram að Grunnaskarðslæk ...“. Er sú lýsing í samræmi við framangreinda lýsingu í landamerkjabréfi Hlíðar frá 1886. Landamerkjalyýsingin frá 1926 er þannig í samræmi við framangreindar heimildir að því leyti að þær virðast miða við það að Ambáttará, og þegar norðar dregur Þorgrímsstaðadalsá, ráði vesturmerkjum Breiðabólstaðarafréttar.

Aðilar að máli þessu miða kröfur sínar um vesturmörk Breiðabólstaðarafréttar við línu sem dregin er frá Kaldaklofaþróskuldi norður Ambáttará, og síðar Þorgrímsstaðadalsá, að Seljagili. Að mati óbyggðanefndar benda heimildir til þess að mörk Breiðabólstaðarafréttar til vesturs hafi verið með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð aðila.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan marka Breiðabólstaðarafréttar, eins og þeim er lýst í fyrirbyggjandi heimildum.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar í viðauka með úrskurði þessum*. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við

---

staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafarétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án e.k. aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegrri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Af kaupum Þverárhrepps á Breiðabólstaðarafrétt 13. maí 1926 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku þjóðlendlaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegru flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendlaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna, nánar tiltekið hvort Breiðabólstaðarafrétt hafi verið hluti af landi kirkjujarðarinnar Breiðabólstaðar, eða eftir atvikum jarðarinnar Þorgrímsstaða, nýtt til beitar og nefnd svo af þeirri ástæðu, eða afrétt þeirra í þeim skilningi að þær hafi einungis átt þar óbein eignarréttindi.

Af frásögnum Landnámu má ráða að hið umdeilda svæði hafi verið numið í öndverðu, sbr. kafla 6.2. Staðhættir og fjarlægðir styðja einnig þá ályktun að landsvæði þetta hafi verið numið í öndverðu. Er þá einnig höfð hliðsjón af því að landsvæði þau sem að Breiðabólstaðarafrétt liggja eru öll óumdeild eignarlönd.

Þessu næst verður tekið til skoðunar hvernig Breiðabólstaðarafrétt birtist í sögulegum heimildum og er þá grein gerð fyrir þeim sem mesta þýðingu eru taldar hafa, samanber hins vegar ítarlegri umfjöllun þar að lútandi í kafla 5.2. Í eftirfarandi umfjöllun verður fyrst vikið að heimildum um eyðibýlin Ásgarð og Ambáttarkot en

---

því næst vikið að heimildum um landsvæði Þorgrímsstaða, þ.m.t. ágreiningssvæðið í máli þessu og tengsl þess við Breiðabólstað.

Eins og rakið er í kafla 5.2 hér að framan benda heimildir og mannvistarleifar til þess að búseta hafi verið fyrr á öldum í a.m.k. hluta afréttarinnar, en óljóst er um upphaf hennar, endalok og landfræðilega afmörkun. Þannig er Ásgarðs fyrst getið í merkjalýsingu á milli Tungu og Ásbjarnarstaða frá 1485 og hermir skjalið að þá eigi Tjarnarkirkja land fram að Seljagili á móti Ásgarði. Í máldagabók Guðbrands biskups Þorlákssonar frá því eftir 1590, er „eyðijörðin Ásgarður“ sögð vera eign kirkjunnar að Breiðabólstað. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1705 yfir Vestarahópshrepp segir að Ásgarður kallist „fornt eyðiból, veit það engi maður hvað langt er síðan þessi bólstaður eyðilagst hefur, en þó sjest þar ennú til girðinga nokkuð lítið og svo til bæjarstæðis“. Einnig kemur fram að eyðibýlið liggir „í því Breiðabólstaðarkirkju afrjettarlandi, sem fram yfir allra lifandi manna minni og tilspurn hafa Breiðabólstaðar haldarar átölulaust og ómótmælt haft og haldið Breiðabólstaðarkirkju afréttarland og tolla eftir tekið ... “. Í vísitásum að Breiðabólstað árin 1716, 1749 og 1833, kemur fram, að hið gamla eyðiból Ásgarður sé í eigu kirkjunnar að Breiðabólstað. Í ýmsum heimildum á 19. og 20. öld er einnig fjallað um eyðibýlið Ásgarð í Ásgarðsdal. Þá sáust merki mannvista í landslagi í vettvangsferð óbyggðanefndar 26. september 2013, þar sem talið er að Ásgarður hafi staðið, yst á Ásgarðsdal, sbr. kafla 4.3.

Jafnframt eru í kaflanum raktar heimildir um eyðibýlið Ambáttarkot en þess er fyrst getið í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1705. Samkvæmt henni mun Ambáttarkot hafa staðið „á millum Þorgrímsstaða, efalausrar Breiðabólstaðar jarðar á aðra síðu, en á aðra síðu efalausrar Breiðabólstaðar afrjettar“, en byggð þar mun þó hafa varað stutt. Þá segir í jarðamatinu 1804 að kirkjujarðirnar Þorgrímsstaðir og Ambáttarkot, liggja báðar í eyði en séu staðsettar í Breiðabólstaðarafirétt. Þá hafa ýmsar síðari tíma heimildir að geyma vangaveltur um eignarhald á Ambáttarkoti og staðsetningu þess. Af heimildunum má draga þá ályktun að eyðibýli þetta hafi legið á landsvæði í eigu Breiðabólstaðarkirkju, annað hvort innan þess landsvæðis sem deilt er um í máli þessu eða á mörkum þess.

Í máldaga Auðunar biskups rauða Þórbergssonar frá 1318 kemur fram að kirkjan á Breiðabólstað í Vesturhópi eigi alla Þorgrímsstaði en ekki kemur fram afmörkun á því svæði sem vísað er til sem Þorgrímsstaða í heimildinni. Í fyrrnefndum máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar fyrir Breiðabólskirkju frá 1472, þar sem afréttar Breiðabólstaðarkirkju er fyrst sérstaklega getið, er tilgreindur réttur kirkjunnar til afréttartolla af hverjum þeim bónda sem rak fé sitt í afrétt staðarins, en staðsetningar afréttarinnar er ekki getið í heimildinni.

Í ýmsum heimildum frá 14. öld og allt fram til 19. aldar kemur hið sama fram, þ.e. að Breiðabólstaðarkirkja eigi alla Þorgrímsstaði, án þess að afmörkun Þorgrímsstaða sé sérstaklega tilgreind. Í mörgum þessara sömu heimilda er jafnframt

---

vísað til afréttar, oftast en ekki tilgreind sem Breiðabólstaðarafrétt og þá án nánari afmörkunar.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705* segir að kirkjustaðurinn Breiðabólstaður í Vestarahópshreppi eigi afrétt til lambaupprekstrar þar sem kallað er Ásgarðsdalur og Ambáttardalur og að þangað sæki lambaupprekstur byggð öll kringum Vatnsnes og Vesturhópsfjall fyrir toll. Samkvæmt Jarðabókinni átti fjöldi jarða lambaupprekstur í Breiðabólstaðarafrétt fyrir toll en tvær jarðir áttu tollalausn lambaupprekstur, annars vegar Ásbjarnarstaðir og hins vegar Þorgrímsstaðir. Tekið er fram að Ásbjarnarstaðir „eigi ekki“ afrétt en að ábúendur hafi ekki goldið toll til Breiðabólstaðar fyrir nýtingu á Breiðabólstaðarafrétt og töldu menn líklegt að það væri vegna þess átroðnings sem jörðin liði vegna fjár sem rekið væri á afréttina. Þá segir enn fremur: „Nokkrir segja jörðin [Ásbjarnarstaðir] hafi selstöðu brúkað í Þorgrímsstaðalandi, ætla það hafi heldur verið fyrir toll eður góðvilja heldur en í skyldunafni ... “. Samkvæmt Jarðabókinni og manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands voru Þorgrímsstaðir ekki í byggð á þeim tíma sem Jarðabókin var rituð. Í jarðabókinni er einnig að finna umfjöllun um Ambáttarkot og það sagt hafa staðið „á millum Þorgrímsstaða, efalausrar Breiðabólstaðar jarðar á aðra síðu, en á aðra síðu efalausrar Breiðabólstaðar afrjettar“, Í vísitasíu að Breiðabólstað frá 1783 segir að kirkjan eigi fjölda jarða á Vatnsnesi, þ.á m. Þorgrímsstaði, og að kirkjan innheimti lambstoll af þeim bændum er reka fé í afrétt kirkjunnar. Í vísitasíu að Breiðabólstað frá 1794 kom fram að lamba- og geldfjárupprekstur væri hafinn að nýju í Breiðabólstaðarafrétt og að „koted Þorgrímsstader, áður þar i ná<lægð> byggdt, var somu orsakar vegna friviliugt i Eyde sett og afmád“. Í jarðamati árið 1804 kemur fram að staðarhaldarinn á Breiðabólstað hafi um fjögurra ríkisdala tekjur árlega af afrétt sem tilheyri jörðinni. Í jarðamatinu segir enn fremur að kirkjujarðirnar Þorgrímsstaðir og Ambáttarkot, báðar tilheyrandi Breiðabólstaðarkirkju, liggja í eyði og eru báðar jarðirnar sagðar staðsettar í Breiðabólstaðarafrétt og nýttar sem beitoland. Í vísitasíu að Breiðabólstað frá 1805 kemur fram að upprekstur á Breiðabólstaðarafrétt hafi verið notalítill, og jafnvel frekar til ómaks en ábata, en áréttað að réttindin gangi þó ekki undan kirkjunni. Í vísitasíu að Breiðabólstað frá 1817 kemur m.a. eftirfarandi fram um Þorgrímsstaði og Breiðabólstaðarafrétt: „Kyrkjukotid Þorgrímsstadir er lagdt i Eydi sidan Breiðabólstadar afrett á ni upptekin til Lamba uppreksturs.“ Samkvæmt heimildinni virðist sem Breiðabólstaðarafrétt hafi verið hluti Þorgrímsstaða en að Breiðabólstaðarhaldar hafi tekið upp tolla á ný eftir að Þorgrímsstaðir lögðust í eyði.

Í vísitasíu að Breiðabólstað frá 1819 eru taldar upp jarðir kirkjunnar og þar eru Þorgrímsstaðir ekki sérstaklega nefndir en tollar vegna afréttar staðarins taldar upp meðal eigna. Samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands var búið á Þorgrímsstöðum á ný árið 1835 og alla tíð síðan. Í vísitasíu að Breiðabólstað árið 1836 kemur m.a. fram að kirkjan eigi Þorgrímsstaði og lambeldi af hverjum þeim bónda sem rekur fé sitt í afrétt staðarins. Í Sýslu- og sóknalýsingum Breiðabólstaðar-

---

og Víðidalstungusókna frá árinu 1839 eru Þorgrímsstaðir taldir upp meðal kirkjujarða og ítaka Breiðabólstaðarkirkju en Breiðabólstaðarafrétt ekki sérstaklega nefnd. Á manntalsþingi að Kirkjuhvammi í maí 1840 var séra Ö. Sívertsen falin öll umsjón með Þorgrímsstaðaafrétti, umönnun og hreinsun. Á manntalsþingi að Kirkjuhvammi í maí 1842 var upplesin aðvörun Jóhanns Þórðarsonar í Dalkoti til allra þeirra er fé vildu reka á Þorgrímsstaðaafrétt.

Í úttekt að Breiðabólstað árið 1846 kemur fram að kirkjan á Breiðabólstað eigi m.a. Þorgrímsstaði og lambeldi af hverjum þeim bónda sem rekur fé sitt í afrétt staðarins. Þar segir ennfremur: „Afréttartollarnir eru nú bygdir bóndanum á Þorgrímsstöðum með Jörðinni, og eru þeir þar fyrir innifaldir í Landskuldarafgjaldi hans“. Í Jarðatali J. Johnsens frá árinu 1847 segir um afréttartolla Breiðabólstaðarkirkju: „Breiðabólstaður í Vesturhópi; [...] Afréttartollar, sem kirkjan áður fékk, verða nú eigi taldir til inntektar, síðan kirkjujörðin Þorgrímstaðir var byggð upp aptur í afréttarlandi staðarins“. Þar kemur einnig fram að jörðin Tjörn á Vatnsnesi eigi lambaupprekstur í „Breiðabólstaðar afrétt“. Þá segir í kafla um Breiðabólstað og afrétt tilheyrandi þeirri jörð í jarðarmati Húnavatnssýslu frá 1849: „Jörðinni fylgir afrjettarland, en af þessu afrjettarlandi er byggð jörðin Þorgrímsstaðir innan Kirkjuhvamms hrepps, og mezt einungis afrjettarlandið hjer með heimajörðinni, er sú afrjett lítil er kostagóð, kallast landið Breiðabólstaðar afrjett, og er Ásgarðsdalur austurpartur þess, allt út að Seljagili, en vesturparturinn er Ambáttardalur allur austanvert í dalnum.“ Í kafla um Breiðabólstað í Vesturhópi í brauðamati fyrir kirkjur á Íslandi frá árinu 1854, eru leigutekjur af Breiðabólstaðarafrétt í Vatnsnesfjalli taldar fram á meðal tekna staðarins af ískyldum, ítökum og hlunnindum prestakallinu „eptir máldögum þess og skjölum“. Þar segir að Breiðabólstaðarafrétt í Vatnsnessfjalli sé öðrum „leigð fyrir 20 pd. hvítrar ullar og 20 pd. tólgar [fyrir] 7 [rikisdali] 60 [skildinga]“. Í heimildinni er að öllum líkindum átt við ábúanda Þorgrímsstaða. Í sóknarlýsingu Vesturhópshólasóknar frá árinu 1858 segir að í sókninni séu engin veruleg afréttarlönd en einhverjir hafi rekið lömb sín í „svokallaða Breiðabólstaðarafrétt“.

Í kjölfar þess að landamerkjälög nr. 5/1882 tóku gildi voru landamerki Þorgrímsstaða og Breiðabólstaðarafréttar skráð þann 6. júlí 1887. Var merkjum landsvæðanna lýst sameiginlega og án þess að afréttin væri sérstaklega aðgreind frá heimajörðinni. Fram kom að hvort tveggja væri eign Breiðabólstaðarkirkju og voru landamerkin upplesin á manntalsþingi að Stóruborg þann 1. júní 1891. Landamerkjabréfið var undirritað af prestinum að Breiðabólstað og undirritað um samþykki vegna jarðanna Egilsstaða, Bergsstaða, Illugastaða, Ásbjarnastaða, Sauðadalsár, Tjarnar, Syðri-Þverár, Efri-Þverár og Neðri-Þverár. Þann 13. febrúar árið 1893, átti meirihluti hreppsnefndar Þverárhrepps fund ásamt tveimur hreppsnefndarmönnum úr Kirkjuhvammshreppi í þeim tilgangi að ræða notkun afrétta í Vatnsneshreppum. Í hreppsþókina var ritað: „Ennfremur var þess farið á leit við

---

prestinn í Breiðabólstað hvort hann mundi geta fallist á, að upprekstrarland Þorgrímsstaða, sem er kirkjújörð frá Breiðabólstað, væri selt sveitarfélagi Þverárhrepps, og kvaðst hann vera því meðmæltur, ef viðunanlegt verð fengist fyrir það.“ Samkvæmt gjörðabók Þverárhrepps 1893–1910 greiddi hreppurinn 6 krónur fyrir smölun á „Þorgrímsstaðaafrétti“ 1893. Í frumvarpi til reglugjörðar um notkun afrétta í Húnavatnssýslu frá árinu 1894 kemur fram að íbúar Þverárhrepps skuli nota heimalönd hreppsins sem upprekstrarlönd og einnig afrétt Breiðabólstaðarkirkju.

Vorið 1891 komu upp deilur milli Kirkjuhvammshrepps og Þverárhrepps vegna grenjavinnslu í svokölluðum Nauthólum í vestanverðum Ambáttardal. Deilan snerist um það hvort grenið tilheyrði heimalandi Þorgrímsstaða, sem féll innan Kirkjuhvammshrepps, eða afréttinni, sem féll innan Þverárhrepps, og hvorum hreppnum bæri því að greiða kostnaðinn af vinnslunni.

Það er síðan þann 28. október 1898 sem Hálfmán Guðjónsson prestur á Breiðabólstað gefur út yfirlýsingu með bréfi þess efnis að Þorgrímsstöðum sé byggt út allt land vestan Ambáttarar suður í Kaldaklofaþröskuld og eftir þáverandi merkjum að vestan og norðan ofan í Þorgrímsstaðaá. Með þessari ráðstöfun var lagður grunnur að þeirri skiptingu Þorgrímsstaða og ágreiningssvæðisins sem síðar hefur verið byggt á. Það sem olli því að ráðist var í uppskiptingu Þorgrímsstaða og afréttarinnar var fyrrgreind deila milli hreppanna vegna grenjavinnslunnar.

Í fasteignamati Vestur-Húnavatnssýslu frá árinu 1916 segir að Þverárhreppur og Kirkjuhvammshreppur eigi það sameiginlegt að þeir eigi ekkert upprekstrarland „utan heimalöndin“. Þá er í fasteignamatinu fjallað um Þorgrímsstaði og sagt að jörðin eigi ekkert upprekstrarland en hafi nægilegt land auk þess sem merkjum jarðarinnar er lýst. Er sú merkjalýsing í samræmi við fyrrgreinda yfirlýsingu Hálfmáns Guðjónssonar prests frá 1898.

Svo sem rakið er hér að framan er í heimildum um eignarhald og/eða afnot Breiðabólstaðarhaldara á hinu umdeilda svæði í máli þessu, allt frá 14. öld og fram til 20. aldar, ýmist vísað til Breiðabólstaðarafréttar, Þorgrímsstaða eða Þorgrímsstaðaafréttar, í umfjöllun um landsvæðið. Að mati óbyggðanefndar benda heimildirnar til þess að ágreiningssvæðið, oftast kallað Breiðabólstaðarafrétt, hafi tilheyrt jörðinni Þorgrímsstöðum á þeim tímum sem hún var í byggð, og að innheimta tolla hafi fylgt leigugjaldi fyrir jörðina, en að afréttin hafi síðar verið skilin frá jörðinni sjálfri í kjölfar deilu hreppanna um grenjavinnslu.

Þess skal ennfremur getið að nýbýlið Engjabrekka var byggt innan Breiðabólstaðarafréttar á fyrri hluta 20. aldar. Heimildir benda til þess að það hafi verið árið 1917. Í skýrslu sem var lögð fram vegna fyrirhugaðrar skoðunargjörðar á jörðinni árið 1919 kemur fram að jörðin Engjabrekka sé „afréttarland“ og þar er landamerkjum hennar lýst ítarlega. Í skýrslunni kemur einnig fram að landamerkin hafi verið þinglesin og séu ágreiningslaus, en í henni er að finna fyrstu sérstöku lýsinguna á því landsvæði sem deilt er um í máli þessu. Í apríl árið 1923 keypti Björn Friðriksson



---

jörðina Engjabrekku af Kirkjujarðasjóði fyrir 2.200 krónur með öllum gögnum og gæðum að undanskildum hugsanlegum námum og vatnsaflsréttindum. Kaupbréfið var upplesið að manntalsþingi að Stóruborg þann 26. júní 1923 og fært inn í afsals- og veðmálabók sýslunnar. Ráðherra Íslands í dóms- og kirkjumálum gaf út afsalsbréf vegna sölunnar og var það upplesið á manntalsþingi að Stóruborg í júní 1924. Björn Friðriksson seldi svo og afsalaði sér „eignarjörð sinni“ Engjabrekku til sonar síns, Sigurbjörns Björnssonar, í janúar 1924 og var afsal um söluna Engjabrekku upplesið á manntalsþingi að Stóruborg í júní 1924. Þann 13. maí 1926 keypti svo Þverárhreppur jörðina Engjabrekku af Sigurbirni Björnssyni á 3.000 kr. og voru 1.144 kr. greiddar í peningum en 1.856 kr. með yfirtöku láns við Kirkjujarðasjóð ríkisins. Samkvæmt Fasteignabókum 1942 og 1957 er jörðin Engjabrekka sögð í eigu Þverárhrepps. Síðustu ábúendur Engjabrekku voru hjónin Annas Sveinsson og Helga Jakobsdóttir en þau leigðu jörðina á árunum 1923–1936. Síðan þá hefur jörðin verið í eyði og bæjarhús eru fallin en Þverárhreppur hefur notað hana sem afréttarland hreppsins.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er Breiðabólstaðarafrétt tilgreind sérstaklega í fjölda heimilda. Heimildir um afnot landsvæðisins frá 18. öld og fram á 20. öld fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not. Fleiri jarðir eru nefndar í þessu sambandi, flestar þannig að eigendur þeirra þurfi að greiða toll til Breiðabólstaðar. Þá er afréttin landfræðilega aðskilin frá jörðinni Breiðabólstað af öðrum jörðum. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn benda heimildir um Breiðabólstaðarafrétt til þess að Breiðabólstaðarkirkja hafi farið með umráð og hagnýtingu landsvæðisins allt frá 15. öld og það verið tengt Þorgrímsstöðum og eftir atvikum verið litið á það sem hluta þeirrar jarðar. Af heimildum um afnot Breiðabólstaðarhaldara af svæðinu, innheimtu tolla af nýtingu þess, uppskiptingu Þorgrímsstaða og afréttarinnar vegna deilu Kirkjuhvamms- og Þverárhrepps, sem og sölu Kirkjujarðasjóðs ríkisins til ábúanda Engjabrekku, má ráða að land þetta hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Ekki verður séð að þar hafi komið fram athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágretta sem máli skipti. Enda þótt nýting afréttarsvæðisins hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en heimalandsins leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Nýting hefur verið eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og ekki einskorðast við sumarheit búfjár. Þvert á móti hefur verið byggt á svæðinu þó byggt hafi verið stopul. Heimildir og mannvistarleifar benda til þess að búseta hafi verið fyrir á öldum að Ásgarði yst á Ásgarðsdal auk þess sem nýbýlið Engjabrekka var í byggð árin 1917–1936.

Að ágreiningssvæðinu liggja eignarlönd til allra átta. Sé tekið mið af staðháttum við túlkun landnámslýsinga verður að telja víst að land það sem hér er deilt um hafi verið numið, og er það raunar óumdeilt í málinu, en líkur á stofnun og

---

viðhaldi eignarréttar aukast sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland.

Loks er ljóst að heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í dómi Hæstaréttar frá 7. október 2010 um eignarland í Vatnsenda felst áhersla á þetta atriði enda þótt fleira komi þar til.

Að öllu því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að ágreiningssvæðið, landsvæðið eins og það er afmarkað í landamerkjalyðingu Engjabrekku í afsalssamningnum frá 1926, geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt samkvæmt framansögðu að eigendur Breiðabólstaðar, sem sveitarfélagið Húnaþing vestra leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Breiðabólstaðarafiréttar sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

#### **6.4 Um málskostnað**

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megji nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megji sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

---

## 7 ÚRSKURÐARORÐ

Ekki eru þjóðlendum á því landsvæði sem fjallað hefur verið um í máli þessu.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Ólafs Björnssonar hrl.: Húnaþing vestra vegna Breiðabólstaðarafréttar, kr. 900.000.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

---

Karl Axelsson

---

Allan V. Magnússon

---

Ása Ólafsdóttir

---

## II. Aðilaskrá

Þjóðlendar

Fjármála- og efnahagsráðherra  
f.h. íslenska ríkisins

Engjabrekka/Breiðabólstaðarafrétt

Húnaþing vestra

---

### III. Skjalaskrá<sup>192</sup>

#### Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- 1 Kröfulýsing, dags. 2.7.2012.
- 1(1) Skjalaskrá, dags. 2.7.2012.
- 1(2) Tilvísanaskrá, dags. 2.7.2012.
- 1(3) Bréf lögmanns fjármálaráðuneytis til óbyggðanefndar um kröfulýsingu íslenska ríkisins vegna Þjóðlendna á svæði 8A, dags. 2.7.2012.
- 1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra um meðferð á svæðum 7B og 8A hjá óbyggðanefnd, dags. 6.7.2012.
- 1(5) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra. Svæði 8 norður tekið til meðferðar. Frestur til að skila inn kröfulýsingu, dags. 23.6.2012.
- 1(6) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðherra. Frestur fjármálaráðherra til að skila kröfulýsingu á svæði 8A. Framlenging, dags. 28.12.2011.
- 1(7) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar. Viðbögð fjármálaráðuneytis við bréfi óbyggðanefndar, dags. 28.12.2011, um frest fjármálaráðherra til að skila kröfulýsingu á svæði 8A, dags. 17.1.2012.
- 1(8) Afrit af bréfi óbyggðanefndar til sýslumannsins á Blönduósi, varðandi frest fjármálaráðherra til að lýsa hugsanlegum Þjóðlendukröfum, sent til upplýsinga til fjármálaráðherra, dags. 18.1.2012.
- 1(9) Bréf óbyggðanefndar til fjármálaráðuneytisins. Þjóðlendumál á árinu 2012, hvort gerður sé ágreiningur um að frestur til að setja fram Þjóðlendukröfur á svæði 8A geti runnið út 31.3.2012, dags. 26.1.2012.
- 1(10) Bréf fjármálaráðuneytisins til óbyggðanefndar. Ráðuneytið staðfestir að frestir til að skila inn kröfuleysingum hafi byrjað að líða 1.1.2012, dags. 9.2.2012.
- 1(11) Bréf lögmanns ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 8A, dags. 26.3.2012.
- 1(12) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 30.3.2012.
- 1(13) Dómur Hæstaréttar Íslands nr. 87/1988 Grímstungu- og Haukagilsheiði og Sauðadalur, dags. 16.2.1990.
- 1(14) Dómur Hæstaréttar Íslands nr. 72/1980 Haukagilsheiði og Lambatungur, dags. 2.7.1984.
- 1(15) Bókun um breytingar kröfulína ríkisins, dags. 21.3.2013.
- 1(16) Greinargerð, dags. 29.4.2013.

#### Lagt fram af óbyggðanefnd:

- 2 Heildaskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 1.12.2014.  
*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.I.):*
- 2(1) Þorgrímsstaðir og Breiðabólstaðarafrétt, dags. 6.7.1887. *Merkt 1.*
- 2(2) Engjabrekka, dags. 13.5.1926. *Merkt 2.*
- 2(3) Ásbjarnarstaðir, dags. 19.5.1885. *Merkt 3.*
- 2(4) Tunga, dags. 25.4.1889. *Merkt 4.*
- 2(5) Egilsstaðir, dags. 19.5.1885. *Merkt 5.*
- 2(6) Hlíð, dags. 29.5.1886. *Merkt 6.*
- 2(7) Breiðabólstaður, ásamt hjáleigunum Foss og Bjarghús, dags. 30.5.1892. *Merkt 7.*
- 2(8) Breiðabólstaður, dags. 13.12.1938. *Merkt 8.*
- 2(9) Melstaður, dags. 22.9.1938. *Merkt 9.*
- 2(10) Þóreyjarnúpur, dags. 31.5.1890. *Merkt 10.*

---

<sup>192</sup> Skjölum er raðað undir efnisflokkum og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

- 
- 2(11) Núpshlíð – Þóreyjarnúpur, dags. 13.12.1927. *Merkt 11 a-b.*  
2(12) Vatnshóll, dags. 31.5.1890. *Merkt 12.*  
2(13) Vatnshóll, dags. 4.12.1962. *Merkt 13.*  
2(14) Vatnshorn, dags. 21.7.1890. *Merkt 14.*  
2(15) Múli, dags. 28.6.1890. *Merkt 15.*  
2(16) Grafarkot, dags. 31.5.1890. *Merkt 16.*  
2(17) Grafarkot (landskiptagerð), dags. 13.9.1962. *Merkt 17.*  
2(18) Litliós, dags. 31.5.1890. *Merkt 18.*  
2(19) Syðri-Vellir, dags. 23.5.1890. *Merkt 19.*  
2(20) Kirkjuhvammur, dags. 24.5.1890. *Merkt 20.*  
2(21) Helguhvammur og Kothvammur sem hafa óskipt beutiland, ódags. en þingl. 15.6.1894. *Merkt 21 a-c.*  
2(22) Helguhvammur I og II, dags. 29.4.1960. *Merkt 22.*  
2(23) Helguhvammur I og II, dags. 9.10.1978. *Merkt 23 a-b.*  
2(24) Gröf, dags. 11.6.1889. *Merkt 24.*  
2(25) Gröf og Lindarberg, dags. 28.11.1963. *Merkt 25 a-c.*  
2(26) Ytri-og Syðri Kárastaðir, dags. 5.6.1889. *Merkt 26.*  
2(27) Ytri-Ánastaðir, dags. 28.12. líkl. 1976. *Merkt 27.*  
2(28) Dalkot, dags. 20.6.1916. *Merkt 28.*  
2(29) Sauðadalsá, dags. 4.2.1889. *Merkt 29.*  
2(30) Sauðadalsá (landskipti), dags. 5.6.1947. *Merkt 30 a-b.*  
2(31) Ytri-Sauðadalsá, dags. 30.10.1963. *Merkt 31 a-b.*  
2(32) Stapar, dags. 24.5.1890. *Merkt 32.*  
2(33) Illugastaðir, dags. 30.3.1886. *Merkt 33.*  
2(34) Geitafell, dags. 12.5.1886. *Merkt 34.*  
2(35) Gnýstaðir, dags. 19.5.1885. *Merkt 35.*  
2(36) Kattadalur (Kattadalur), dags. 3.12.1889. *Merkt 36.*  
2(37) Tjörn, dags. 25.4.1889. *Merkt 37.*  
2(38) Flatnefsstaðir, dags. 2.6.1886. *Merkt 38.*  
2(39) Saurbær, dags. 13.5.1885. *Merkt 39.*  
2(40) Hindisvík, dags. 12.5.1885. *Merkt 40.*  
2(41) Krossanes, dags. 13.5.1886. *Merkt 41.*  
2(42) Valdalækur, dags. 16.5.1887. *Merkt 42.*  
2(43) Súluvellir, dags. 11.5.1885. *Merkt 43.*  
2(44) Hrísakot, dags. 11.5.1885. *Merkt 44.*  
2(45) Ægissíða, dags. 11.5.1885. *Merkt 45.*  
2(46) Kista, dags. 25.5.1889. *Merkt 46.*  
2(47) Sigríðarstaðir, dags. 21.5.1891. *Merkt 47.*  
2(48) Þorfinnsstaðir, dags. 7.11.1921. *Merkt 48.*  
2(49) Þernumýri og Þorfinnsstaðir (landamerkjadómur), dags. 29.7.1905. *Merkt 49 a-b.*  
2(50) Efri og neðri-Þverá, dags. 29.5.1890. *Merkt 50.*  
2(51) Syðri-Þverá, dags. 28.7.1890. *Merkt 51.*  
2(52) Harastaðir, dags. 27.5.1891. *Merkt 52.*  
2(53) Klömbur, dags. 30.5.1892. *Merkt 53.*  
2(54) Hvoll, dags. 30.5.1892. *Merkt 54.*  
2(55) Grund, dags. 29.5.1889. *Merkt 55.*  
2(56) Böðvarshólar, dags. 19.5.1885. *Merkt 56.*  
2(57) Hörghóll, dags. 29.1890. *Merkt 57.*  
2(58) Síða, dags. 29.5.1889. *Merkt 58.*  
2(59) Litla-Borg, dags. 27.5.1889. *Merkt 59.*  
2(60) Stóra- Borg, dags. 27.5.1889. *Merkt 60.*  
2(61) Vatnsendi, dags. 29.5.1890. *Merkt 61.*  
2(62) Ytra-Tungukot, dags. 17.5.1886. *Merkt 62.*  
2(63) Bergsstaðir, dags. 15.5.1885. *Merkt 63.*

- 2(64) Ósar, dags. 11.5.1885. *Merkt 64.*
- 2(65) Þóreyjarnúpur, dags. 18.7.1958. *Merkt 237 a-b.*
- Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*
- 2(75) Forlíkun. Halldór prestur Ámundason, ásamt fyrrv. hreppstjóra Birni a-b Guðmundssyni, gera forlíkunar tilraun milli séra J. Þóvarðssonar á Breiðabólstað, séra Þorvarð, Eggert Jónssonar eiganda Ánastaða og Ámunda Bjarnasonar að Sauðadalsá, vegna þrætumáls yfir landsparti milli Breiðabólstaðar kirkjujarðar Almennings og Ánastaða, dags. 23.6.1827, ásamt uppskrift. Skjalið er ill-læsilegt vegna skemmda. *Merkt 1 a-b.*
- Afsals- og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*
- 2(66) Lögfesta séra Jóns Guðmundssonar á Melstað, fyrir Melskirkjuafrehtar-eða Tungukotslandi á Vatnsnesi. Landamerkja að norðan getið, dags. 14.6.1811 / 7.6.1881. *Merkt 1.*
- 2(67) Þorvaldur Bjarnarson prestur á Mel mótmælir lögfestu séra Jóns Guðmundssonar á Melstað, fyrir Melskirkjuafrehtar- eða Tungukotslandi á Vatnsnesi, dags. 7.6.1881. *Merkt 2 a-b.*
- Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):*
- 2(68) Jarðamat 1804: Breiðabólstaður, Þorgrímsstaðir og Ambáttardalur og Almanningur. *Merkt 3-5.*
- 2(69) Jarðamat 1849: Breiðabólstaður. *Merkt 1 a-b.*
- 2(70) Fasteignamat 1916-1918 - undirmat: Þverárhreppur, Kirkjuhvamshreppur, Þóreyjarnúpur, Vatnshóll, Neðra-Vatnshorn, Efra-Vatnshorn, Múli, Grafarkot, Litli-Ós, Syðri-Vellir, Ytri-Vellir, Siðstihvammur, Kirkjuhvammur, Helguhvammur, Gröf, Ytri-Kárastaðir, Almanningur, Dalkot, Tungukot, Hlíð, Sauðadalsá ½, Bergsstaðir, Stafn ⅔, Illugastaðir, Geitafell, Gnísstaðir, Ásbjarnastaðir, Þorgrímsstaðir, Tunga, Egilsstaðir, Katardalur, Saurbær, Krossanes, Valdalækur, Súluvellir, Ósar, Hrísakot, Sigríðarstaðir, Þorfinnsstaðir, Þernumýri, Neðri-Þverá, Efri-Þverá, Harastaðir, Grund, Böðvarshólar, Hörghóll, Bjargarhús, Síða, Gottorp, Engjabrekka og Gröf. *Merkt 67-68, 70-119.*
- Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*
- 2(103) Á manntalsþingi á Kirkjuhvammi fól séra J. Tómasson, séra Ö. Sívertsen a-b alla umsjón með Þorgrímsstaðaafrétti, umönnun og hreinsun, ásamt uppskrift, dags. 13.5.1840. *Merkt 1 a-c.*
- 2(104) Á manntalsþingi á Kirkjuhvammi var upplesin aðvörun Jóhanns a-b Þórðarsonar í Dalkoti til allra þeirra er fé vilja reka á Þorgrímsstaðaafrétt, ásamt uppskrift, dags. 18.5.1842. *Merkt 2 a-c.*
- 2(114) Hreppaskjöl Þverárhrepps. Reikningar dýratollssjóðs 1834-1908 vegna grenjavinnslu á kröfusvæðinu, fjölmörg blaðsíðutöl. *Merkt d. 1 a-ee.*
- 2(115) Hreppsþóki Þverárhrepps 1874-1893. Um kostnað vegna refaveiða, fjárhirðingar og afréttarleitar vegna reikningsársins 1879-1880, bls. 15r, ódags. *Merkt d. 2.*
- 2(116) Hreppsþóki Þverárhrepps 1874-1893. Fundargerð hreppsnefndar Þverárhrepps, m.a. fjallað um afréttargjöld, bls. 40r, dags. 19.11.1883. *Merkt d. 3.*
- 2(117) Hreppsþóki Þverárhrepps 1874-1893. Fundargerð meirihluta hreppsnefndar Þverárhrepps, m.a. fjallað um notkun afrétta að því er snerti Vatnsnesfjall, dags. 13.2.1893. *Merkt d. 4 a-b.*
- 2(118) Gjörðabók Þverárhrepps 1893-1910. Um kostnað vegna smölunar á Þorgrímsstaðaafrétti árið 1893, án blaðsíðutals, dags. í júlí 1894. *Merkt d. 5.*

- 2(119) Gjörðabók Þverárhrepps 1893-1910. Fundargerð hreppsnefndar Þverárhrepps, m.a. fjallað um göngur í Vatnsnesfjalli og gangnagjöld, án blaðsíðutals, ódags. *Merkt d. 6.*
- 2(120) Gjörðabók Þverárhrepps 1893-1910. Um greiðslur vegna grenjaleitar á Þorgrímsstaðafrétt, án blaðsíðutals, dags. í júní 1899. *Merkt d. 7 a-b.*
- 2(121) Gjörðabók Þverárhrepps 1893-1910. Fundargerð hreppsnefndar Þverárhrepps, m.a. fjallað um göngur á „Afréttinni“ og gangnagjöld, án blaðsíðutals, dags. 21.8.1905. *Merkt d. 8.*
- 2(123) a-b Dómabók Vestur-Húnavatnssýslu 1827-1830. Extraréttur að Tjörn á Vatnsnesi vegna morðrannsóknar, frásögn eins vitnanna segir frá ferð inn á afrétt, bls. 172, 174-177 og 192, dags. 24.3.1828. *Merkt b. 117 a-f.*
- 2(135) a-b Sáttacommission. Breiðabólstaðarprestur vill ekki sleppa kirkjujörðinni Þórgrímsstöðum og viðliggjandi afréttarlandi, ásamt uppskrift, dags. 29.4.1833. *Merkt 125 a-c.*
- 2(136) a-b Fyrirspurn Jóns Kristjánssonar á Breiðabólstað til sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu um nýtingu á Breiðabólstaðarafrétt, dags. 14.2.1881. *Merkt d 11 a-b.*

*Vísitasúbækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):*

- 2(82) a-b Vísitasía Breiðabólskirkju. Kirkjan á Þorgrímsstaði í eyði og gamalt eyðiból, ásamt uppskrift, dags. 22.8.1716. *Merkt 109 a-b.*
- 2(83) a-b Vísitasía Breiðabólskirkju. Kirkjan á Þorgrímsstaði alla og lambeldi af hverjum þeim bónda sem rekur fé sitt í staðarins afrétt, ásamt uppskrift, dags. 28.7.1749. *Merkt 110 a-c.*
- 2(84) a-b Vísitasía Breiðabólskirkju. Kirkjan á Þorgrímsstaði og lambeldi af hverjum þeim bónda sem rekur fé sitt í staðarins afrétt, ásamt uppskrift, dags. 7.7.1790. *Merkt 111 a-b.*
- 2(85) a-b Vísitasía Breiðabólskirkju. Kirkjan á Þorgrímsstaði og lambeldi af hverjum þeim bónda sem rekur fé sitt í staðarins afrétt, ásamt uppskrift, dags. 30.8.1833. *Merkt 112 a-b.*
- 2(102) a-b Mál dagabók. Kirkjan á Breiðabólstað á Þorgrímsstaði og Ásgarð, ásamt uppskrift, ódags. en líklega frá því eftir 1590. *Merkt 105 a-b.*
- 2(131) Vísitasía Breiðabólstaðar. Kirkjan á Breiðabólstað á Þorgrímsstaði, ásamt uppskrift, dags. 28.8.1679. *Merkt 106 a-c.*
- 2(132) Vísitasía Breiðabólstaðar. Kirkjan á Breiðabólstað á Þorgrímsstaði, ásamt uppskrift, dags. 22.8.1693. *Merkt 107 a-c.*
- 2(133) Vísitasía Breiðabólstaðar. Kirkjan á Breiðabólstað á Þorgrímsstaði, ásamt uppskrift, dags. 6.5.1700. *Merkt 108 a-d.*

*Skjalasöfn presta og prófaste (skjalaflokkur A.9.):*

- 2(76) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir kirkjunnar og afrétt hennar. Á hún Þorgrímsstaði og staðarins afrétt, ásamt uppskrift, dags. 4.6.1783. *Merkt 77 a-c.*
- 2(77) a-b Prófastsvísitasía: Um upprekstur á Breiðabólstaðafrétt, ásamt uppskrift, dags. 26.10.1805. *Merkt 79 a-b.*
- 2(78) a-b Prófastsvísitasía: Um eignarskjöl kirkjunnar, tilheyrandi jarðir og afrétt. „... *Breiðabólstaðar afrett á ni upptekin til Lamba uppreksturs.*“, ásamt uppskrift, dags. 8.6.1817. *Merkt 80 a-e.*
- 2(79) a-b Prófastsvísitasía: Um jarðeignir kirkjunnar og afrétt hennar. „... *item Lambeldi af hverjum þeim bónda, sem rekr Fé sitt i Stadarins Afriett.*“, ásamt uppskrift, dags. 6.10.1819. *Merkt 81 a-c.*
- 2(80) a-b Prófastsvísitasía: Um eignir, jarðir og ítök kirkjunnar. „... *item Lambeldi af hvörum þeim bónda sem rekur Fé sitt i Stadarins afrett ...*“, ásamt uppskrift, dags. 30.11.1836. *Merkt 84 a-c.*



- 2(81) a-b Prófastsvísitasía: Um jarðeignir kirkjunnar, afrétt hennar og fleira. „ ... *item Lambeldi af hvörjum þeim bónda, sem rekur fje sitt i Stadarins Afrétt [...]* Ásgard ...“, ásamt uppskrift, dags. 4.6.1846. *Merkt 85 a-e.*
- 2(134) a-b Vísitasía Breiðabólstaðar. Kirkjan á Breiðabólstað heldur sínum eignum og réttindum, ásamt uppskrift, dags. 14.12.1797. *Merkt 78 a-c.*  
*Skjalasafn Stjórnarráðs Íslands (skjalaflokkur A.11.):*
- 2(86) a-b Greinargerð Stjórnarráðs Íslands um Engjabrekku á Vatnsnesi, vegna kirkjujarðasölu í Húnavatnssýslu, ásamt uppskrift, dags. 1.12.1921. *Merkt 77-d.*
- 2(87) a-b Hreppstjóri Þverárhrepps sendir Stjórnarráði Íslands eftirrit skjala vegna kaupa á kirkjujörðinni Engjabrekku, en frumritin munu hafa brunnið í Borgarnesi. (Eftirrit skjalanna eru lögð fram undir skjalaflokki A.16), ásamt uppskrift, dags. 18.6.1921. *Merkt 78.*
- 2(122) Bréf sýslumannsembættisins á Blönduósi til Stjórnarráðsins í Reykjavík varðandi gleymsku fasteignamatnefndar Vestur-Húnavatnssýslu í því að virða jörðina Engjabrekku, dags. 7.5.1919. *Merkt 81.*  
*Klausturumboð (skjalaflokkur A.13.):*
- 2(71) a-b Egilsstaðir. Skýrsla um ábúð og ásigkomulag Þingeyraklaustursjarða, ódags. 1865, ásamt uppskrift. *Merkt 1 a-b.*
- 2(72) a-b Katadalur. Skýrsla um ábúð og ásigkomulag Þingeyraklaustursjarða, ódags. 1865, ásamt uppskrift. *Merkt 2 a-b.*
- Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):*
- 2(88) Kaupbréf. Kaup Engjabrekku kunngjörð, dags. 21.4.1923. *Merkt 1 a-b.*
- 2(89) a-b Virðingargjörð fyrir kirkjujörðina Engjabrekku, ásamt uppskrift, dags. 14.6.1921 *Merkt 2 a-b.*
- 2(90) a-b Hreppsstjóraskýrsla um Engjabrekku. Tekið fram að jörðin var áður afréttarland og landamerkja getið, ásamt uppskrift, dags.10.11.1919. *Merkt 3 a-c.*
- 2(91) a-b Staðfesting virðingargerðar á Engjabrekku, ásamt uppskrift, dags. 10.6.1920. *Merkt 4 a-b.*
- 2(92) a-b Ábúandi Engjabrekku leitast eftir því við Stjórnarráð Íslands að kaupa Engjabrekku, ásamt uppskrift, dags. 16.3.1919. *Merkt 5.*
- 2(93) Matmenn tilnefndir til að meta Engjabrekku, dags. 17.9.1921. *Merkt 6.*
- 2(94) a-b Bréf hreppstjóra Þverárhrepps til Stjórnarráðs Íslands þar sem lagt er til að ábúanda Engjabrekku verði seld jörðin, ásamt uppskrift, dags. 10.10.1920. *Merkt 7.*
- 2(95) a-b Ráðherra Íslands í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu selur og afsalar Engjabrekku til ábúandans, dags. 21.4.1923. *Merkt 8 a-b.*
- 2(105) a-b Bikupsvísitasía. Um afrétt Breiðabólstaðarkirkju. Kirkjustólsbók 1749-1792, bls. 2-4, ásamt uppskrift, dags. 28.7.1749. *Merkt 15 a-c.*
- 2(106) a-b Prófastsvísitasía. Um lögfestur fyrir Breiðabólstaðarafrétt. Kirkjustólsbók 1749-1792, bls. 32, 34, 43, ásamt uppskrift, dags. 10.6.1770. *Merkt 16 a-c.*
- 2(107) a-b Prófastsvísitasía. Um endurvakningu lamba- og geldfjárreksturs í Breiðabólstaðarafrétt. Kirkjustólsbók 1793-1838, án blaðsíðutals, ásamt uppskrift, dags. 21.5.1794. *Merkt 17 a-c.*
- 2(108) a-b Athugasemd í kirkjustólsbók. Um lamba- og geldfjárrekstur í Breiðabólstaðarafrétt. Kirkjustólsbók 1793-1838, án blaðsíðutals, ásamt uppskrift, án dags. 1805. *Merkt 18.*
- 2(109) a-b Biskupsvísitasía. Um afrétt kirkjunnar að Breiðabólstað. Kirkjustólsbók 1793-1838, ásamt uppskrift, án blaðsíðutals, dags. 30.8.1833. *Merkt 19 a-b.*
- 2(124) Húsvitjunarbók Tjarnar- og Vesturhópshóla 1897-1930. Manntal í Tjarnarsókn, Björn Friðriksson og fjölskylda hans búa þá að Tjörn, dags. 31.12.1913. *Merkt 9.*
- 2(125) Húsvitjunarbók Tjarnar- og Vesturhópshóla 1897-1930. Manntal í Tjarnarsókn, Björn Friðriksson og fjölskylda hans búa þá að Tjörn, dags. 31.12.1914. *Merkt 10.*

- 2(126) Húsvitjunarbók Tjarnar- og Vesturhópshóla 1897-1930. Manntal í Tjarnarsókn, Björn Friðriksson og fjölskylda hans búa þá að Tjörn, dags. 31.12.1915. *Merkt 11.*
- 2(127) Húsvitjunarbók Tjarnar- og Vesturhópshóla 1897-1930. Manntal í Tjarnarsókn, Björn Friðriksson og fjölskylda hans búa þá að Tjörn, dags. 31.12.1916. *Merkt 12.*
- 2(128) Sóknarmannatal Tjarnar 1931-1960. Manntal í Tjarnarsókn, Annas Sveinsson og fjölskylda hans þá ábúendur að Engjabrekku, dags. 31.12.1924. *Merkt 13.*
- 2(129) Sóknarmannatal Tjarnar 1931-1960. Manntal í Tjarnarsókn 1935, ekkja Annasar Sveinssonar, Helga Jakobsdóttir býr þá að Engjabrekku ásamt börnum sínum, enginn býr að Engjabrekku ári síðar, ódags. *Merkt 14.*
- 2(130) Frumvarp til reglugjörðar um notkun afrétta fyrir Húnavatnssýslu, ásamt a-b uppskrift, dags. 24.2.1894. *Merkt 4 a-g.*
- Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1):*
- 2(73) Máldagar Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi 1318. a-b Breiðabólstaður í Vesturhópi. Kirkja á Breiðabólstað í Vesturhópi á heimaland allt [...] Þorgrímsstaðir allir. Melstaðarkirkja á „land ad kolbrizä oc saudadal.“ Í.f. II. b., bls. 423, 479 og 482. *Merkt 1 a-b og 58 b.*
- 2(74) Elsti hlutinn af Sigurðarregistri, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju, þegar Jón biskup Arason tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land 1525. Þorgrímsstaðir taldir upp á meðal jarðeigna kirkjunnar á Breiðabólstað. Í.f. IX. b., bls. 293 og 325. *Merkt 2 a-b.*
- 2(96) Vitnisburður um að Egill Jónsson hafi haldið 20 ár eða lengur Tungu á Vatnsnesi. Minnst á mörk við Ásgarð, dags. 21.11.1485. Í.f. VI. b., bls. 554-555. *Merkt 57 a-b.*
- 2(97) Máldagar Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi. Melur í Miðfirði 1461. Kirkja hins heilaga Stephani á Mel í Miðfirði á heima land allt, Eyjar á Hrutafirði, land að Kolbreiðsá og í Sauðadal. Brotalækur, land í Reykiólum allt. Í.f. III. b., bls. 155-156. *Merkt 59 a-b.*
- 2(98) Máldagar Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi 1461 og síðar. Melstaður: Samsvarandi og eldri. Ítem skóg í Norðurárdal millum Svartagils og Sauðhúslækjar og upp í fjallsbrún. Í.f. V. b., bls. 247 og 338-339. *Merkt 60 a-c.*
- 2(99) Elsti hlutinn af Sigurðarregistri, sem hefur inni að halda máldaga Hóladómkirkju, þegar Jón biskup Arason tók við, máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land 1525. Kirkjan á Mel á land á Kolbjítzá og í Sauðadal. Í.f. IX. b., bls. 293 og 326-327. *Merkt 61 a-c.*
- 2(100) Skrá um eignir Mels í Miðfirði, minnisgreinar á árunum 1552-1554. Í.f. XII. b., bls. 499-501. *Merkt 62 a-c.*
- 2(101) Reikningar kirkna á prestsetrum í Hólabiskupsdæmi, 1569. Kirkja á Mel beneficium. Hún á þessar jarðir Breiðalæk með iij kúgildum [...] Búrfell [...] Fallandastaðir [...] Reynihólar [...] o.fl. Í.f. XV. b., bls. 346 og 355-356. *Merkt 63 a-c.*
- 2(110) Máldagi Jóns biskups skalla fyrir kirkjunni á Breiðabólstað í Vesturhópi 1360-1389. Kirkjan á Breiðabólstað á Þorgrímsstaði alla, dags. Í.f. III. b., bls. 155 og 167-168. *Merkt 58 a-c.*
- 2(111) Umboðsbréf um Breiðabólstað í Vesturhópi, dags. 21.4.1430. Í.f. IV. b., bls. 406-407. *Merkt 59 a-b.*
- 2(112) Máldagi Ólafs biskups Rögnvaldssonar fyrir Breiðabólkirkju í Vesturhópi 1461 og síðar. Í.f. V. b., bls. 247 og 341-343. *Merkt 60 a-b.*
- 2(113) Kirknareikningur fyrir Breiðabólstað, 1569, í Vesturhópi. Í.f. XV. b., bls. 346 og 356. *Merkt 61 a-b.*

*Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*

- 4(44) Tungukot, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
- 4(45) Tungukot, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
- 4(46) Tungukot, þinglýsingarvottorð, dags. 26.6.2013.
- 4(47) Þorgrímsstaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
- 4(48) Þorgrímsstaðir, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
- 4(49) Þorgrímsstaðir, þinglýsingarvottorð, dags. 27.6.2013.
- 4(50) Breiðabólstaður, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
- 4(51) Breiðabólstaður, spjald úr Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu.
- 4(52) Breiðabólstaður, þinglýsingarvottorð, dags. 27.6.2013.
- 4(53) Engjabrekka, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Húnavatnssýslu.
- 4(54) Kaupsamningur. Þverárhreppi seld jörðin Engjabrekka í Þverárhreppi, landamerkja getið, dags. 13.5.1926.
- 4(55) Sala og afsal á Engjabrekku, dags. 5.1.1924.
- 4(56) Ráðherra Íslands í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu selur og afsalar Engjabrekku, dags. 21.4.1923.
- 4(60) Björn Friðriksson kunngjörir kaup Engjabrekku, dags. 21.4.1923.
- 4(61) Engjabrekka, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.
- 4(62) Engjabrekka í Þverárhreppi, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabók Húnavatnssýslu 1901-1945.

*Fornleifaskráning (skjalaflokkur A.14.):*

- 4(10) Menningarminjar á miðhálandi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, bls. 3–27, 59–61, 127–147.

*Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):*

- 4(1) Símskeyti Fossanefndar til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum, dags. 3.4.1918.
- 4(2) Bréf Þjóðskjalasafns Íslands til óbyggðanefndar. Upplýsingar um gögn á safninu er varða þingsályktun um rétt ríkisins til vatnsorku í almenningum, dags. 23.8.2005.
- 4(3) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta, dags. 29.12.1919.
- 4(4) Svarbréf Sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 28.4.1920, við bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
- 4(5) Svarbréf Kirkjuhvammshrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 23.2.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
- 4(6) Svarbréf Þverárhrepps til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 5.3.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
- 4(7) Fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins til sveitarfélaga um afrétti og upprekstarrett, dags. 20.2.1989.
- 4(8) Svarbréf Hvammstangahrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstarrett í sveitarfélaginu, dags. 7.11.1989.
- 4(9) Svarbréf Þverárhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20.1989, um afrétti og upprekstarrett í sveitarfélaginu, dags. 8.11.1989.
- 4(11) Minnispointar Skipulags ríkisins til félagsmálaráðuneytisins varðandi skipun afrétta innan marka sveitarfélaga, ásamt bráðabirgða afréttaskrá Skipulags ríkisins, dags. 5.11.1989.
- 4(41) Hefti með ágripum og greinum um Húnavatnssýslu, 105 bls. Náttúrustofa Norðurlands vestra, dags. 10.4.2010.
- 4(57) Yfirlýsing Hálfðáns Guðjónssonar um merki Þorgrímsstaða, dags. 28.10.1898.
- 4(58) Kvittun fyrir grenjavinnslu í Kirkjuhvammshreppi, dags. 4.2.1899.
- 4(59) Bréf Baldvins Eggertssonar í Helguhvammi til Sýslunefndar Húnavatnssýslu um deilur vegna greiðslu á grenjavinnslu, dags. 2.3.1899.

*Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):*

- 4(12) Ný jarðabók 1861, bls. 93-99.
- 4(34) Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 222-253.
- 4(35) Fasteignabók 1921, bls. 99-116.
- 4(36) Fasteignabók 1942-1944, bls. 26-30.
- 4(37) Fasteignabók 1932, bls. 60-67.

*Dómar (skjalaflokkur B3.):*

- 4(42) Hrd. nr. 72/1980. Umferðarréttur íbúa Þverárhrepps vegna nýtingar Haukagilsheiðar, Lambatungna og Kornsártungna, dags. 2.7.1984.
- 4(43) Hrd. nr. 191/1987. Upprekstur hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiðum, Sauðadal og nærliggjandi afréttarlöndum, dags. 30.6.1987.

*Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):*

- 4(13) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 62/1901, B-deild, bls. 95-96.
- 4(14) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 76/1905, B-deild, bls. 131-145.
- 4(15) Reglugjörð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 71/1909, B-deild, bls. 131-146.
- 4(16) Reglugjörð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr.132/1914, B-deild, bls. 276-291.
- 4(17) Reglugjörð um breyting á reglugjörð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl. frá 11.11.1914, nr. 59/1920, B-deild, bls. 169-170.
- 4(18) Reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 80/1930, B-deild, bls. 198-213.
- 4(19) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl. frá 4.9.1930, nr. 15/1931, B-deild, bls. 73.
- 4(20) Reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 121/1940, B-deild, bls. 201-213.
- 4(21) Reglugerð um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 121, 24.7.1940, nr. 123/1944, B-deild, bls. 163.
- 4(22) Auglýsing um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 121 frá 24.7.1940, nr. 181/1945, B-deild, bls. 345.
- 4(23) Auglýsing um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 121 frá 1940, nr. 131/1946, B-deild, bls. 251.
- 4(24) Reglugerð um breytingar og viðauka við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu nr.121 frá 24.7.1940, nr. 101/1949, B-deild, bls. 210-211
- 4(25) Reglugerð um breytingar og viðauka við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 121 frá 24.7.1940, nr. 141/1952, B-deild, bls. 284-285.
- 4(26) Fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 148/1960, B-deild, bls. 346-355.
- 4(27) Reglugerð um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 121 frá 24.7.1940, nr. 88/1956, B-deild, bls. 207-208.
- 4(28) Fjallskilareglugerð fyrir V-Húnavatnssýslu, nr. 392/1975, B-deild, bls. 778-787.
- 4(29) Reglugerð um breytingar á fjallskilareglugerð V-Húnavatnssýslu nr. 392/1975, nr. 329/1976, B-deild, bls. 606.
- 4(30) Reglugerð um breytingar á fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu nr. 392/1975, sbr. breytingu með reglugerð nr. 329/1976, nr. 97/1986, B-deild, bls. 167-169.
- 4(31) Fjallskilasamþykkt fyrir Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 458/1996, B-deild, bls. 1165-1173.
- 4(32) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl., nr. 89/1898, B-deild, bls. 123-132.
- 4(39) Fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra, nr. 762/1999, B-deild, bls. 2066-2073.
- 4(40) Reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og meðferð á óskilafjenaði, nr.

84/1892, B-deild, bls. 126-134.

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt Stjórnartíðindum (skjalaflokkur B.6.):*

- 4(33) Samþykkt fyrir Veiðifélag Vatnsnesinga, nr. 90/1961, B-deild, bls. 190-191.  
4(38) Lög um að skipta Húnavatnssýslu í tvö sýslufélög, nr. 77/1907, A-deild, bls. 470.

**Lagt fram af Ólafi Björnssyni hrl. vegna Engjabrekku á Vatnsnesfjalli:**

- 5 Kröfulýsing, dags. 7.2.2013.
- 5(1) Engjabrekka. Óstaðfest stofnskjal lóðar/lands unnið af Loftmyndum ehf., ásamt uppdráttum, ódags. en mótt. 7.2.2013.
- 5(2) Greinargerð, dags. 25.9.2013.
- 5(3) Minnisblað Agnars J. Levý um ábúð á Engjabrekku, dags. 22.1.2014.
- 5(4) Iðgjaldskvittun Brunabótafélags Íslands fyrir Engjabrekku, tímabilið a-b 15.10.1936-15.10.1937.
- 5(5) Reikningur fyrir fermingu barns frá Engjabrekku vorið 1936, dags. 31.12.1936 a-b og reikningur vegna barnaveikisbólusetningu 5 barna á Engjabrekku, dags. 21.4.1936.
- 5(6) Yfirlit fjallskilakostnaðar 1935 fyrir Engjabrekku. a-b
- 5(7) Svarbréf / skýrsla hreppstjóra Þverárhrepps til Sýslumannsins í Húnavatnssýslu og Stjórnarráðs Íslands um kirkjueignir í umsjón hreppstjóra í Þverárhreppi. Umfjöllun um Engjabrekku, ásamt uppskrift. dags. 21.10.1920. Bréfabók hreppstjórans í Þverárhrepp. a-b
- 5(8) Bréf hreppstjóra Þverárhrepps til Stjórnarráðs Íslands þar sem hann leggur til að nýbýli það, sem komi til með að byggjast í Þorgrímsstaðaafreitt, verði nefnt Engjabrekka, ásamt uppskrift, dags. 14.4.1917. Bréfabók hreppstjórans í Þverárhrepp. a-b
- 5(9) Bréf hreppstjóra Þverárhrepps til Stjórnarráðs Íslands þar sem hann leggur til að land Þorgrímsstaðaafreittar verði tekið til ábúðar með leyfi Landssjóðs og með nánar tilteknum skilmálum, ásamt uppskrift, dags. 27.2.1917. Bréfabók hreppstjórans í Þverárhrepp. a-b
- 5(10) Skýrsla um ábúendur jarðeigna í Þverárhreppi árið 1935-1936, ásamt uppskrift, dags. 15.1.1936. Þverárhreppur sagður fara með ábúð á Engjabrekku. Framtals og skýrslabók fyrir Þverárhrepp í Húnavatnssýslu 1927. a-b
- 5(11) Skýrsla um búnaðarástand í Þverárhreppi og hlunnindi árið 1936, ásamt uppskrift, ódags. Þverárhreppur sagður fara með ábúð á Engjabrekku. Framtals og skýrslabók fyrir Þverárhrepp í Húnavatnssýslu 1927. a-b

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

- 6 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, dags. 13.11.2014.
- 7 7(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 4.3.2013.  
7(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 21.3.2013.  
7(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 29.4.2013.  
7(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 12.6.2013.  
7(5) Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 9.8.2013.  
7(6) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 26.9.2013.  
7(7) Fundargerð endurupptöku, dags. 9.12.2014.

**Lagt fram af málsaðilum:**

- 8 Yfirlitskort, mælikvarði 1:50.000 í A1. Mál nr. 4/2013. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 9.8.2013.

---

## Hliðsjónargögn:

### Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

- Ónr. Íslensk fornrit 1. bindi. Íslendingabók Landnámabók, síðari hluti, bls. 211-229.
- Ónr. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. I Húnavatnssýsla. Bókaútgáfan Norðri, bls. 11, 18, 29, 53, 54, 61, 67, 73, 74, 80, 85, 93, 101, 102, 103, 104, 136, 137, 139, 140, 142 og 165.
- Ónr. Húnaþing I. bindi. Húnavatnsspjng e. Halldór Jónsson, bls. 1, 3.
- Ónr. Húnaþing III. bindi, bls. 1- 2, 19-22, 111, 117, 123, 132-136, 173, 182-183, 194, 209 -214, 251, 257-262, 277, 314, 330, 338 og 341.
- Ónr. Árbók F.Í. 1958. Vestur-Húnavatnssýsla, eftir Jón Eyþórsson, bls. 104-107.
- Ónr. Árbók F.Í. 1962. Arnarvatnsheiði og Tvídægra, eftir Þorstein Þorsteinsson, bls. 120-121.
- Ónr. Árbók F.Í. 2007. Húnaþing eystra frá jökulum til ystu stranda, eftir Jón Torfason, bls. 48, 97, 219 og 224.
- Ónr. Göngur og réttir, III.b., Hnappadalssýsla – Húnavatnssýslur, bls. 142-143, 204-205, 218-219 og 268-269.
- Ónr. Göngur og réttir, IV.b., Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, vestanverð, bls. 36-41.
- Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 8. b., bls. 3-4, 6-8, 39-40, 48-53, 58, 59-64, 67-74, 131-134, 145-149, 151-153, 195-197, 228-231, 248-251, 276-277, 282-287, 291-292, 295-296, 330-334, 424-432 og 451-452.
- Ónr. Yfirlit Þjóðskjalasafns, ódags. Fyrirspurnir sýslumanna 1999 og afréttarskrár 1985.
- Ónr. Yfirliti Þjóðskjalasafns, ódags. Svör við fyrirspurnum félagsmálaráðuneytis 1999.
- Ónr. Yfirlit Þjóðskjalasafns, ódags. Svör hreppsstjóra.

### Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

- Ónr. Skýrslur í máli 4/2013 hjá óbyggðanefnd (10 blaðsíður, skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).

### Lagt fram af óbyggðanefnd til upplýsinga fyrir aðila:

- Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum, dags. 22.9.2011.
- Ónr. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013.
- Ónr. Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007, ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl gætu verið varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.
- Ónr. Útprintun af tölvupósti Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi gagnaöflun óbyggðanefndar. Ritað af tilefni greinar Einars Gunnars Péturssonar í Morgunblaðinu, dags. 5.6.2007: „Um vinnubrögð í þjóðlendumálum.“
- Ónr. Efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. „Heimildaskráning jarða“, fyrir Húnavatnssýslur og hluta Skagafjarðarsýslu.